



**SKOÐUN** Núna er íslenska krónan ekki fimm ára virði, skrifar Hjálmtýr Guðmundsson. **19**




**MENNING** Hin fimmtán ára Melkorka Davíðsdóttir Pitt leikur lykkihlutverk í Þjóðleikhúsinu. **50**



**SPORT** Landsliðsmaðurinn Kári Kristján Kristjánsson spilar með Bjerringbro-Silkeborg næsta vetur. **44**

**Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!**  
**93%**  
Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir 93% lesenda blaðanna



Prentmiðlökönun Capacent Gallup. 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu. Meðallestur á tölublað, okt.-des. 2012.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Fimmtudagur**

21. febrúar 2013  
44. tölublað 13. árgangur  
Sími: 512 5000

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\***

**FRÉTTIR**




**Kirkjustræti göngugata**

Gera á Kirkjustræti að göngugötu að mestu með rafrænni umferðarstýringu. Nýtt hús sem snýr að götunni verður látið kallast á við þau gömlu. **4**

**Skiptastjóri í mál við saksóknara** Sérstakur saksóknari neitar að afhenda skiptastjóra Milestone rannsóknargögn. Málið fer fyrir dóm. **2**

**Krónan líklegasta bitbeinið** Sjálfstæðismenn koma saman til 41. landsfundar í dag. Gjaldmiðilsmál verða þar ofarlega á baugi. **6**

**Má kosta 44 þúsund** Athugasemdir tollstjóra urðu til þess að breytingar voru gerðar á frumvarpi til tollalaga. Ákvæði um hámarksverðmæti staks hlutar var sett aftur í lögin. **10**



Bolungarvík	5°		S	7
Akureyri	5°		S	2
Egilsstaðir	6°		S	4
Kirkjubæjarkl.	5°		SA	5
Reykjavík	7°		SA	7

**Áfram milt** í dag má búast við SA strekkingi og súld sunnan- og vestantil. Í öðrum landshlutum verður hægari vindur og úrkomulítið. Milt í veðri. **4**

**2 SÉRBLÖÐ**

Krakkar | Fólk



**Síðustu dagar**

**15-50% afsláttur af ÖLLUM PÖTTUM & PÖNNUM**

**byggto og búio** Kringlunni

## Líf stjórnar í fárra höndum

Stjórnarliðar vilja afgreiða vantrauststillögu Þórs Saari strax í dag. Líf stjórnarinnar veltur einkum á afstöðu utanflokksmanna, Þráins Bertelssonar og flokkssystra Þórs. Steingrímur J. Sigfússon kallar tillöguna „vitleysu“.

**ALPINGI** Stjórnarliðar á þingi ætla að freista þess að koma vantrauststillögu Þórs Saari, þingmanns Hreyfingarinnar, á dagskrá strax í dag, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, í stað þess að bíða til þriðjudags eins og skilja mátti á Þór að stæði til.

Þór bar fram vantrauststillögu á ríkisstjórnina síðdegis og sagði ástæðuna vera þá að hún hefði heykst á afgreiðslu frumvarps að nýrri stjórnarskrá. Hann vill rjúfa þing og kjósa 13. apríl. Þangað til skuli starfsstjórn allra flokka fara með völd.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, sögðust í gær mundu styðja tillöguna og heimildir blaðsins herma að það sama eigi við um flokkssystkin þeirra.

Í fjarveru Róberts Marshall, Bjartri framtíð og áður Samfylkingunni, hefur ríkisstjórnin 31 þingmann. Einn þeirra, Þráinn Bertelsson í Vinstri grænum, sagði í viðtali við Vísi í gær að hann væri óákveðinn í málinu. Fyrir liggja orð hans um að stuðningur við ríkisstjórnina sé háður því hvernig ríkisstjórninni takist til með stjórnarskrármálið.

Því er ljóst að þingmenn utan flokka hafa líf ríkisstjórnarinnar í höndum sér. Í samtölum við Fréttablaðið sögðust Atli Gíslason og Jón Bjarnason ekki ætla að gefa upp afstöðu sína. Guðmundur Steingrímsson sagðist líklega mundu sitja hjá.

Flokkssystur Þórs, Birgitta Jónsdóttir og Margrét Tryggvadóttir, hafa ekki gert upp hug sinn en Margrét kvaðst í gærkvöldi

**AFSTAÐA ÞINGMANNA TIL VANTRAUSTS**

MEÐ 26	Á MÓTI 31	ÓRÁÐIN ATKVÆÐI 6
16	20	Atli Gíslason
9	11	Jón Bjarnason
1		Lilja Mósesdóttir
		Guðmundur Steingrímsson
		Margrét Tryggvadóttir
		Birgitta Jónsdóttir
		■ Björt framtíð ■ Hreyfingin ■ Utan flokka

frekar hallast að því að styðja tillöguna. Ekki náðist í Lilju Mósesdóttur í gærkvöldi.

Inntur eftir álitinu á tillögu Þórs í kvöldfréttum Rúv í gær sagði Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, vonast til að ekkert yrði úr málinu en lýsti þeirri skoðun sinni að um

„vitleysu“ væri að ræða þar sem kjörtímabilinu væri að ljúka.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði að ef stjórnarskrármálið væri ástæða vantrauststillögunar væri erfitt að skilja hvað Þór væri að hugsa því yrði hún samþykkt væri stjórnarskrármálið þar með úr sögunni. -shá, sh



**SIGURVEGARAR KVÖLDSINS** Ásgeir Trausti hlaut flest verðlaun á Íslensku tónlistarverðlaununum í gærkvöld. Hann átti bestu hljómplötuna, Dýrd í dauðabögn, var valinn bjartasta vonin, hlaut netverðlaun Tónlist.is og var kjörinn vinsælasti flytjandinn í netkosningu á tonlist.is. Retro Stefson hlaut þrenn verðlaun og Moses Hightower tvenn. Þá var Valdimar Guðmundsson valinn söngvari ársins og Andrea Gylfadóttir söngkona ársins.

Óvissa um stærð jarða:  
**Gangskör þarf í landamerkjum**

**JARÐAMÁL** Fæstar jarðir eru hnitsettar og uppmældar og því liggur sjaldnast fyrir nákvæm stærð þeirra og lega. Stuðst er við landamerkjabækur, margar frá 19. öld.

Magnús Leopoldsson fasteignasali, segir einhvern skurk hafa verið gerðan í þessu, til að mynda í vinnu óbyggðanefndar. Hún snúi hins vegar aðallega að hálandinu.



**MAGNÚS LEOPOLDSSON**

„Það eru þessi þinglýstu landamerki sem gilda, frá þessari þúfu í þessa, sjónhending í þennan stein. Það blívur.“ Galli sé hins vegar að þessu fylgi ekki hnit og stundum leiki vafi á því um hvaða landamerki sé verið að ræða. Þá þurfi að styðjast við handskrifuð landamerkjabréf, sem oft geti verið erfitt að lesa.“ -kóp / sjá síðu 16

Æ fleiri Íslendingar halda boð þar sem verðandi móður er komið á óvart:

## Steypiboð ryðja sér til rúms

**LÍFSSTÍLL** Steypiboð, eða „baby showers“, eru farin að ryðja sér til rúms hér á landi. Um bandaríska hefð er að ræða þar sem vinkonur verðandi móður halda óvænt boð fyrir hana áður en barnið kemur í heiminn. Bleyjukökur eru vinsælasta gjöfin í slíkum veislum vestanhafs en þær eru einnig fáanlegar hérlendis.

Vinkonur Karenar Kjartansdóttur, sem á von á fyrsta barni sínu í apríl, komu henni á óvart og slógu upp steypiboði fyrir hana. Hún segir boðið hafa tekist vel. „Stelpurnar voru til dæmis búnar að smyrja súkkulaði í þrjár bleyjur og ég átti að þefa af þeim og giska á hvaða súkkulaði væri í hvaða bleyju. Ég fékk síðan pakka fyrir hvert rétt svar og þar sem ég náði þeim öllum rétt fékk ég þrjár rosa flottar gjafir. Ætli þær séu þá ekki orðnar stikkfrí að gefa mér sængurgjafir þegar barnið kemur,“ segir Karen.

- trs / sjá síðu 40



Stelpurnar voru til dæmis búnar að smyrja súkkulaði í þrjár bleyjur og ég átti að þefa af þeim og giska á hvaða súkkulaði væri í hvaða bleyju.

Karen Kjartansdóttir verðandi móðir sem var haldið steypiboð.

Opið til **21** í kvöld

**Undur vísindanna**  
21. febrúar-6. mars

Smáralind

**SPURNING DAGSINS**



Sara, áttirðu von á að verða útnefnd leikkona ársnis?

„Ég ólst upp rétt hjá Árnasi, kannski hefur það eitthvað með það að gera.“

Sara Dögg Ásgeirsdóttir, útnefnd leikkona ársins í aðalhlutverki á Edduhátíðinni, er annar tveggja verðlaunahafa sem fengu Eddustyttu með misrituninni „ársnis“ í stað ársins.

Tólf Íslendingar eru í varðhaldi í Kaupmannahöfn eftir enn eitt smyglmálið:  
**Tveir Íslendingar í viðbót í haldi**

**LÖGREGLUMÁL** Tveir Íslendingar voru í vikunni úrskurðaðir í gæsluvarðhald í Kaupmannahöfn eftir að fimm og hálf kíló af amfetamíni fundust í geymslurými á aðalbrautarstöð borgarinnar. Alls eru nú tólf Íslendingar í haldi ytra vegna þriggja fíkniefnamála, auk eins Pólverja sem er búsettur hér á landi.

Mennirnir tveir eru á þrítugs- og fimmtugsaldri og eru báðir kunnugir lögreglu. Sá eldri er búsettur á Íslandi en sá yngri í Danmörku. Lögregla útilokar ekki að fíkniefnin



**KARL STEINAR VALSSON**

hafi verið á leið til Íslands.

Núu aðrir Íslendingar eru

í varðhaldi þar ytra vegna smyglis á samtals 61 kíló af amfetamíni til

Danmerkur og Íslendingur og Pólverji að auki vegna smyglis á 40 þúsund e-töflum sem talið er að hafi verið á leið til Íslands.

Karl Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar, sem hefur komið að öllum rannsóknunum, segir ástandið mjög óvenjulegt. „Íslendingar virðast hafa rekið mjög umfangsmikla brotastarfsemi í gegnum Kaupmannahöfn og við höfum lagt mikið á okkur við að höggva skörð í hana,“ segir hann. Það sé nú að skila árangri. -sh

Loftskammbýssa upptæk:  
**Óku bíl undir áhrifum efna**

**LÖGREGLUMÁL** Þrír karlar og ein kona milli tvítugs og þrítugs voru handtekin í umdæmi lögreglunnar á Suðurnesjum um helgina grunuð um akstur undir áhrifum fíkniefna.

Lögregla gerði leit á heimili eins mannsins, en þar voru ummerki um fíkniefnaneyslu. Gerð var upptæk loftskammbýssa.

Sýnatökur á lögreglustöð leiddu í ljós að fólkíð hafði neytt kannabísefna og einn ökuáðurinn kókains að auki. -óka



**FÍLL Á FERÐ** Tveir menn sinna erindum sínum á fílsbaki í höfuðborginni Nýju-Delhi.

Tamdir filar gegna margs konar hlutverki á Indlandi:

**Kraftmiklir í umferðinni**

**INDLAND** Á Indlandi er ekki óalgeng sjón að sjá fíla úti á götum innan um strætisvagna og aðrar bifreiðar.

Tamdir filar gegna þar margs konar hlutverki, allt frá því að vera notaðir í skrautsýningar til þess að bera þungar byrðar á götum stórborganna.

Auk þúsunda taminna fíla eru nærri 30 þúsund villtir filar á Indlandi. Stöðugt er reyndar þrengt að búsvæði þeirra viltu og ólögleg veiði ógnar jafnframt stofninum. Á hinn bóginn ógna villtu fílnir einnig íbúum í smærri þorpum og dreifbýli. Þeir fara stundum óðir um í hópum og eyðileggja uppskeru og eignir. -gb

Landsfundur um helgina:

**Björn Valur býður sig fram**

**STJÓRNMÁL** Björn Valur Gíslason þingmaður hyggst bjóða sig fram til varaformanns Vinstri grænna á landsfundinum hreyfingarinnar, sem hefst á morgun og stendur fram á sunnudag.

„Allar forsendur eru fyrir því að Vinstri græn nái góðum árangri í komandi kosningum og vil ég leggja mitt að mörkum til þess að svo verði,“ segir í yfirlýsingu hans frá í gær.

Björn Valur lenti í sjöunda sæti í forvali flokksins í Norð-austurkjördæmi fyrir næstu alþingiskosningar. -gb

Geðsjúkrahús í Danmörku:

**Of þungir fá ekki skyndibita**

**DANMÖRK** Yfirlæknir á geðsjúkrahúsinu Sikringen í Nykøbing á Sjálandi hefur bannað of þungum sjúklingum að borða skyndibita-fæði. Margir sjúklinganna eru of þungir, oft vegna aukaverkana lyfja. Yfirlæknirinn Susanne Møller-Madsen segir sjúklingana þungjast um 10 kg á ári.

Á vef Kristilega dagblaðsins er haft eftir fyrrverandi formanni vinnuhóps síðaráðsins um geðsjúkdóma, Lotte Hvas, að vilji menn banna skyndibitafæði eigi bannið að gilda fyrir alla, ekki bara fyrir þá sem eru of þungir. -ibs

**Skiptastjóri Milestone í mál við saksóknara**

Sérstakur saksóknari neitar að afhenda skiptastjóra Milestone öll rannsóknargögn sem tengjast fyrirtækinu. Skiptastjórinn telur að þau geti nýst honum í málaferlum gegn Wernersbörnum og öðrum. Hann hefur því stefnt saksóknara fyrir dóm.

**DÓMSMÁL** Skiptastjóri þrotabús Milestone hefur höfðað mál á hendur embætti Sérstaks saksóknara í því skyni að fá afhent gögn úr rannsóknnum tengdum félaginu.

Saksóknari hefur neitað að afhenda gögnin, sem skiptastjórinn telur að geti nýst honum við eigin málarekstur.

Skiptastjórinn, Grímur Sigurðsson, hefur staðið í margvíslegum málaferlum gegn fyrrverandi stjórnendum Milestone og félögum þeim tengdum. Hann hefur höfðað um tug mála, meðal annars gegn Wernersbörnunum Karli, Steingrími og Ingunni, til að freista þess að fá hinum og þessum gerningum og greiðslum rift. Í þeim málum eru milljarðar króna undir.

Til að liðka fyrir sér í rekstri málanna og undirbyggja þau betur fór Grímur fram á það við sérstakan saksóknara að hann fengi afhent öll gögn úr sakamálarannsóknnum sem tengdust Milestone – ekki bara þau sem lagt var hald á í húsleitum hjá Milestone og þegar hafa verið afhent, heldur einnig afrit af skýrslutökum, tölvupóst, samantektir rannsakenda og hvaðeina annað sem aflað hefur verið við rannsóknirnar.

Hann vísaði í 82. grein gjaldþrotalaga, sem kveður meðal annars á um að opinberum stofnunum sé „skýlt að veita skiptastjóra þær upplýsingar og láta honum í té þau gögn um málefni búsisins sem hann krefst“.

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, segir að ágreiningurinn standi um það hversu vítt beri að túlka þetta ákvæði. „Við höfum litið svo á að þetta ákvæði í gjaldþrotalögum eigi ekki við um gögn sakamála,“ segir hann.

„Ég held að það sé ágætt að menn fái hreinar línur í þetta og að réttaróvissunni

verði eytt, sérstaklega eftir málið sem kom upp varðandi mennina sem voru kærðir hér,“ bætir Ólafur við, með vísan til máls Jóns Óttars Ólafssonar og Guðmundar Hauks Gunnarssonar, sem voru kærðir fyrir að selja til þrotabús Milestone upplýsingar sem þeir öfluðu sér í störfum sínum hjá Sérstökum saksóknara. Málið var látið niður falla.

**Mikilvægir vitnisburðir**

Drjúgur hluti málsvarnarinnar í Vafningsmálinu snerist um að Milestone hafi staðið mjög höllum fæti í ársbyrjun 2008 og hafi nauðsynlega þurft tíu milljarða lán frá Glitni til að mæta gjalddaga láns og forðast gjaldprot. Þetta kom meðal annars fram í vitnisburði fyrrverandi starfsmanna og stjórnenda félagsins.

Helsta röksemd Gríms skiptastjóra í riftunarmálinum er einmitt sú að Milestone hafi verið orðið ógjaldfært í árslok 2007 og ætla má að vitnisburður stjórnenda félagsins og önnur gögn í svipaða veru gætu styrkt málstað hans.

Grímur vill ekki tjá sig um málið. „Það verður bara afgreitt fyrir dómstólum,“ segir hann.

stigur@frettabladid.is



HEIMSENDINGAR UM ALLT LAND

**Lækkaðu lyfjakostnaðinn**

SUÐURLANDSBRAUT 22  
SÍMI 533 6100  
LYFJAVER.IS

**LYFJAVER**

APÓTEK + LYFJASKÜMMTUN

Opið mán-fös 8.30-18 og lau 10-14

Lokadrög að ættleiðingasamningi voru send til Rússlands fyrir helgina:

**Ættleitt frá Rússlandi á næstunni**

**SAMFÉLAGSMÁL** Lokadrög að samningi um ættleiðingar milli Íslands og Rússlands hafa verið send til rússneskra yfirvalda. Íslensk ættleiðing gerir því ráð fyrir því að á næstu vikum verði samningurinn undirritaður og ættleiðingar hingað til lands geti hafist.

Unnið hefur verið að ættleiðingasambandi við Rússland í rúm þrjú ár, en þá óskaði stjórn Íslenskrar ættleiðingar eftir því við íslensk stjórnvöld að þau sendu formlega beiðni til Rússa um ættleiðingasamband. Í lok árs 2011 funduðu Sergei Lavrov og Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherrar ríkjanna, og þá sagði Lavrov að Rússar væru reiðubúnir til að gera samning.

„Mikil vinna hefur verið lögð í það í ráðuneytum innanríkis- og utanríkis á Íslandi að rita samning sem fer vel að lögum beggja landanna,“ segir í frétt á síðu Íslenskrar ættleiðingar, en Elín Henriksen hefur séð um samninginn fyrir hönd félagsins.

Unnið hefur verið að þýðingu og endurríttun á samningsdrögum undanfarið og síðastliðinn föstudag voru þau send til Rússlands. „Við höfum ástæðu til að ætla að á næstu vikum fáum við



**BARN** Stutt er í að samningur milli Íslands og Rússlands um ættleiðingar verði undirritaður.

fulltrúa rússneska ríkisins í heimsofn til landsins til að undirrita samninginn.“ -jeb

# DEWALT

# HÖRKUTÓL

## á heima hjá Sindra



10,8V Hleðsluborvél  
Patróna 10mm  
LED Ljós  
Rafhlaða: 2 x 1,5Ah Li-Ion  
Þyngd: 1,1Kg  
Gírar: 2

**KR. 29.900.-**



18V Hleðsluborvél  
Patróna: 13 mm  
Rafhlaða: 2 \* 4,0 Ah Li-Ion  
Hersla: 60 Nm  
Þyngd: 1,84 kg  
Gírar: 2  
Led ljós

**KR. 59.900.-**



18V Hleðsluborvél  
Patróna 13mm  
Rafhliður 2 \* 4,0 Ah Li-Ion  
Led ljós  
Hersla: 80 Nm  
Þyngd 2,4 kg  
Gírar: 3

**KR. 78.900.-**

3 Línu laser  
Sjálfstillandi  
Þyngd: 0,8kg  
4 x AA rafhlöður  
Nákvæmni  
+/- 0,3mm/m  
Sterk taska fylgir



**KR. 79.900.-**

Slípirokkur  
Afl : 850 W  
Skífur : 125mm  
Sn/mín : 10.000  
Þyngd : 2,1 kg



**KR. 13.900.-**

2 línu laser  
Sá allra vinsælasti.  
Virkar núna á  
móttakara  
Þyngd: 0,46kg  
3 x AA rafhlöður  
Veggfesting  
Nákvæmni +/- 0,3m



**KR. 39.900.-**

Högborvél  
Afl: 650W  
Kraftur: 2,4j  
sn/mín: 0-1550  
Þyngd: 2,3 kg



**KR. 28.900.-**

Veltisög  
Afl: 2000 W  
sn/mín : 2850  
Blað : 250mm  
Þyngd: 37kg



**KR. 119.900.-**

Hleðsluútlarp  
Hleður 7,2-18V Li-Ion  
Tengi fyrir  
MP3+CD  
USB Hleðsla



**KR. 45.900.-**

# SINDRI

Viðarhöfði 6 - Reykjavík | Bæjarhraun 12 - Hafnarfirði

www.sindri.is | sími 575 0000



# TOPPBÍLAR

## Tilboðsdagar

1.990.000 kr.



TOYOTA Previa 7 manna. Árg. 2006  
Ekinn 177.000 km. bensín, sjálfskiptur.  
Verð 2.490.000. **TILBOÐ 1.990.000 kr.**  
Rnr.371115.

1.590.000 kr.



MMC Outlander comfort. Árg. 2007  
Ekinn 69.000 km. bensín, sjálfskiptur.  
Verð 2.190.000. **TILBOÐ 1.590.000 kr.**  
Rnr.285845.

1.390.000 kr.



VW Passat highline. Árg. 2005  
Ekinn 61.000 km. bensín, sjálfskiptur.  
Verð 1.890.000. **TILBOÐ 1.390.000 kr.**  
Rnr.370897.

890.000 kr.



TOYOTA Yaris. Árg. 2005  
Ekinn 102.000 km. bensín, sjálfskiptur.  
Verð 1.150.000. **TILBOÐ 890.000 kr.**  
Rnr.371016.

790.000 kr.



TOYOTA Rav4 langur 4wd. Árg. 2002  
Ekinn 159.000 km. bensín, sjálfskiptur.  
Verð 990.000. **TILBOÐ 790.000 kr.**  
Rnr.370957.

2.290.000 kr.



TOYOTA LC 120 gx "33". Árg. 2004  
Ekinn 144.000 km. bensín, sjálfskiptur.  
Verð 2.890.000. **TILBOÐ 2.290.000 kr.**  
Rnr.370839.

790.000 kr.



TOYOTA Corolla 1.4 vti. Árg. 2005  
Ekinn 160.000 km. bensín, 5 gírar.  
Verð 1.090.000. **TILBOÐ 790.000 kr.**  
Rnr.371047.

1.690.000 kr.



LEXUS Is200 sport. Árg. 2005  
Ekinn 77.000 km. bensín, sjálfskiptur.  
Verð 1.890.000. **TILBOÐ 1.690.000 kr.**  
Rnr.285803.

3.190.000 kr.



TOYOTA LC 120 vx 33". Árg. 2005  
Ekinn 220.000 km. dísel, sjálfskiptur.  
Verð 3.890.000. **TILBOÐ 3.190.000 kr.**  
Rnr.334190.

2.790.000 kr.



TOYOTA LC 120 gx 33". Árg. 2004  
Ekinn 194.000 km. dísel, sjálfskiptur.  
Verð 3.290.000. **TILBOÐ 2.790.000 kr.**  
Rnr.370862.

1.390.000 kr.



VOLVO V50 1,8 16v Árg. 2005  
Ekinn 99.000 km. bensín, 5 gírar.  
Verð 1.750.000. **TILBOÐ 1.390.000 kr.**  
Rnr.371054.

3.890.000 kr.



TOYOTA Land Cruiser 120 gx. Árg. 2006  
Ekinn 180.000 km. dísel, sjálfskiptur.  
Verð 4.390.000. **TILBOÐ 3.890.000 kr.**  
Rnr.371097.

2.990.000 kr.



VOLVO XC90. Árg. 2005  
Ekinn 127.000 km. bensín, sjálfskiptur.  
Verð 3.490.000. **TILBOÐ 2.990.000 kr.**  
Rnr.285811.

990.000 kr.



TOYOTA Rav4 langur 4wd. Árg. 2005  
Ekinn 118.000 km. bensín, sjálfskiptur.  
Verð 1.750.000. **TILBOÐ 1.550.000 kr.**  
Rnr.335133.

1.190.000 kr.



M.BENZ C 200 kompr. Árg. 2002  
Ekinn 152.000 km. bensín, sjálfskiptur.  
Verð 1.690.000. **TILBOÐ 1.190.000 kr.**  
Rnr.370769.

1.990.000 kr.



MAZDA Speed 3. Árg. 2007  
Ekinn 82.000 km. bensín, 6 gírar.  
Verð 2.890.000. **TILBOÐ 1.990.000 kr.**  
Rnr.370826.

2.990.000 kr.



FORD F150 supercr. ss 4x4. Árg. 2008  
Ekinn 92.000 km. bensín, sjálfskiptur.  
Verð 3.490.000. **TILBOÐ 2.990.000 kr.**  
Rnr.370865.

1.090.000 kr.



TOYOTA Yaris 1300. Árg. 2007  
Ekinn 127.000 km. bensín, 5 gírar.  
Verð 1.390.000. **TILBOÐ 1.090.000 kr.**  
Rnr.371013.

1.490.000 kr.



AUDI S4. Árg. 2001  
Ekinn 58.000 mílur, bensín, sjálfskiptur.  
Verð 2.190.000. **TILBOÐ 1.490.000 kr.**  
Rnr.284794.

3.490.000 kr.



TOYOTA LC 120 gx. Árg. 2006  
Ekinn 211.000 km. dísel, sjálfskiptur.  
Verð 3.990.000. **TILBOÐ 3.490.000 kr.**  
Rnr.335204.



Tóbiás Sveinbjörnsson  
Beinn sími: 587 2050



Agnar Þórisson  
Beinn sími: 587 2054



Hafsteinn Vilbergsson  
Beinn sími: 587 2051

ergo

Reiknaðu með okkur

Afgreiðslutími: mán - fös 10 - 18 og lau 12 - 16

TOPPBÍLAR

Kletthálsi 2 / 110 Reykjavík / Sími: 587 2000 / [www.toppbilar.is](http://www.toppbilar.is)

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hver mun líklega leika aðalhlutverk í næstu mynd Baltasars Kormáks?
2. Hvaða ríki hefur nú sótt um aðild að evrusvæðinu?
3. Í hvaða sæti er Gunnar Nelson á styrkleikalista í veltivigt í MMA?

SVÖR:

1. Christian Bale 2. Lettland 3. 20. sæti

Borgarstjóri segir hasstaði í Denver dæmi um hugmyndir í skapandi borg:

## Tekin var „hugrökk ákvörðun“

**STJÓRN MÁL** Hasstaðir í Denver í Bandaríkjunum eru dæmi um það sem hægt væri að láta sér detta í hug í skapandi borg, sagði Jón Gnarr borgarstjóri í umræðum um aðalskipulag Reykjavíkur í borgarstjórn á þriðjudag.

Jón sagði að í Denver hefði has verið lögleitt í fyrria á læknisfræðilegum forsendum. „Það gerðist bara á nokkrum mánuðum að það voru komnir fleiri svona hasssölustaðir heldur en eru Starbucks,“ sagði borgarstjórinn og

vísaði í fréttaskýringabáttinn 60 Minutes.

„Það var mjög athyglisvert, og ég er ekki að segja að við ættum að gera það sama. En það sem hefur gerst [...] með þessu er að þetta hefur skapað gríðarlega mikil atvinnutækifæri sem voru ekki til staðar áður.“

Þá sagði Jón þetta vera þvílíka „lyftistöng“ fyrir Denver að bandarísk stjórnvöld væru hikandi við eða þorðu ekki að skipta sér af málinu því allir væru svo

gríðarlega ánægðir. „Þarna hefur bara verið tekin einhver hugrökk ákvörðun og menn bara látið slag standa. Hvort sem það er rétt eða rangt, menn mega síðan deila um það, en ég tek þetta bara sem dæmi,“ sagði borgarstjóri.

Jón hefur verið gagnrýndur fyrir þessi orð, meðal annars á þeim grundvelli að þau gangi gegn forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar í fíkniefnamálum. Ekki fékkst samtal við borgarstjóra vegna þessa máls í gær.



**JÓN GNARR** Ummæli borgarstjóra um hasstaði sem lyftistöng í atvinnulífnum í Denver eru gagnrýnd. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**HJÓÐLEIKHÚSIÐ**  
AÐALLUTER  
**HILMI SNÆR**  
LEIÐSTJÓRN  
**GUÐJÓN PETERSEN**  
**FYRIRHEITNA LANDIÐ**  
FRUMSÝNT 23. FEBRÚAR

## Krónan líklegust til að verða að bitbeini

Fertugasti og fyrsti landsfundur Sjálfstæðisflokksins hefst í dag og stendur í fjóra daga. Fyrir fram er líklegast talið að gjaldmiðilmál verði málefnið sem hvað harðast verði tekist á um. Ekki er vitað til þess að formaðurinn fái mótframboð.

## FRÉTTASKÝRING

Um hvað verður bitist á landsfundi sjálfstæðismanna?

Gjaldmiðilmál eru talin líklegust til að vera vettvangur átaka á landsfundi Sjálfstæðisflokksins sem hefst í dag í Laugardalshöll í Reykjavík. Sátt virðist um að efna beri til þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhald viðræðna við Evrópusambandið (ESB).

Í tillögum efnahagsnefndar Sjálfstæðisflokksins til landsfundar er því haldið fram að króna í höftum geti ekki verið framtíðargjaldmiðill þjóðarinnar. Í tillögum er sagt að til að losna við gjaldeyrishöft þurfi að hefjast handa við undirbúning um að taka alþjóðlega mynt í notkun.

Tillögurnar hafa valdið ákveðnum styr innan flokksins og mun hafa verið þrýst á nefndina að breyta þeim. Þykir sumum innan flokksins sem afstaða nefndarinnar í að lýsa frati á krónuna sé fullbrött. Þannig er í undirbúningi að minnsta kosti ein breytingatillaga vegna þessa. Þannig segist Vilhjálmur Bjarnason, lektor og fjárfestir, sem auk hagfræðinganna Oddgeirs Ottesen og Ólafs Klemenssonar leggur fram breytingatillögu, biðja menn um að gæta hófs í því að tala um Kanadadollar og aðrar myntir. „Menn verða að minnsta kosti að rökstyðja það aðeins betur fyrir mig,“ segir hann, en telur þó tæpast að þetta verði mikið deilufni.

Heimildir blaðsins herma hins vegar að Evrópumál séu ólíkleg til að verða ásteytingarsteinn á landsfundinum. Bæði fylgismenn og andstæðingar aðildarviðræðna geti sætt sig við að viðræð-



**Á LANDSFUNDI** Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, í pontu á landsfundi árið 2011. Árið áður bauð Pétur Blöndal sig óvænt fram gegn sitjandi formanni. Í fyrria laut svo Hanna Birna Kristjánsdóttir í lægra haldi fyrir Bjarna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

urnar verði lagðar til hliðar þar til þjóðaratkvæðagreiðsla hefur farið fram um framhald þeirra. Helst að tekist verði á um tíma- setningu slíkrar atkvæðagreiðslu. Þannig munu stuðningsmenn viðræðna sjá á lofti jákvæð teikn í Evrópu sem styðja muni málflutning þeirra þegar fram í sækir, svo sem breytingar á sjávarútvegsstefnu, jákvæðar breytingar sem Bretar standi fyrir og viðræður um fríverslunarsamning Evrópusambandsins og Bandaríkjanna.

Þá er talið mögulegt að tekist verði á um skipulagsreglur flokksins, sem breytt var nokkuð á síðasta landsfundi. Breytingarnar

sneru að því hvernig skipað væri í nefndir. Það önnuðust áður stofnanir flokksins, en nú er kosið í nefndir á landsfundi og skiptar skoðanir um hvernig til hafi tekist með breytingunni.

Fyrir fram er ekki búist við átökum um forystu flokksins. Ekki er vitað til þess að nokkur ætli að bjóða sig fram á móti sitjandi formanni. Hanna Birna Kristjánsdóttir býður sig fram til varaformanns.

Dæmi eru hins vegar um frá fyrri tíð að framboð hafi komið fram á landsfundinum sjálfum og því aldrei að vita hvað verður.

olikk@frettabladid.is

ICESAVE MÁLIÐ  
MÁLFLUTNINGUR  
OG NIÐURSTAÐA

Morgunverðarfundur föstudaginn  
22. febrúar kl. 8 - 9:30 á Hótel Sögu  
Radisson Blu. (Katla á annarri hæð).



**Jóhannes Karl Sveinsson hrl.**  
hjá Landslögum hf. reifar  
málflutning og niðurstöðu  
í Icesave málinu.



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
LAGASTOFNUN  
VIÐSKIPTAFRÆÐIÐEILD

Samtök  
fjárfesta  
hluthafar.is



Vissir þú að...  
Börn eiga rétt á læknisáðstoð  
og heilbrigðisþjónustu.

ESA fer fram á rannsókn á kjötvörum og lyfjaleit í hrossakjöti til manneldis:

## Leita að fenýlbútasóni í kjöti

**HEILBRIGÐISMÁL** Staða mála varðandi ólöglega notkun og merkingu hrossakjöts í kjötvörum verður könnuð hér sérstaklega að beiðni ESA, eftirlitsstofnunar EFTA.

Fundað verður vegna málsins í dag í ráðgjafanefnd EFTA um dýraheilbrigðismál (EFTA Veterinary and Phytosanitary Committee).

„Á fundinum mun ESA ræða stöðu mála í Noregi og Íslandi og leggja fram samræmda áætlun til að kanna hvort ólögleg starfsemi og vörusvik hafi átt sér stað,“ segir í tilkynningu sem eftirlitsstofnunin sendi frá sér í gær. „Vinna samkvæmt áætluninni tekur einn mánuð en verður hugsanlega framlengd um tvo mánuði.“

Kanna á hvort ómerkt hrossakjöt sé að finna í matvörum, en sú rannsókn snýr fyrst og fremst að verslunum og hvort vörur í neytendaumbúðum, markaðssettar sem nautakjöt, innihaldi hrossakjöt. Þá á að huga að því hvort finna megi lyfjaleifar fenýlbútasóns, sem er bólgueyðandi dýralyf, í hrossakjöti sem ætlað er til manneldis. „Til rannsókna verður tekið



**HROSS** Niðurstöður rannsókna á hrossakjöti hér og í Noregi verða aðgengilegar yfirvöldum EES-landa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

eitt síni fyrir hver 50 tonn af hrossakjöti sem ætlað er til manneldis.“

Sambærileg skoðun fer fram í Noregi. Löndin gera ESA síðan grein fyrir niðurstöðunum.

- óka

# TAX FREE

# DAGAR

**NÝJAR VÖRUR!**

**AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT\*  
AF ÖLLUM FATNAÐI OG SKÓM  
21.-24. FEBRÚAR.**



\*Jafngildir 20,32% verðlækkun. Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups. Tilboðin gilda út sunnudaginn 24. febrúar.

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð

# MINNA ELDSNEYTI NÝIR SPARNEYTNIR BÍLAR

BL

**VINSÆLASTI  
SPORTJEPPINN**  
Samkv. Umferðarstofu 2012

**NISSAN QASHQAI – 4x4**

Dísil, beinskiptur. Verð 5.090 þús. kr.

 Eyðsla:  
**4,6 l/100 km\***
**SKYNSAMLEG  
KAUP**  
Hrikalega gott verð

**DACIA DUSTER – 4x4**

Dísil, beinskiptur. Verð 4.090 þús. kr.

 Eyðsla:  
**5,1 l/100 km\***
**GLÆSILEGUR  
AUKABÚNAÐUR**  
M.a. íslenskur leiðsögubúnaður

**RENAULT CLIO** Expression ECO

1,5 dísil, beinskiptur. Verð 2.890 þús. kr.

 Eyðsla:  
**3,4 l/100 km\***
**SPARNEYTINN  
SUBARU**  
Ný vél, aukinn bensinsparnaður

**SUBARU XV – 4x4**

Bensín, sjálfskiptur. Verð 5.590 þús. kr.

 Eyðsla:  
**6,6 l/100 km\***


 Bilahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bíllás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala  
 Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070

BL Sævarhófa 2 110 Reykjavík 525 8000



Tilbúið frumvarp fer inn í ráðuneytið og bíður næsta kjörtímabils:

## Engin staðganga á þessu þingi

**SAMFÉLAGSMÁL** Búist er við því að frumvarp sem heimilar staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni verði tilbúið innan nokkurra vikna.

Anna Sigrún Baldursdóttir, aðstoðarmaður Guðbjarts Hannessonar velferðarráðherra, segir ljóst að ekkert verði úr málinu á þessu þingi. Vinna starfshópsins sem semur frumvarpið mun þó halda áfram, frumvarpið mun koma inn í velferðarráðuneytið þegar það er tilbúið og mun bíða meðferðar næsta þings eftir kosningar.

Kristrún Heimisdóttir, lektor í lögfræði, Hrefna Friðriksdóttir, lektor í lögfræði, og Sigurður Kristinsson, siðfræðingur og forseti hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri, skipa starfshópinn sem undan-


**KRISTRÚN  
HEIMISDÓTTIR**

farna mánuði hefur unnið að gerð frumvarpsins. Alþingi samþykkti í janúar í fyrra þingsályktunartillögu um skipan starfshópsins, sem fékk það hlutverk að semja frumvarp sem heimilar staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni. Leggja átti frumvarpið fyrir eins fljótt og hægt væri.

Drög að ályktun fyrir landsfund Vinstri grænna, sem haldinn verður um helgina, fjallar um málið. Þar er lagt til að flokkurinn leggist gegn staðgöngumæðrun. -þeb



**LANDSNETI Í GÆR** Þórður Guðmundsson, forstjóri Landsnets (til hægri), kynnti beiðni fyrirtækisins á blaðamannafundi í höfuðstöðvum fyrirtækisins í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Krefjast eignarnáms vegna háspennulínu

Landsnet hefur óskað eftir því að atvinnuvegaráðherra heimili eignarnám á jörðum á Reykjanesi svo reisa megi nýja háspennulínu. Landsnet hefur gefist upp á því að ná samningum við nokkra landeigendur en telur framkvæmdina brýna.

**STJÓRNSÝSLA** Landsnet sendi í gær beiðni til atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra þess efnis að tiltekin landsvæði á Reykjanesi verði tekin eignarnámi. Viðkomandi landeigendur hafa staðið í vegi fyrir því að framkvæmdir hefjist við nýja háspennulínu sem Landsnet telur afar brýnt að verði reist.

„Þetta er ferli sem hefur staðið yfir í um það bil sjö ár. Við teljum að við séum komin að endalokum þess að geta tekist á við þetta mál með þeim möguleikum sem við höfum stjórn á,“ sagði Þórður Guðmundsson, forstjóri Landsnets, á blaðamannafundi vegna málsins í gær.

Á fundinum kom fram að Landsnet telur brýnt hagsmunamál fyrir íbúa og atvinnulíf á Reykjanesi að línan verði reist enda sé mikið álag á eldri línu sem sé þar að auki eina tenging Suðurnesja við meginflutningskerfi Landsnets. Þá telur fyrirtækið sig ekki geta tryggt öryggi og rekstur flutningskerfis raforku á Reykjanesi án línunnar.

Umhverfisáhrif af ráðgerðum framkvæmdum við línuna hafa þegar verið metin og þá er framkvæmdin á aðalskipulagi allra sveitarfélaga á svæðinu. Til stendur að línan liggi um eignarlönd tuttugu jarða. Hafa samningar tekist við eigendur ellefu jarða auk þess sem viðræður standa enn yfir við eigendur tveggja til viðbótar.

Landsnet telur sig hins vegar ekki geta náð samningum við eigendur þeirra jarða sem út af

standa. Ágreiningur við þá snúi ekki að verði fyrir jarðskikana heldur sé hluti þeirra ósáttur við línustæðið og annar hluti við að línan sé ekki lögð í jörðu.

Þórður segir að Landsnet geti ekki tekið ákvörðun um að framvegis verði háspennulínur lagðar í jörðu, slíka ákvörðun þurfi stjórnvöld að taka. Þá segir hann að enda þótt framkvæmdin kunnist rekast á við hagsmuni landeigenda beri að heimila eignarnámið í þágu almannahagsmuna. Loks tekur Þórður fram að háspennulínan tengist ekki hugmyndum um stóriðjuframkvæmdir á Reykjanesi.


Verði jarðirnar sem um ræðir teknar eignarnámi er áætlað að framkvæmdir hefjist í sumar. Sá tímarámi gerir hins vegar ráð fyrir því að skamman tími taki að bregðast við eignarnámsbeiðni Landsnets.

Til stendur að háspennulínan muni að mestu leyti fylgja eldri háspennulínu sem liggur á lengstum kafla rétt sunnan við Reykjanesbrautina.

magnusl@frettabladid.is

### Fordæmi fyrir eignarnámi

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Landsnet fer fram á að ráðherra gefi heimild fyrir eignarnámi. Árið 2005 heimilaði iðnaðarráðuneytið að þrjár jarðir á Héraði yrðu teknar eignarnámi vegna lagningar Fljótsdalslína 3 og 4 en um þær fer rafmagn frá Kárahnjúkavirkjun til álversins í Reyðarfirði. Þá hafði Landsnet að vísu farið fram á eignarnám á fimm jörðum en beiðninni var synjað vegna tveggja þeirra þar sem ekki þótt synt að samningar hefðu verið fullreyndir. Náðust samningar í kjölfarið. Þá samþykkti iðnaðarráðuneytið sömuleiðis eignarnám á jörð þegar reisa átti háspennulínu milli Nesjavalla og Reykjavíkur.





# DEBENHAMS

Gerðu  
lífið  
skemmtilegra



**20%**  
AFSLÁTTUR  
af af öllum  
ESPRIT vörum

Gildir út sunnudag

Frí ráðgjöf hjá stílista  
Bókaðu tíma í síma  
522 8010 eða hjá  
astrid@debenhams.is

Opið í kvöld til 21:00

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

 Finndu okkur á facebook

## Purfa í próf fyrir vinnu á sólbaðsstofu

Frá og með næstu áramótum verða starfsmenn sólbaðsstofa í Noregi að gangast undir sérstakt próf. Starfsmennirnir eiga að geta metið húðgerð viðskiptavinnanna. Þeir eiga að geta ráðlagt viðskiptavinum um hæfilega lengd tímans á ljósabekknunum og tíðni sólbaðanna. Jafnframt eiga starfsmenn að meta hvort húð viðskiptavina sé of ljós fyrir lampa á sólbaðsstofu. Samtök eigenda sólbaðsstofa segja þessar nýju reglur alltof strangar. Það verði of dýrt að hafa alltaf menntað starfsfólk á vakt. Í fyrra var einstaklingum undir 18 ára aldri í Noregi bannað að sækja sólbaðsstofur.

## GÓÐ HÚSRÁÐ SKÍTUGIR LEGÓKUBBAR

### Settu kubbana í nælon

Þegar búið er að leika með legókubba svo mánuðum skiptir er ekkert ólíklegt að þeir verði skítugir og að þar leynist kexafgangar og annað matarkyns sem tilheyrir að maula með kubbaleik.

Það er gott húsráð að setja kubbana í gamlar nælonsokkabuxur, koddaver eða annað sem þolir þvott. Svo má setja kubbana inni í þessu í þvottavél á hægri og góðri stillingu, og ekki meira en þrjátíu gráðu hita.



# Bættu hámarkinu aftur inn eftir athugasemdir tollstjóra

Ákvæði um hámarksverðmæti einstaks hlutar til tollfrelsis við komu til landsins, var tekið út en sett aftur inn í frumvarp á lokaspretti fyrir jólafrí. Hámark fyrir einn hlut verður 44.000 krónur við gildistöku laganna.

Tollalög sem voru samþykkt á þingi fyrir jólafrí og taka gildi um næstu mánaðamót fela enn í sér hámarksverðmæti fyrir stakan hlut sem ferðamenn taka með sér tollfrjálst til landsins. Það er þrátt fyrir að á fyrri stigum málsins hafi þess verið sérstaklega getið að slíks væri ekki þörf. Frumvarpið var samþykkt á lokaspretti fyrir jólafrí þingsins.

Fréttablaðið tók málið til umfjöllunar fyrr í vetur og vakti athygli á því að ákvæði tollalaga um verðmæti tollfrjáls varnings hefðu ekki breyst í samræmi við gengisþróun. Í kjölfar þess var málið tekið upp í efnahags- og viðskiptanefnd þar sem meirihlutinn lagði til í álitinu sínu hinn 19. desember að fjárhæðarviðmið vegna tollfrjáls innflutnings myndi hækka úr 65.000 krónum upp í 88.000 og hámark á verðmæti staks hlutar, sem áður var 32.500, yrði afnumið. Taldi meirihlutinn „ekki þörf á að hafa sérstök mörk fyrir verðmæti einstaks hlutar“.

Þannig hélt málið í gegnum aðra umræðu á þingi. Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar og formaður efnahags- og viðskiptanefndar, kom hins vegar fram með breytingartillögu fyrir þriðju umræðu, sem fór fram eftir miðnætti sama dag, þar sem leyfilegt verðmæti er hækkað fyrir fyrr-

nefnda hópa, en almennt hámarksverðmæti einstaks hlutar tekið inn á ný og þá að upphæð 44.000 krónur. Frumvarpið var samþykkt og þingi var frestað daginn eftir.

Ekki náðist í Helga við vinnslu fréttarinnar, en Magnús Orri Schram, samflokkssmaður hans sem situr einnig í nefndinni, sagði spurður að breytingin hefði átt sér skamman aðdraganda.

„Tollstjóraembættið áleit að brottfall hámarks á verðmæti einstaks hlutar úr lögum gæti leitt til óskýrleika í framkvæmd. Því var ákveðið að færa mörkin aftur inn, en það var hins vegar ákveðið að breyta ákvæðinu við næstu endurskoðun laganna.“

Inntur eftir því hvenær af því gæti orðið sagði Magnús það óvíst, en stefnt væri að því að það yrði á yfirstandandi þingi.

Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokks og fulltrúi í efnahags- og viðskiptanefnd, deilir bæði á málið sjálft og meðferð þess.

„Það segir sig alveg sjálft að hámarksverð fyrir stakan hlut er kjánalegt, en þetta er enn ein staðfestingin um að við þurfum að breyta vinnubrögðum í þinginu, því að það er ekki skynsamlegt að vera að vinna svona mál í tímaþröng um miðjar nætur.“

thorgils@frettabladid.is



**RAUÐA EÐA GRÆNA HLIÐIÐ?** Eftir að ný tollalög taka gildi um næstu mánaðamót verður leyfilegt að taka með sér að utan tollfrjálsan varning að upphæð 88.000 krónur, en hver hlutur má ekki kosta meira en 44.000. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## HÁMARKIÐ AFTUR SETT INN

	Núgildandi lög	Frumvarpið fram á síðasta dag	Samþykkt lög (frá 1. mars)
Hámarksverðmæti	62.500	88.000	88.000
Hámarksverðmæti staks hlutar	32.500	Ekki tiltekið	44.000



## Bílaleigubílar í minnsta flokki á vegum tryggingafélaga

Bílaleigubílar sem tryggingafélög útvega á meðan bíll tryggingataka er í viðgerð eru yfirleitt í minnsta flokki, samkvæmt upplýsingum frá TM, VÍS og SJÓVÁ. Telji tryggingataki sig þurfa bílaleigubíl í sömu stærð og hans eigin er þörfin metin í hvert sinn, bæði vegna fjölskylduástæðna og starfs. Þurfi viðkomandi að fara yfir fjallveg til þess að komast í vinnu getur hann til dæmis fengið fjórhjóladrifinn bíl. Þarfrá vegna aksturs í sjálfu starfinu eru sagðar metnar í hverju tilviki. Sé fjölskyldan stór og ef tryggingataki þarf á jafnstórum bíl og sínum eigin vegna fötlunar er tekið tillit til þess. Meti tryggingafélagið að viðskiptavinurinn þurfi einungis lítinn bíl getur hann greitt mismuninn á leigu lítils og stórs bíls sætti hann sig ekki við lítinn bílaleigubíl.

## NEYTANDINN REYNIR ÞÓR EGGERTSSON Á vídeospólur, bækur og föt

„Bestu kaupin eru sennilega bolur sem ég keypti í Kaupmannahöfn árið 2002 og kostaði sennilega 200 krónur danskar. Þetta er ljósblár bolur með hvítri friðardúfu framan á sem fór mér einkar vel. Það var eiginlega ótrúlegt hve margir hrósuðu bolnum í kjölfarið, meira að segja ókunnugt fólk,“ segir Reynir Þór Eggertsson Euro-vision-sérfræðingur og bætir því að hann eigi bolinn enn þá en komist því miður ekki í hann lengur þótt það stæði til bóta.

Spurður um verstu kaupin svarar Reynir: „Ætli það séu ekki gallabuxur sem ég keypti einu sinni en slitnuðu strax daginn eftir. Það var svekkjandi.“

Þá segir Reynir að það þurfi ekki að koma á óvart að það séu flíkur úr fataskápnem sem honum detti helst í hug enda sé hann eignaltill ef frá eru skilin föt, bækur og vídeospólur.



# Hreinlega frábær fyrir þvottahúsið

Þvottavél og þurrkari tilvalin fyrir húsfélög og minni ferðapjónustur

### Þvottavél og þurrkari

- Ryðfrítt stál
- Stærra hurðarop - 45cm þvermál
- Sparnaðarkerfi fyrir vatn og orkunýtingu
- Notendavæn og þægileg þvottakerfi
- Þvottavél og þurrkari staflanleg til að nýta pláss betur
- Margar góðar viðbætur fánlegar, m.a. myntrauf




# Komdu í Kaupþún og veldu þér **betri** notaðan bíl á **betra** verði



**1** ár **75%** **11,2** lítrar **CO<sub>2</sub>** 264g

**Lexus RX350 EXE**  
3500 Bensín, sjálfsk.  
Á götuna: 09.07 Ekinn 120.000 km  
Verð: 4.890.000 Raðnr.: 998771  
**Betra verð 3.990.000**



**1** ár **75%** **14,4** lítrar **CO<sub>2</sub>** 340g

**Toyota Land Cruiser 200**  
4700 Bensín, sjálfsk.  
Á götuna: 04.08 Ekinn: 102.000 km  
Verð: 9.100.000 Raðnr.: 999033  
**Betra verð 7.900.000**



**3** ár **75%** **7,6** lítrar **CO<sub>2</sub>** 177g

**Toyota Rav4 X**  
2000 Bensín, sjálfsk.  
Á götuna: 05.11 Ekinn: 33.000 km  
Verð: 4.860.000 kr. Raðnr.: 998693  
**Betra verð 4.150.000**




**1** ár **75%** **6,7** lítrar **CO<sub>2</sub>** 157g

**Toyota Corolla Sol**  
1600 Bensín, beinsk MM.  
Á götuna: 06.09 Ekinn 55.000 km  
Verð: 2.490.000 Raðnr.: 999009  
**Betra verð 2.190.000**



**1** ár **75%** **11,2** lítrar **CO<sub>2</sub>** 264g

**Lexus RX350 Luxury**  
3500 Bensín, sjálfsk.  
Á götuna: 04.07 Ekinn: 81.000 km  
Verð: 5.490.000 Raðnr.: 998909  
**Betra verð 4.490.000**



**4** ár **75%** **7,6** lítrar **CO<sub>2</sub>** 177g

**Toyota Rav4 X**  
2000 Bensín, sjálfsk.  
Á götuna: 02.12 Ekinn: 21.000 km  
Verð: 5.390.000 kr. Raðnr.: 998928  
**Betra verð 4.850.000**



**1** ár **75%** **12,7** lítrar **CO<sub>2</sub>** 291g

**Toyota Land Cruiser 120 VX**  
4030 Bensín, sjálfsk.  
Á götuna: 07.09 Ekinn: 87.000 km  
Verð: 6.890.000 Raðnr.: 998742  
**Betra verð 5.990.000**



**2** ár **75%** **7,6** lítrar **CO<sub>2</sub>** 177g

**Toyota Rav4 GX**  
2000 Bensín, sjálfsk.  
Á götuna: 06.10 Ekinn: 60.000 km  
Verð: 4.170.000 kr. Raðnr.: 998209  
**Betra verð 3.490.000**




**2** ár **75%** **6,5** lítrar **CO<sub>2</sub>** 154g

**Toyota Avensis Sol**  
1800 Bensín, beinsk.  
Á götuna: 06.10 Ekinn 45.000 km  
Verð: 3.350.000 Raðnr.: 998922  
**Betra verð 2.850.000**




**3** ár **75%** **4,9** lítrar **CO<sub>2</sub>** 129g

**Toyota Auris Sol**  
1400 Dísil beinsk. MM.  
Á götuna: 06.11 Ekinn: 26.000 km  
Verð: 3.250.000 Raðnr.: 998645  
**Betra verð 2.890.000**



**2** ár **75%** **6,7** lítrar **CO<sub>2</sub>** 157g

**Toyota Avensis Sol**  
1800 Bensín, sjálfsk.  
Á götuna: 06.10 Ekinn: 42.000 km  
Verð: 3.650.000 Raðnr.: 998638  
**Betra verð 3.190.000**



**1** ár **75%** **6,9** lítrar **CO<sub>2</sub>** 162g

**Toyota Corolla Luxury**  
1600 Bensín, beinsk.  
Á götuna: 06.09 Ekinn 48.000 km  
Verð: 2.630.000 Raðnr.: 998856  
**Betra verð 2.190.000**

**Allir bílar hafa staðist strangar gæðakröfur okkar og farið í gegnum 125 punkta skoðun Toyota**

**1** ár **%** **5,2** lítrar **CO<sub>2</sub>** 120g **P**  
Lágmarks-ábyrgðartími Lánshlutfall Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri Útblástur CO<sub>2</sub> gr. Umhverfisvænn bíll Frítt í stæði í Rvk.

\*Farðu á [www.toyotakaupuni.is](http://www.toyotakaupuni.is) og fáðu nánari upplýsingar um bílana með því að skrá raðnúmer í leit.

**ergo**

Reiknaðu með okkur

**Toyota Kaupþúni**


Kaupþúni 6

Sími: 570-5070

Opið mán-fös kl. 07.45-18.00 - lau kl. 10.00 - 16.00

[info@toyota.is](mailto:info@toyota.is)

Upplýsingar um eldsneytiseyðslu og útblástur eru miðaðar við blandaðann akstur við bestu mögulegu aðstæður. Birt með fyrirvara um innsláttarvillur



**Betri notaðir bílar TOYOTA**

# FRÁBÆRT ÚRVAL

## Gerðu frábær kaup!

### Allt að 80% lánamöguleikar

#### Frábært úrval af nýlegum, lítið eignum bílum á frábæru verði!



Tökum notaðan uppi notaðan! Erum í samningsstuði!

LAND ROVER DISCOVERY 3 HSE  
Nýskr. 10/08, ekinn 116 þús. km.  
dísil, sjálfskiptur.  
Rnr.201081

**VERÐ kr. 6.990 þús.**



HYUNDAI SANTA FE II LUX 7m  
Nýskr. 01/08, ekinn 65 þús. km.  
dísil, sjálfskiptur.  
VERÐ kr. 3.980 þús.  
Rnr.151261.



SUBARU FORESTER PLUS  
Nýskr. 10/09, ekinn 77 þús. km.  
bensín, sjálfskiptur.  
VERÐ kr. 3.580 þús.  
Rnr.151241.



NISSAN QASHQAI SE  
Nýskr. 05/12, ekinn 27 þús. km.  
bensín, sjálfskiptur.  
VERÐ kr. 4.790 þús.  
Rnr.130383.



SAAB 9-5 ARC  
Nýskr. 04/08, ekinn 50 þús. km.  
bensín, sjálfskiptur.  
VERÐ kr. 2.790 þús.  
Rnr.141444



HYUNDAI i30 CLASSIC  
Nýskr. 07/12, ekinn 6 þús. km.  
dísil, beinskíptur.  
Verð kr. 3.220 þús.  
Rnr.201134.



HYUNDAI GETZ GLS  
Nýskr. 10/09, ekinn 41 þús. km.  
bensín, beinskíptur.  
VERÐ kr. 1.750 þús.  
Rnr.120134.

# bíalaland

Kletthálsi 11 og Breiðhöfða -110 Reykjavík  
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is  
www.bilaland.is



**ÁNÆGDUR** Straumur fékk fjárfestingarbankaleyfi í nóvember 2011. Tekjur bankans voru 1,3 milljarðar króna í fyrra og þar af voru 85 prósent hreinar þóknatekjur. Pétur Einarsson er forstjóri Straums.

## Straumur hagnaðist um 200 milljónir

Tekjur Straums fjárfestingarbanka á fyrsta heila starfsári bankans námu 1,3 milljörðum króna. Meiri vöxtur en lagt var upp með, segir Pétur Einarsson, forstjóri bankans. Starfsmenn eignuðust 30 prósent í bankanum á síðasta ári.

Straumur fjárfestingabanki hagnaðist um 203 milljónir króna eftir skatta á árinu 2012. Eiginfjárlutfall hans er 35 prósent og tekjur á síðasta ári námu 1,3 milljörðum króna. Þetta kemur fram í ársreikningi Straums sem samþykktur var á stjórnarfundum bankans 12. febrúar síðastliðinn.

Straumur er í 70 prósent eigu ALMC, sem var stofnað eftir nauðasamning gamla Straums, og lykilstjórnenda bankans. ALMC er síðan í eigu Thingvilir, hollenska félags sem er í vörslu Deutsche Bank. Eigendur þess voru upprunalega samningakröfuhafar gamla Straums, en þar sem heimildarskrifteini í Thingvilir ganga kaupum og solum veit enginn hverjir eigendur þess eru í dag. Heimildir Fréttablaðsins herma þó að á meðal þeirra sé bandaríski vögunarsjóðurinn Davidson Kempner, sem hefur verið afar umsvifamikill á Íslandi eftir hrun.

Straumur fékk fjárfestingarbankaleyfi í byrjun nóvember 2011. Því var árið í fyrra fyrsta heila árið sem bankinn starfaði. Síðan þá hefur hann verið mjög áberandi og ráðið til sín fjölda manns til að geta boðið upp á sem víðtækasta fyrirtækjapjónustu og miðlun. Þetta hefur skilað því að hlutdeild Straums í veltu með skuldabréf er

### Vöxturinn hraðari en lagt var upp með

Pétur Einarsson, forstjóri Straums, segir uppgjörið í takt við þær áætlanir sem lagt var upp með. „Tekjur eru reyndar hærri en við gerðum ráð fyrir en kostnaðurinn er það líka. Hagnaðurinn var ívið lægri en okkar björtustu væntingar stóðu til, en í heildina lítið er þetta í takt við okkar væntingar og við erum mjög ánægð með uppgjörið.“

Hann segir vöxt bankans hafa verið hraðari en upphaflega stóð til. „Við byrjuðum í raun á núlli árið 2011 og náðum yfir 1.300 milljónum króna í tekjur á fyrsta starfsári. Það er alveg magnað. Við sjáum líka frekari vaxta-tækifæri, til dæmis í hlutabréfamarkaðnum. Þá eru alltaf meiri og sterkari teikn á lofti um að höftunum verði aflétt. Aflétting mun auka fjárfestingu inn í landið og við sjáum því mikil tækifæri þegar það gerist.“

um 11 prósent og hlutdeild hans í hlutabréfaveltu er níu prósent. Þá hefur Straumur einnig haft umsjón með hlutafjárútbóði Eimskips, því stærsta sem ráðist hefur verið í héraðis frá hruni. Bankinn sér auk þess um vörslu og umsýslu á öllum eignum SPBhf, sem áður hét Sparisjóðabankinn, og um ýmsar eignir móðurfélags síns ALMC.

Heildartekjur bankans á síðasta ári voru rúmlega 1,3 milljarðar króna og um 85 prósent þeirra voru hreinar þóknatekjur. Arðsemi eiginfjár Straums var 18 prósent í fyrra. Í ársreikningi kemur fram að meira en 80 prósent tekna Straums komu frá ótengdum aðilum. Eignir bankans jukust um sex milljarða króna á milli ára og stóðu í um 15 milljörðum króna um síðustu ára-

mót. Eigið fé hans er 1,3 prósent.

Rekstrarkostnaður var um 1,1 milljarður króna. Þar af var launakostnaður 776 milljónir króna, 33 störfuðu hjá bankanum að meðaltali. Meðalmánaðarlaun hvers starfsmanns voru því tæpar tvær milljónir króna á mánuði. Launin skiptust þó mismunandi á milli starfsmanna. Forstjórinn, Pétur Einarsson, var til að mynda með um 3,5 milljónir króna á mánuði.

Þá eignuðust Pétur og nokkrir aðrir lykilstarfsmenn samtals 30 prósent hlut í Straumi á síðasta ári. Á meðal þeirra sem eignuðust einnig hlut voru fjármálastjórinn Jakob Már Ásmundsson og Haraldur I. Þórðarson, forstöðumaður markaðsviðskipta hjá bankanum.

thorur@frettabladid.is

Litlar breytingar á vísitölu leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu síðustu mánuði:

## Leiguverð staðið í stað um hríð

Lítill breyting hefur orðið á leiguverði á höfuðborgarsvæðinu síðustu mánuði eftir miklar hækkningar framan af ári. Þjóðskrá birtir í gær gildi vísitölu leiguverðs fyrir janúarmánuð og er það óbreytt frá því sem var í ágúst síðastliðnum.

Þjóðskrá hóf að birta vísitölu leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu í byrjun árs 2011 og tók vísitalan þá gildið 100. Á árinu 2011 hækkaði hún um 11% og fyrstu átta mánuði þessa árs hækkaði hún um 7% til viðbótar. Í ágúst stóð vísitalan því í gildinu 118,7 stig.

Síðan hefur lítill breyting orðið á vísitölu sem lækkaði í október og desember en hækkaði í nóvember og núna í janúar þegar hún tók sama gildi og í ágúst eða 118,7 stig.

### VÍSITALA LEIGUVERÐS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU



- mbl

HEIMILD: ÞJÓÐSKRÁ

# Dior

## DIORSHOW ICONIC OVERCURL

### BIG-SCREEN LASHES

Nýi maskarinn sem stjörnurnar nota, ásamt nýjum vorlitum og nýju Diorskin Nude BB kremi sem fullkomnar húðina á undraverðan hátt.



Kaupaukinn inniheldur:  
Hreinsimjólk 15ml, andlitsvatn 15ml, augnfárða-  
hreinsir 15ml og Dior Addict varalitur mini 536.

Vertu velkomin og kynntu þér það nýjasta frá Dior í Hagkaup Akureyri, Garðabæ, Holtagörðum, Kringlunni, Smáralind og Skeifunni, **dagana 21.-28. febrúar.**

Sérfræðingar verða á staðnum og veita þér ráðgjöf varðandi krem, förðun og litaval. Glæsilegur kaupauki\* fylgir kaupum þegar keyptar eru tvær vörur frá Dior.

\* Gildir meðan birgðir endast

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð

# Konu

## MacBook Air 11"



Konudagstilboð: 175.990.-\*

Listaverð: 189.990.-

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. \* Tilboð gildir til 25. febrúar 2013.



iPod shuffle  
Verð: 9.990.-



iPod nano  
Verð: 29.990.-



Frends heymartól  
Verð frá: 24.990.-  
Skvísu heymartól



iPhone 4  
Verð frá: 84.990.-



iPhone 5 16GB  
Konudagstilboð: 139.990.-\*  
Listaverð: 149.990.-

**epli.is**

### Laugavegi 182

Opnunartímar  
Virka daga 10-18 | Laugardaga 11 - 16  
Sími 512 1300 | [www.epli.is](http://www.epli.is)

### Smáralind

Opnunartímar  
Virka daga 11-19 | Fimmtudaga 11 - 21 | Laugardaga 11 - 18  
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1330 | [www.epli.is](http://www.epli.is)

*Udagurinn*  
er á sunnudaginn



**iPad** mini

Fer vel í veski

Verð frá: **59.990.-**


HVER Á ÍSLAND?

# Afar fáar jarðir eru uppmældar

Langfæstar jarðir á Íslandi eru hnitsettar og því ekki skráð nákvæmlega hve stórar þær eru. Þær ganga hins vegar kaupum og solum þrátt fyrir að landamerki séu óljós. Búnaðarsamband hefur kallað eftir því að jarðir verði hnitsettar. Enginn kortagrunnur er til af jörðum.



**LÖGBÝLI Í BYGGÐ OG LÖGBÝLI Í EYÐI**



Í Fasteignaskrá sem Þjóðskrá heldur utan um má finna allar grunnupplýsingar um lönd, lóðir og spildur auk mannvirkja sem á þeim standa. Á vef stofnunarinnar, fmr.is, má fletta upp fastanúmerum og landnúmerum og fá m.a. loftmynd af fasteigninni. Fréttablaðið fletti upp þeim 6.449 lögbýlum eftir landnúmerum sem eru á lögbýlaskrá 2012 í því vefkerfi. Af þeim voru 5.667 hnitasett, þ.e. að býlið sjálft er hnitasett, en ekki jörðin. Kortíð hér sýnir 965 lögbýli sem eru í eyði sem rauð og 4.702 býli sem eru í ábúð sem gul.

Þegar grafist er fyrir um það hverjir eiga íslenskar jarðir rekt maður fljótlega á þá staðreynd að gögn um málið liggja ekki á lausu. Alls kyns grunnar eru til, en þeir eru ekki endilega á því formi að hægt sé að keyra þá saman og oft er erfitt að vinna upp úr þeim. Ekki er til einn grunnur um allar jarðir, stærð þeirra, legu og eigendasögu. Eitt svar við spurningunni um hver eigi Ísland er því einfaldlega að það er ekki alveg vitað, ekki síst vegna þess að uppskipting á landinu er ekki ljós.

Þannig eru afar fáar jarðir á Íslandi hnitsettar. Landsupplýsingadeild Þjóðskrár er nú með það verkefni að safna þeim eignamörkum sem til eru. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá kemur hins vegar fram að þau eignamörk eru að mestu leyti aðeins til í texta úr gömlum landamerkjabókum. Til að búa til grunn, að ekki sé talað um kortagrunn, þarf hins vegar hnitapunkta. Þeir eru ekki til.

**Bændur vilja hnit**

Árið 1994 setti Alþingi lög um fjöleignahús. Samkvæmt þeim er skylda að gera eignaskiptasamninga fyrir öll slík hús. Gildistöku laganna var frestað nokkrum sinnum, þar sem þau þóttu íþyngjandi. Í dag þykja öllum þau sjálfsögð. Það er enginn tilbúinn til þess að kaupa eign án þess að vita hvað henni tilheyrir, eða hvað?

Staðan í dag er því þannig að það er ekki hægt að selja tveggja herbergja íbúð, svo dæmi sé tekið, án þess að fyrir liggi nákvæm skipting á húsinu sem hún er í, eignarhlutur í sameign tilgreindur og þess háttar. Það er hins vegar hægt að kaupa sér eitt þúsund hektara jörð án þess að nákvæmlega liggi fyrir hvar hún byrjar og endar.

Þetta þýðir að oft skapast réttaróvissa um hver á hvað. Vissulega gæti uppmæling og hnitsetning valdið deilum, en þær yrðu þá útkljáðar í eitt skipti fyrir öll. Það þyrfti þá ekki að rekja sig í gegnum eigendabreytingar ef í ljós kemur að jörð er minni en gert var ráð fyrir.

Búnaðarþing samþykkti árið 2010, samhljóða og án umræðu, ályktun um að viðskipti með land og jarðir þurfi að skrá með nákvæmum hætti, það er með því að hnitsetja landamerki. Það verði til þess að „tryggja réttarvernd og eyða óvissu um stærð og staðsetningu.“

**Hvað á ríkið?**

Áskoruninni var beint til dómamálaráðherra um að beita sér fyrir þessu. Í greinargerðinni segir: „Það er óviðunandi þegar jarðir ganga kaupum og solum að ekki liggi fyrir með sannanlegum hætti nákvæm skilgreining á hinu selda. Landamerkjaskrár jarða sem gerðar voru fyrir rúmri öld síðan uppfylla sjaldnast það skilyrði. Lagabreyting þessa efnis ætti að gera viðskipti með jarðir markvissari og koma í veg fyrir óþarfa deilur sem upp kunna að rísa vegna ófullnægjandi þekkingar á landamerkjaskrá.“

Þessu hefur þó enn ekki verið breytt. Raunar er það svo að ríkið, sem á langflestas jarðir, sýnir ekki gott forðæmi í þessum málum, þar sem ríkisjarðir eru ekki hnitsettar og nákvæm stærð þeirra og lega liggur því ekki fyrir.



FASTAÐUR	BYGGING	NOTKUN	STÖLLA	HEIT GRASS	FASTAGGJAF	HEIT AF DÖNNAÐ	REININGARLEIÐ	FASTAGGJAF 2013
218-0102	08	JÖRD		0	1.000.000	1.000.000	0	1.000.000
218-0102	01	REKINGARLAND		88,1 HA	3.000.000			3.000.000
218-0102	06 0101	KJÓÐ	1988	107,6 HA	2.500.000			2.500.000
218-0102	06 0101	KJÓÐ	1985	102,2 HA	2.000.000			2.000.000
218-0102	07 0101	KJÓÐ	1981	122,1 HA	400.000			400.000
218-0102	06 0101	HLAÐ	1987	136,7 HA	400.000			400.000
218-0102	10 0101	HLAÐ	1989	69,0 HA	8.000			8.000
218-0102	11 0101	HLAÐ	1981	108,9 HA	400.000			400.000
218-0102	18 0101	HLAÐ	1980	203,0 HA	2.400.000			2.400.000
218-0102	17 0101	VELAÐINGARLÖG	1981	135,4 HA	1.670.000			1.670.000
218-0104	02	LANDHAGADYR		0	200.000			200.000
218-0104	02 0101	SKI	1989	219,0 HA	15.100.000			15.100.000

LANDNOTKUN: 01-06-10-11-17-18  
HEIT GRASS: 01-02-08-09-10-11-17-18

**LITLA-HEIDI** Dæmi um skráningu í fasteignaskrá. Birt stærð jarðarinnar Litlu-Heiðar, sem er í eigu Rudolphs Walters Lamprecht, er 0.

## 312

jarðir voru skráðar með annan eiganda árið 2012 en árið 2011. Breytingin getur falist í mismunandi ritun nafna, andláti eða öðru slíku – auk eigendaskipta.

**Jörð, lögbýli, fasteign**

Líkt og áður hefur verið komið inn á í þessum greinaflokki flækja mismunandi skilgreiningar síðan myndina enn frekar. Lögbýli er eitt, jarðir annað. Gleggstu upplýsingarnar er síðan að finna í fasteignaskrá, en þá þarf að kunna að leita.

Ráðuneyti gefur út lögbýlaleyfi og þarf að sækja sérstaklega um það. Sé býli einu sinni komið inn á lögbýlaskrá er afar fátítt að það missi lögbýlaréttinn. Samkvæmt lögum nær hugtakið lögbýli yfir „sérhverja jörð sem hefur þann húsakost og það landrými eða aðstöðu að unnt sé að stunda þar landbúnað eða aðra atvinnustarfsemi og var skráð í jarðaskrá.“

Hins vegar eru jarðir í jarðaskrá sem ekki eru lögbýli. Flókið? Já, og til að flækja það enn frekar er skilgreiningin á jörð í raun aðeins land sem ekki er innan skipulagðs þéttbýlis. Samt geta lóðir undir gróðurhúsi, svo dæmi sé tekið, orðið lögbýli.

Til að fá sem nákvæmasta niðurstöðu varðandi fjölda jarða og eigendur þarf því að nota fasteignaskrá og landnúmer.

**Gervikennitölur og eyðibýli**

Á meðal þess sem reynt hefur verið að svara í þessum greinaflokki er spurningin um það hve margar jarðir útlendingar eiga. Þær eru ekki margar, en nákvæm tala þeirra liggur ekki endilega á lausu. Þeir geta átt hlut í eignarhaldsfélögum sem eiga jarðir.

Tvær jarðir eru að fullu, og 99 að hluta, í eigu gervikennitalna. Á bak við þær getur verið útlendingur, Íslendingur sem lengi hefur búið erlendis eða dánarþú, svo eitthvað sé nefnt. Það skækir því heildarmyndina örliðið.

Mismunandi skráning getur valdið villu. Hagstofa landbúnaðarins sá um skráningu jarða, en hún var lögð niður árið 2009 og verkefnið færð til Þjóðskrár. Þar er notað annað kerfi og aðrar aðferðir.

Þess sér best stað þegar eyðibýli eru skoðuð. Árið 2010 voru þau 2.202, en árið eftir voru þau aðeins 938. Það þýðir hins vegar ekki að ábúð hafi verið tekin upp á fjölda jarða, heldur var annar háttur viðhafður við skráninguna.

**Á MORGUN** Stefna stjórnmalamanna.

## Vill sem flest gögn opin

Fréttablaðið hefur rekið sig á það við vinnslu þessa greinaflokks að gögn sem ríkið heldur utan um eru oft og tíðum lokuð. Úrvinnsla úr þeim er því erfiðleikum háð og getur einnig kostað fjármuni.

**Katrín Júlíusdóttir** fjármálaráðherra hefur skipað starfshóp sem vinnur að því að opna gögn um fjárreiður ríkisins. Hún segir að það eigi almennt að gilda um gögn sem ríkið heldur utan um að þau eigi að vera að sem mestu leyti opin, svo lengi sem þau séu ekki persónugreinanleg.

„Ég held að það sé framtíðin að opna eins mikið og við getum. Ef það eru einhverjir aðilar þarna úti sem eru tilbúnir til þess að taka gögn sem ríkið heldur utan um og umbreyta þeim í aðgengilegar upplýsingar er ég mjög hlynnt því. Ríkið á að ganga eins langt og það getur í því, en því eru kannski ákveðin takmörk sett. En ef menn vilja nýta þau á það að vera hægt.“





# Ný málningardeild að Kletthálsi!

## Enn meira úrval af málningu og áhöldum

### Á MÚRBÚÐARVERÐI



DekaCryl 7  
Innimálning, 10 lítrar  
**5.890**



Deka Pro 10  
Innimálning, 10 lítrar  
**6.490**



Aqua 25 innimálning á böð  
4 lítrar  
**3.990**



Veggspartl medium, 10 lítrar  
**3.990**



Deka Meistaralakk 70  
Akryllakk, hvítt, 1 líter  
**1.795**

Deka Gólfmálning grá 3 lítrar  
**4.190**



Hagmans 2 þátta Vatnsp / epoxy 4kg  
**11.295**



Deka Project grunnur, 10 lítrar  
**5.890**



LF Veggspartl  
0,5 lítrar  
**795**



Áltrappa 4 þrep, 137 cm  
**4.990**



Sterkbyggðar áltröppur  
Margar stærðir

LÆKKUM  
VERÐIÐ Á  
BYGGINGA-  
VÖRUM

Mako pensill 50mm  
**225**



Mako málningar-  
rúlla og bakki 25cm  
**945**



Truper litaspray  
400ml  
**795**



Tekkolía í  
spray brúsa

Hammer lakk

Bæs



Kritartöflumálning

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18
Akureyri	Furuvöllum 15.	Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14
Vestmannaeyjar	Flötum 29.	Opið virka daga kl. 8-18



# MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Murbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf, það breytist ekki!

Fjárhagsupplýsingar ríkisins birtar á netinu:

## Ekkert að fela

**K**atrín Júlíusdóttir fjármálaráðherra greindi frá því á Alþingi í fyrradag að starfshópur ynni nú að því að birta fjárhagsupplýsingar ríkisins á netinu. Ætlunin væri að birta upplýsingar um tekjur og gjöld mánaðarlega. Hópurinn ætti enn fremur að gera tillögur um hvernig opna mætti sem mest af gögnum um það hvernig skattfé er varið. Í pólitíkinni er augljóslega einhver hreyfing í þá átt að galopna fyrir aðgang skattgreiðenda að upplýsingum um í hvað peningarnir þeirra eru notaðir. Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti nýlega tillögu sjálfstæðismanna um að gera allar kostnaðargreiðslur borgarinnar almenningi aðgengilegar á netinu.

Lögum samkvæmt á almenningur að hafa aðgang að upplýsingum stjórnarsýslunnar en þarf að biðja sérstaklega um þær og opinberar stofnanir þurfa þá að leggja í talsverða vinnu til að safna þeim saman. Upplýsingatæknibyltingin hefur gert þetta vinnulag úrelt. Það á að vera auðvelt – og jafnvel vinnusparandi – að birta upplýsingarnar jafnóðum á netinu þannig að ekki þurfi að biðja um þær.

Það er þó ekki sama hvernig það er gert. Víða um heim hafa verið opnaðar svokallaðar „gegnsæisgáttir“ þar sem opinberar fjárhagsupplýsingar eru birtar. Þar sem bezt hefur tekizt til eru ekki bara birtar hráar upplýsingar, heldur líka samantektir og greiningar og boðið upp á öflugla leitarmöguleika. Þannig getur almenningur leitað í gagnagrunnum og skoðað til dæmis samninga opinberra aðila um kaup á vörum og þjónustu, hvaða fyrirtæki og ráðgjafar fá greiðslur úr opinberum sjóðum og þar fram eftir götunum.

Á góðum vefsíðum af þessu tagi eru líka birt nákvæm yfirlit um útgjöld opinberra stofnana og þau borin saman við samþykktar útgjaldaheimildir í fjárlögum. Þannig getur almenningur fylgt með því hvort einstakar ríkisstofnanir fara fram úr fjárheimildum – sem gerist ítrekað hér á landi og virðist oft koma jafnvel ráðherrunum sem eiga að bera ábyrgð á þeim gríðarlega á óvart.

Í Bandaríkjunum og víðar hefur birting upplýsinga af þessu tagi framkallað fjöldann allan af ábendingum frá almenningi, sem hafa stuðlað að því að uppræta spillingu og spara í opinberum rekstri.

Katrín Júlíusdóttir nefndi tvö dæmi um opinberar fjárhagsupplýsingar, sem oft rata í fréttir vegna fyrirspurnar frá þingmönnum eða fjölmiðlum; annars vegar hvernig ráðherrar verja „skúffupeningum“, árlegu ráðstöfunarfé sínu, og hins vegar hversu miklir peningar fari til aðkeypra ráðgjafastarfa fyrir ráðherra. Þarna sagði hún að ekkert væri að fela og almenningur ætti einfaldlega að geta flett þessum upplýsingum upp.

Svo er bara að vona að fjárhagsupplýsingakerfi ríkisins, sem hefur kostað skildinginn, sé nógu þróað til að gera þessar góðu hugmyndir að veruleika. Þegar þingmenn og fjölmiðlar spyrja ráðuneytin um tiltekin útgjöld, tekur stundum furðulangan tíma að svara og viðkvæðið er þá gjarnan að það sé svo mikil vinna að ná upplýsingunum út úr kerfinu.

Fjármálaráðherrann segir að endamarkmiðið í opnun fjárhagsupplýsinga ríkisins sé að „fara eins langt og við getum“. Það er gott markmið. Galopnar upplýsingar um ríkisútgjöldin veita stjórnvöldum og opinberum starfsmönnum hollt aðhald. Í rekstri ríkisins er að sjálfsögðu ekkert að fela.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Issn 1670-3871

**20 ÞÚSUND**  
króna umgjörð á  
**199 krónur!**

- Ef þú kaupir glerið hjá okkur

Allar aðrar umgjörðir á **50% afslætti**



**prooptik**  
gloraugu

KRINGLUNNI 2. HÆÐ - HAGKAUPSHÚSINU,  
SKEIFUNNI | SPÖNGINNI, GRAFARVOGI  
SÍMI 5 700 900 | WWW.PROOPTIK.IS

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Skemmtileg skýrsla


Ársskýrsla knattspyrnudeildar Grindavíkur er leifrandi lesning og fróðleg. Þar má meðal annars finna einhvers lags afbötun sitjandi stjórnar fyrir þá ákvörðun að hafa ráðið Guðjón Þórðarson sem þjálfara, eins og frægt er orðið. Svo er þar líka skemmtisaga af fjárflyunarferð til höfuðborgarinnar, þar sem helstu útgerðarmenn bæjarins voru í broddi fylkingar. Það er full ástæða til að birta hana hér á eftir í heild sinni:

#### Pessi andlit

„Í nóvember 2011 var farið í leiðangur til Reykjavík til að laga fjárhag deildarinnar með



beim Eiríki Tómassyni [Porbirni], Hermanni Ólafssyni [Stakkavík] og Pétri Pálssyni [Vísí]. Það skilaði um 20 milljónum í tveimur ferðum til þjónustuaðila í sjávarútvegi. Þökkum við þeim heiðursmönnum sérstaklega fyrir þeirra framlag. Það má með sanni segja að þessar ferðir hafi verið árangursríkar og ekki síður skemmtilegar, það tók ekki nema örfáar mínútur á hverjum stað að ræða erindið og fá það samþykkt. Það þurfti ekki meira til en að sýna þessi andlit.“



#### Hvað höfum við gert ykkur?

Einhverra hluta vegna rifjast upp auglýsingar sem birtust í fjölmiðlum í fyrra, þegar kvótafrumvörp ríkisstjórnarinnar voru til umræðu. „Hvað höfum við gert ykkur?“ stóð stórum stöfum yfir mynd af fjölskyldu sjómanns. „Er það stefna ríkisstjórnarinnar að ganga af sjómönnum og fjölskyldum þeirra dauðum?“ var haldið áfram. Undir þetta kvittaði Sjómanna- og vélstjór-afélag Grindavíkur. Ef í harðbakkann slær ættu þeir að geta sent þá fóstbræður Eirík, Hermann og Pétur af stað með söfnunarbaukinn. stigur@frettabladid.is

### HALLDÓR



## Ungt fólk og lífeyrismál

### LÍFEYRISJÓDIR



Guðlaug Kristjánsdóttir formaður BHM

Framfærsla í ellinni er sennilega ekki efst í huga ungs fólks sem leggur út á vinnumarkaðinn, stofnar fjölskyldu og kemur sér fyrir á eigin spýtur. Á námsárunum snýst lífið um að komast áfram milli anna, sinna félagslífinu og hafa í sig og á. Síðan taka oftast við ár þar sem markmiðið er að komast milli mánaða, ná endum saman og skutlast milli staða með sjálfan sig og aðra. Þannig geta liðið nokkur ár áður en ljóst verður að leiðin liggur sífellt nær miðaldra tilveru hins ráðsetta.

Lífeyrissjóðir eru fyrst og fremst áhugamál á seinni hluta ævinnar, þegar styttest í að framfærslan verði sótt til þeirra og starfslok verða annað og meira en fjarlæg hugmynd. Vinnandi fólk á öllum aldri tekur þó þátt í uppbyggingu sjóðanna, enda greiðslur í þá lögbundin skylda frá fyrsta starfsdegi.

Hafi einhvern tímann verið mikilvægt að ungt fólk láti til sín taka í lífeyrismálum þá er það núna, enda hefur framtíðaruppbygging þeirra verið til umræðu síðustu ár.

Í sjálfu orðinu „framtíðarkerfi“ er augljós sú staðreynd að uppbygging þess er fyrst og fremst málefni ungs fólks sem verður á vinnumarkaði í framtíðinni. Kerfisbreyting á kjörum þeirra sem þegar eru langt komnir með uppbyggingu

→ Ég hvet ungt fólk eindregið til að leiða hugann að skipulagi lífeyrismála....

lífeyris síns er ólíkleg, enda væri slík framkvæmd afar ómálefnaleg.

Nýtt kerfi getur þannig fyrst og fremst beinst að sjóðfélögum framtíðarinnar. En hverjir eiga að stýra breytingunum? Mikilvægt er að ungt fólk kynni sér lífeyrismál og móti sér skoðun um hvernig kerfi það vill sjá.

Meðal spurninga sem vert er að athuga er hversu stór hluti tekna eigi að renna til uppbyggingar ellilífeyris. Og hvernig á sparnaðurinn að vera saman settur; hversu stór hluti ætti að renna til samtryggingar og hvað vill fólk geta lagt til hlíðar með öðrum hætti?

Að sama skapi er mikilvægt að íhuga hversu stór hluti greiðslur úr lífeyrissjóðum ættu að vera af framfærslu fólks í ellinni og hvaða aðrar tegundir sparnaðar ættu að vera hluti af þeirri heild.

Ég hvet ungt fólk eindregið til að leiða hugann að skipulagi lífeyrismála og ef þú, lesandi góður, ert kominn yfir miðjan aldur (sem allar líkur eru á miðað við að þessi grein fjallar um lífeyrismál) vil ég hvetja þig til að hjálpa mér að ná eyrum þeirra sem yngri eru.

# Leitin að tilgangi

Í DAG

Jón Ormur Halldórsson dósent



Þeir sem hugsuðu mest um heiminn fyrir hundrað árum áttu fæstir von á því að trúarbrögð myndu lita stjórnmál framtíðarinnar. Þau virtust á útleið, úrelt og fyrnd vegna vaxandi þekkingar manna á rökum tilverunnar. Trúarbrögðin áttu sér ekki síst skjól í ýmiss konar heimum sem voru á undanhaldi fyrir nútímanum eins og í fátækari og afskekktari byggðum og á meðal þeirra sem voru eldri og síður menntaðir. Ófugt við það sem margir ætluðu hafa trúarbrögð vaxið að mikilvægi í stjórnmálum. Þetta á ekki aðeins við um Mið-Austurlönd, Norður-Afríku og Suður-Asíu, heldur einnig um Bandaríkin, Rússland, Suður-Ameríku, stóra hluta Afríku og Kína og Kóreu. Jafnvel í hinni trúlausu Evrópu fylgjast áhugamenn um alþjóðapólitík með kjöri nýs páfa.

**Framboð**

Mistök þeirra sem spáðu hnignun allra trúarbragða hafa kannski falist í því að líta meira á framboð en eftirspurn. Á framboðshliðinni sáu menn trúarbrögð sem virtust byggja á mikilli vanþekkingu á eðli og rökum tilverunnar. Kenningar þeirra stönguðust illa á við vaxandi þekkingu manna á heiminum. Enda hefur fólk um allan heim yfirleitt litið á öll trúarbrögð önnur en sín eigin sem furðu-

heima og greinilegan tilbúning runninn af ótta og óskýggju lítt upplýstra manna.

**Eftirspurn**

Líti menn hins vegar á eftirspurnarhliðina kemur fleira í ljós. Þá skýrist hvers vegna trúarbrögðin endurnýja sig í sífellu, breytast oft stórlega á milli kynslóða og klofna í ólíkustu fylkingar. Þarfir manna fyrir trúarbrögð eru flóknari og djúpstæðari en svo að nýjar upplýsingar um eðli alheimsins eyði þörfum fyrir trú. Menn vilja vita hverjir þeir eru og hvers vegna þeir eru til. Vísindin geta svarað fyrri spurningunni en aðeins fyrir mannkynið í heild, ekki fyrir hvern einstakling fyrir sig. Og þau geta alls ekki svarað þeirri seinni. Hugtakið tilgangur er mannleg smíð og ekki augljóslega lýsing á náttúrunni. Það hefur einfaldlega enga merkingu utan mannhugans. En flestir þrá einhvern tilgang og leita hans í trú.

**Áhrifin**

Sú þörf hefur mikil áhrif á pólitík og alþjóðamál, síst þó í Evrópu þar sem mjög stór hluti þjóða og sums staðar jafnvel meirihluti fólks telur sig án trúar. Í Bandaríkjunum gefur trú manna skýrari vísbendingar um afstöðu til stjórnmála en flest annað. Í Rússlandi reyna stjórnvöld að helga sig með tengingum við kirkjuna. Enginn getur skilið upp né niður í stjórnmálum íslamskra samfélaga allt frá Atlantshafi í vestri til Kyrrahafs í austri án þess að líta til trúmála. Í Afríku hafa þau vaxandi þýðingu. Kristin trú og íslam sækja fram á þeim svæðum heimsins sem eru í mestri

pólitískri deiglu, Asíu og Afríku. Heimsvæðingin setur svo allt í návígi við alla.

**Eftirspurnin nú**

Eitt af megineinkennum samtímans er aukin einstaklingshyggja samhliða minnkandi virðingu fyrir kennivaldi. Afleiðingarnar eru daglega í fréttum ef vel er að gáð. Á sumum svæðum jarðar, sérstaklega þeim svæðum sem fóru verst út úr útlendri áþján á síðustu stigum nýlendutímans, er hins vegar um leið til staðar sterk og útbreidd þörf fyrir skilyrðislausu samstöðu samfélaga um einfaldan sannleika. Þörfin er þá ekki aðeins fyrir samsömun við æðri veruleika en þann sem menn finna í kringum sig heldur um leið harða andstöðu við spillingaráhrif alls hins útlenda samhliða dýrkun á ímyndaðri trúarlegri fortíð. Afleiðingar þess konar þarfa eru stundum uppistaðan í alþjóðlegum fréttum fjölmiðla.

**Vöxtur kristni**

Vöxtur kristinna kirkna er mestur á meðal fólks í nýjum millistöttum í Suður-Ameríku, Afríku og Austur-Asíu. Nýlegar kirkjur sækja mest fram og sums staðar á kostnað kaþólsku kirkjunnar, sérstaklega í Brasilíu, stærsta landi kaþólskunnar. Trúin snýst þarna yfirleitt um bókstaflegan skilning á biblíunni og að búa til persónulegt samband við Jesú. Þessu fylgja síðir sem eru líklegir til veraldlegs ábata, vinnusemi, sparsemi og reglubundið líf. Þetta rímar vel við vaxandi einstaklingshyggju í nýríkum samfélögum Austur-Asíu og Suður-Ameríku. Kaþólska

Í Mið-Austurlöndum má líka finna mikla útbreiðslu álíka trúarhugmynda þótt eðli málsins samkvæmt sé slíkt síður fréttæmt en hin ofsafengnu og pólitísku afbrigði trúarinnar.

kirkjan á hins vegar víðast um heiminn í miklum vandræðum vegna minnkandi virðingar fyrir kennivaldi og feðraveldi.

**Vöxtur íslam**

Um leið hafa nútímalegar útgáfur af íslam náð mikilli útbreiðslu á meðal nýrra millistétta í mörgum ríkjum múslíma í Asíu, ekki síst Indónesíu og Malasíu en einnig vestar í álfunni og raunar einnig í Afríku. Þarna er áherslan, líkt og hjá nýju kristnu kirkjunum, á persónulegt samband við guðdóminn, vinnusemi, heiðarleika, hófsemi og reglubundið líf. Íslömsk trú breiddist raunar út um Asíu á sínum tíma með kaupmönnum sem höfðu svipuð gildi í forgrunni. Í Mið-Austurlöndum má líka finna mikla útbreiðslu álíka trúarhugmynda þótt eðli málsins samkvæmt sé slíkt síður fréttæmt en hin ofsafengnu og pólitísku afbrigði trúarinnar. Þarna eins og annars staðar má finna vaxandi andúð á kennivaldi gæslumanna sannleikans og á feðraveldinu í öllum sínum myndum. Þarna er barist um trúna, oft í bókstaflegum skilningi. Tíminn stendur ekki með kennimönnum feðraveldisins.

# Krónan ekki 5 aura virði


Árin 2006 kostaði góður jeppi um 5 milljónir íslenskra króna. Sama ár hafði Jón Jónsson um 5 milljónir í árslaun, þ.e. virði eins jeppa. Í dag kostar sambærilegur jeppi 12 milljónir en nú er Jón með 6 milljónir í árslaun. Hvað er í gangi? Jú, blessuð krónan dugar ekki til að skilgreina verðmæti. Þess vegna var tekin upp verðtrygging lána til þess að þeir sem lánuðu fengu jafnvirði lánsins endurgreitt. Núna eru hér í gangi fjórar gerðir af íslensku krónunni. Verðtryggða krónan sem er á lánum, launakrónan, króna fyrir innfluttar vörur og loks nýjasta krónan sem gildir fyrir þá sem koma með erlendan gjaldeyri inn í landið. Þar eru m.a. fyrrverandi útrásarvíkingar. Vandamál heimila sem skulda verðtryggð húsnæðislán er einfaldlega misræmið milli lána krónunnar og launakrónunnar. Hvernig væri að hafa bara einn gjaldmiðil í landinu? Þá væri ekki þetta Ginnungagap milli lána og launa.

**GJALDMIÐLAR**



Hjálmtýr Guðmundsson ráðgjafi

Það vekur því bæði undrun og ótta þegar tveir stjórnmálaflokkar sem vilja láta taka sig alvarlega hafa lýst því yfir að þeir vilji hanga í krónunni. Ég hef reyndar ekki heyrt nein vitræn rök frá þeim af hverju þeir vilja það. Fyrir rúnum 30 árum var gerð myntbreyting hér, tvö núll voru tekin af og á þeim tíma var 1 íslensk króna jafngild 1 danskri krónu. Núna er íslenska krónan ekki fimm aura virði.



Jón Árnason bóndi á Eintúnahálsi á Síðu 1938.



Vegarlagning á Holtavörðuheidi 1935. Maðurinn og hesturinn ruddu brautina fyrir bílinn.



Margrét Jónsdóttir húsmóðir á Eintúnahálsi á Síðu 1938.



Tjarnir í Saurbæjarhreppi Eyjafjarðardal 1936.



Verkinu fylgja 40 sérprentaðar myndir úr bókunum og nokkrar tveggja alda gamlar, litaðar þjóðlífsmyndir.

Margverðlaunað, þriggja binda, verk um mannlíf á millistríðsárunum 1919 – 1939. Lifandi lýsing á landi og þjóð, í máli og nær 2000 myndum, á einhverju mesta umbrotaskeiði Íslandssögunnar.

**Síðustu eintökin boðin á 9.900.- í stað 29.900.- á bókamarkaðinum í Perlunni.**



Árni Björnsson þjóðháttaræðingur ritar hnitmiðað yfirlit um menningar- og atvinnusögu tímabilsins í meginhluta fyrsta bindisins, eins konar ramma utan um verkið og skipar því í samhengi við sinn tíma.

**Fyrstu áratugir 20. aldar, þar sem sjónum er beint sérstaklega að millistríðsárunum 1919 – 1939, þegar Íslendingar lögðu niður aldagamla lífshætti og tileinkuðu sér tækni nýrra tíma.**



Örn og Örlygur - Sími: 898 6658 - Netfang: ornogorlygur@gmail.com

# Skapandi stofnanir

Íslensk stjórnvöld hafa unnið að því hörðum höndum síðastliðin ár að hvetja til nýsköpunar í atvinnulífinu. Öflug nýsköpun er forsenda þess að við getum byggt hér upp sterkt, kraftmikið og gott samfélag. Ísland 2020 stefna stjórnvalda um sókn fyrir atvinnulíf og samfélag leggur áherslu á að nýsköpun sé ómissandi grunnur fyrir framþróun atvinnulífsins. Á síðasta ári var sett fram fjárfestingaráætlun 2013-2015. Í henni er að finna metnaðarfull markmið þessarar ríkisstjórnar til að styðja enn frekar við nýsköpun. Má hér nefna aukin framlög í tækniþróunarsjóð, grænar fjárfestingar, vistvæn innkaup og verkefnasjóð fyrir skapandi greinar.

Einn viðamikill geiri gleymist oft þegar rætt er um mikilvægi nýsköpunar fyrir samfélagið en það er opinberi geirinn. Ríki og sveitarfélög gegna veigamiklu hlutverki í atvinnulífinu en hjá þeim starfa þúsundir háskólamenntaðra einstaklinga við ýmiss konar störf. Sífellt þarf að bæta og efla þjónustu, verklag og aðferðir í takt við kröfur og þarfir samfélagsins á hverjum tíma. Það krefst hugvits og samstarfs við viðskiptavini og skjólstæðinga sem leiðir ósjaldan til nýsköpunar. Ár hvert kaupa ríki og sveitarfélög vörur, þjónustu, tæki og fleira fyrir yfir 100 milljarða króna. Stór hluti þess fjár rennur til þróunar og nýsköpunar.

## NÝSKÖPUN



Katrín Júlíusdóttir  
fjármála- og efnahagsráðherra

## 90% stunda nýsköpun

Við höfum þurft að sýna aðhald í rekstri hins opinbera. Engu að síður er markmiðið að veita sífellt meiri og betri þjónustu. Við slíkar aðstæður verður aukin þörf fyrir nýsköpun á sem flestum sviðum. Íslenskar stofnanir og sveitarfélög hafa mætt þessum erfiðu aðstæðum með nýjum lausnum.

Rannsóknir styðja það en árið 2010 var gerð norræn rannsókn á þessu viðfangsefni þar sem fram kom að um 90% opinberra stofnana á Íslandi stunda nýsköpun af einhverju tagi, sem er ívið hærra hlutfall en hjá hinum Norðurlandþjóðunum. Þá vekur athygli niðurstaða könnunar á viðhorfum forstöðumanna ríkisstofnana árið 2011, sem sýndi að 64% forstöðumanna telja sérstaklega mikilvægt að öðlast meiri færni í aðferðum til nýsköpunar í opinberum rekstri.

## Verkefni varð útflutningsvöru

Í október síðastliðnum voru nýsköpunarverðlaunin í opinberri þjónustu og stjórnsýslu veitt í annað sinn. Yfir 60 verkefni stofnana og sveitarfélaga voru tilnefnd til verðlaunanna en árið 2011 voru þau 40 talsins. Tilgangurinn með þessum verðlaunum er að draga athygli að nýsköpun og þróunarverkefnum í starfsemi hins opinbera og stuðla að frekari nýsköpun í opinberum rekstri á Íslandi. Þessi fjöldi tilnefninga segir

→ Einn viðamikill geiri gleymist oft þegar rætt er um mikilvægi nýsköpunar fyrir samfélagið en það er opinberi geirinn. Ríki og sveitarfélög gegna veigamiklu hlutverki í atvinnulífinu en hjá þeim starfa þúsundir háskólamenntaðra einstaklinga við ýmis konar störf.

okkur að mikil gróska er í starfi hins opinbera þrátt fyrir erfiðar aðstæður í efnahagslífinu síðastliðin ár. Mörg verkefni sem þróuð voru hér á landi í samstarfi við viðskiptavini, einkaaðila og fleiri hafa orðið að útflutningsvöru og fyrirmynd erlendis. Gott dæmi um slíkt er Samskiptamiðstöð heyrnarskráa hlaut nýsköpunarverðlaunin árið 2012 fyrir verkefnið Sign-Wiki. Það verkefni hefur þegar vakið athygli erlendis og er orðið útflutningsvara.

Við reiðum okkur öll á þjónustu hins opinbera, hvort sem það eru menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir eða önnur starfsemi. Mikilvægt er að þjónustan standist nútímakröfur og því þarf öflugt og áhugasamt fólk til að starfa hjá hinu opinbera. Það er mikill metnaður innan hins opinbera til að gera betur og því mikilvægt að skapa þannig umhverfi að stofnanir og sveitarfélög geti tekið næstu skref með nýsköpun að leiðarljósi.

# Neyðarlínan 112 fyrir börn í vanda

Það er á ábyrgð foreldra að styðja við þroska og velferð barna sinna. Í faðmi fjölskyldunnar eiga þau að njóta skjóls og verndar. Þegar í skóla er komið eiga þau einnig að fá tækifæri til að dafna og þroskast á sínum eigin forsendum. Á þann hátt eru þau undirbúin til að takast á við krefjandi verkefni seinna á lífsleiðinni.

## SAMFÉLAG



Geir Gunnlaugsson  
landlæknir

Það liggur fyrir að uppvaxtar-skilyrðum sumra barna hér á landi er ábótavant og þau njóta ekki þess öryggis sem þau eiga rétt á. Mörg börn hafa t.d. reynslu af ofbeldi innan sem utan veggja heimilisins. Ofbeldi gegn börnum tekur á sig margar myndir en oftast er um að ræða líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi, auk vanrækslu. Í vaxandi mæli er nú einnig farið að skilgreina reynslu barna af átökum á heimilum sínum sem sérstaka tegund ofbeldis gegn þeim. Allt of mörg börn segja frá reynslu sem þessari og umræða undanfarnar vikur gefur til kynna að umfang vandans sé meira en við höfum gert okkur grein fyrir.

## 112 er líflína margra

Börn sem upplifa ofbeldi þurfa að eiga sér griðastað þegar vonbrigðin og reiðin blossa yfir vondr meðferð eða líkamlegu, andlegu og kynferðislegu ofbeldi. Þá þarf barnið að hafa möguleika á því að hafa sjálft samband við einhvern sem getur og vill hjálpa. Neyðarlínan 112 hefur á líðnum árum

→ Þannig styður Neyðarlínan 112 við að brugðist sé við vanda þeirra á faglegan og skilvirkan hátt.

verið líflína margra, en þangað hafa landsmenn getað leitað sér hjálpar í neyð. Börn geta hringt þangað í neyð og fullorðnir

með slíka vitneskju geta haft samband við Neyðarlínuna og komið áhyggjum sínum á framfæri. Öll slík atvik eru sérstaklega skráð og upplýsingum skilvirkt komið áleiðis til viðkomandi barnaverndarnefndar.

Ef þörf krefur er brugðist tafarlaust við en í öðrum tilvikum beðið til næsta dags. Markmiðið með þessari þjónustu er að gefa almenningi greiða leið til að koma áhyggjum sínum um velferð barna á framfæri. Þannig styður Neyðarlínan 112 við að brugðist sé við vanda þeirra á faglegan og skilvirkan hátt.

Það er sannfæring mín að með ofangreindri þjónustu Neyðarlínunnar 112 leggi starfsfólk hennar sitt af mörkum til að standa þéttar við um börn og réttindi þeirra. Þannig geta börn og fullorðnir óhikað haft samband og komið á framfæri áhyggjum sínum um velferð barna. Neyðarlínan 112 viðheldur þannig því hlutverki sínu að vera mikilvægur hlekkur í grunnþjónustu við landsmenn í neyð á öllum aldurskeiðum.



# ÍSLANDS NAUT

Stolt & sjötmeistarans

## Við leggjum metnað okkar í gæði, þess vegna er Íslandsnaut

# 100%

íslenskt ungnautakjöt

Fæst í: **HAGKAUP** **BONUS**  
Ein færð betra verð



## Nýr Volkswagen Golf

**Nýr Volkswagen Golf er kominn til landsins** en það er sjöunda kynslóð þessa vinsæla bíls sem tæplega 30 milljónir eintaka hafa selst af síðan hann kom fyrst á markað árið 1974. Þessi mikla sigurför í tæp 40 ár er ekki síst því að þakka að Golf hefur ávallt verið áreiðanlegur og sá bíll sem stendur fólki næst.

**Nýr Golf er enn betur búinn en áður.** Meðal staðalbúnaðar má nefna: ESP-stöðugleikastýringu, hita í sætum, rafmagnshitaða og stillanlega hliðarspegla, Bluetooth-búnað fyrir síma, fjölröfa sportstýri með fjarsýringu fyrir hljómtæki og síma, útvarp „Compose“ með 8 hátölurum, 5,8“ snertiskjá, AUX-tengi og SD-kortarauf, loftkælingu, þokuljós með beygjulýsingu í framstuðrum, Start/Stop búnað o.fl.

Verið velkomin að líta við og kynna ykkur nýjan Volkswagen Golf í HEKLU og hjá umboðsmönnum um land allt. Þar er hægt að kynnast kostum hans nánar.

**Volkswagen Golf kostar frá  
3.490.000 kr.\***

\*Golf Trendline, 1.4 TSI, beinskiptur, 122 hestöfl.



**Das Auto.**

BONUS Ali BONUS



# Ali grísakjöt

## -sem þú getur treyst



Grunnurinn að góðri matargerð er gott hráefni



Grísa hakk



Grísa fille



Grísa hnakki



Grísa gúllas



Grísa snitsel



Grísa kótelettur

## 10 borgarar saman í pakka



100% KJÖT

# BONUS BÝÐUR BETUR

## Enn frekari misskilningur

Heiðar Már Guðjónsson fjárfestir birti enn eina greinina um sama efnið, meintan misskilning minn á ýmsum málum, í Fréttablaðinu 19. febrúar. Helsta nýmælið er að hann kemst nú að þeirri niðurstöðu að ég skilji ekki grunnatriði fjármála.

FJÁRMÁL



Gylfi Magnússon dósent

Þar er ég raunar sammála honum. Þ.e. ég viðurkenni fúslega að ég skil ekki það sem Heiðar Már telur grunnatriði fjármála. Greinin byggir nefnilega fyrst og fremst á þeirri nýstárlegu kenningu Heiðars Má að fyrirtæki sem eru með tekjur í einni mynt og útgjöld í annarri hljóti að vera gjaldþrota. Það fæ ég ekki skilið og hef aldrei séð þessa kenningu áður, nema auðvitað í greinum þessa pennavinar míns.

Þetta telur hann réttlæta að kalla til landsins hjörð erlendra bankamanna og lögfræðinga til að laga stöðuna. Það tel ég óþarfa en fagna því þó að fram kom hjá Heiðari Má að þeir myndu gera þetta án allrar vonar um hagnað eða þóknun fyrir sjálfan sig. Manni hlýnar um hjartaræturnar við að fréttu af slíku fólki.

### Staðan einföld

Staða Orkuveitunnar, sem málið snýst um, er einföld. Hún hefur talsverðar tekjur í erlendri mynt, sem duga fyrir vöxtum og hluta afborgana af erlendum lánnum. Jafnframt hefur hún talsverðar tekjur í krónum. Vegna þess þarf fyrirtækið að nota hluta af tekjum í krónum til að kaupa erlenda mynt. Nánar tiltekið þarf OR að kaupa jafnvirði um 8 til 9 milljarða króna af gjaldeyri á ári næstu fimm ár miðað við núverandi horfur. Það er vel innan við 1% af gjaldeyristekjum þjóðarþúsins og skiptir ekki sköpum fyrir gengi krónunnar. Eftir fimm ár lækkar þörfin til muna og á endanum verður OR seljandi en ekki kaupandi á gjaldeyri. Ef lán sem koma á gjalddaga næstu fimm ár verða endurfjármögnuð að einhverju marki verða kaupin sem því nemur minni þann tíma.

Þessi gjaldeyriskaup eru ekki óvænt. Það var beinlínis að þeim stefnt þegar teknar voru ákvarðanir um fjármögnun fyrirtækisins

→ Peir vildu það ekkert frekar en seðla sem prentaðir eru úti í bílskúr. Þessi mynt væri búin til á Íslandi og yrði aldrei gjaldgeng utanlands.

á árum áður. Sem dæmi má nefna að miklar framkvæmdir í skólpmálum á höfuðborgarsvæðinu voru fjármagnaðar með erlendum lánnum sem Reykjavíkurborg tók en hvíla nú á OR. Þá lá fyrir að skólpæðurnar myndu ekki spýta út úr sér evrum eða jennum. Þess í stað yrði að greiða lánin niður með tekjum í krónum. Það er líka staðan nú. Flóknara er þetta ekki.

Meira þarf ekki að segja um meinta þörf OR fyrir fjárhagslega endurskipulagningu eða önnur mál sem Heiðar Már hefur bryddað upp á og talið mig misskilja.

### Stórtæk peningafölsun

Ég ætla mér hins vegar að viðurkenna að ég skil ekki eitt af grunnatriðum hagfræðinnar til viðbótar, eða a.m.k. ekki eins og Heiðar Már sér þau grunnatriði. Þar er ég að vísa til snilldarhugmyndar hans um að leysa vanda krónunnar með stórtækri peningafölsun, öðru nafni einhliða upptöku á erlendri mynt. Þá falsla menn að vísu ekki seðla og mynt – skárri væri það nú! – en falsla þess í stað það sem skiptir miklu meira máli og er mun stærri hluti peningamagns í nútímahagkerfi, þ.e. rafeyrinn, innstæður landsmanna og aðrar peningalegar eignir. Þessi hugmynd hefur einungis einn galla. Hún virkar ekki. Enginn heilvita maður utan Íslands myndi samþykkja að fá greitt með millifærslu í t.d. íslenskum evrum eða Kanadadollurum. Peir vildu það ekkert frekar en seðla sem prentaðir eru úti í bílskúr. Þessi mynt væri búin til á Íslandi og yrði aldrei gjaldgeng utanlands. Eina vonin til þess að þetta gangi upp er að hafa hér gjaldeyrishöft að eilífu. Þá getum við kallað innlendu myntina hvað sem er, dollara, evru eða pund. Gull þess vegna. Við getum bara ekki gert ráð fyrir að aðrir trúu því.

## Hagkerfi í ógöngum

Vaxtakostnaður Íslendinga vegna íslensku krónunnar er óásættanlegur. Mat Alþýðusambandsins og Viðskiptaráðs Íslands á fjármagnskostnaði vegna íslensku krónunnar er 4%-4,5% að meðaltali á ári til langs tíma. Það eru þeir vextir sem Íslendingar greiða, svokallað Íslandsálag, umfram evrulöndin, Bandaríkin o.fl. lönd vegna verðbólgu, verðtryggingar og óstöðugleika sem rekja má til krónunnar vegna smæðar hennar.

GJALDMIÐLAR



Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri Já Ísland

Skuldir ríkissjóðs eru 1.500 milljarðar. Gróflaga reiknað má gera ráð fyrir því að aukakostnaður ríkissjóðs vegna Íslandsálagsins sé um 60 milljarðar á ári. Ef við veltum bara fyrir okkur 60 milljarða aukavaxtakostnaði ríkisins vegna íslensku krónunnar má til samanburðar nefna að rekstur Landspítalans kostar árlega 30 milljarða. Þessi vitneskja er óbærileg þegar niðurskurður og ástandið í heilbrigðiskerfinu er haft í huga. Um 3,8% af landsframleiðslunni fara í Íslandsálagið vegna skulda ríkissjóðs.

Samanlagðar skuldir ríkissjóðs, heimila og fyrirtækja á Íslandi eru 5.200 milljarðar. Íslandsálagið af öllum þessum skuldum var 221 milljarður árið 2011. Þessi aukakostnaður er gríðarlegur og er meiri en rekstur alls heilbrigðiskerfisins. Það munar um minna.

→ Þessi vitneskja er óbærileg þegar niðurskurður og ástandið í heilbrigðiskerfinu er haft í huga.

Peir sem þekkja þessa stöðu hafa fyrir löngu gert sér grein fyrir því að við þetta geta heimilin og atvinnulíf í landinu ekki bíðið. Stór hópur þjóðarinnar sér að þessi viðfangsefni verða ekki leyst öðruvísi en með upptöku evru og inngöngu í Evrópusambandið.

Annar hópur sem einnig gerir sér grein fyrir því að við þetta verður ekki unað talar mjög ákaft fyrir einhliða upptöku annars gjaldmiðils þrátt fyrir yfirlýsingar Seðlabanka Íslands, álit Viðskiptaráðs Íslands og fleiri aðila um að það sé ekki raunverulegur valkostur við núverandi aðstæður. Peningastefnunni yrði kipt úr sambandi, enginn lánveitandi yrði til þrautavara og Seðlabankinn gæti ekki haft áhrif á þróun verðlags eða sveiflur í atvinnulífnum.

Peir stjórnmalaflokkar sem hafa það á stefnuskrá sinni að fækka valkostum og möguleikum íslensku þjóðarinnar í mikilvægasta hagsmunamáli Íslendinga með því að slíta viðræðum við ESB bera ekki hag þjóðarinnar fyrir brjósti.

Vissir þú að...

þor n eiga rétt á vernd gegn einelti



**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

# FERMINGIN



3 FYRIR 2  
AF KERTUM



790

RENNINGAR



VERÐ FRÁ  
1.290

RAMMAR



3.490

SPEGLAR

SKRÍN



VERÐ FRÁ  
1.990



MYNDIR

VERÐ FRÁ  
790



189.900

295 cm



199.990

330 cm



KISTUR

VERÐ FRÁ

3.490

HAAG SÓFI

the  
PIER

# Eyðilegging kvótans

Mikil eyðilegging kvótans er búin að vera frá upphafi og ekki skrítið að margir útgerðarmenn trúðu því ekki að þessari endaleysi yrði haldið áfram og tóku þess vegna ekki þátt í að sölsa til sín kvóta. En þeir, ekki frekar en þjóðin, skildu ekki hvernig svikamyllu banka og nokkurra útgerða var háttáð. Hvernig lánunð voru út á væntanleg veð í kvótunum lán sem stóðu jafnvel seljandanum ekki til boða. ÚA-hneykslið til dæmis.

**SJÁVARÚT-VEGUR**



Ólafur Örn Jónsson  
togaraskipstjóri

Skaðinn varð strax ljós þegar þær útgerðir sem staðið höfðu fyrir kvótabreytingunni byrjuðu að sanka að sér allt of miklum þorskkvótum „að sunnan“ og notuðu þá til að liggja í smáfiski í nýopnuðum hölfum fyrir Norðurlandi allan veturinn. Það tók tvö ár að eyðileggja friðunina sem átti sér stað í Sóknarmarkinu og fjórum árum seinna, 1990, sást ekki þorskur fyrir Suðurlandi og veiðin á þorski komin í 90.000 tonna

sögulegt lágmark. Þarna var loksins brugðið við og hólfinu lokað og hert á smáfiskadrápi þessara skipa. En því miður í stað þess að afnema kvótakerfið var hert á því með afnámi frjálsra handfæraveiða og sett frjálst framsal. Við þetta fór af stað versta þróun sem hugsast gat fyrir íslenska sjómenn og þjóðina því að þarna hætti áherslan á hámarksafkastursins af veiðunum en í staðinn kom hámarksafkasturinn á einstaklinga á fjármögnun frá bönkunum. Nú var komin ríkisstjórn sem var til í að dansa hættulegan línudans

í þeim eina tilgangi að hygla mönnum í útgerð með „leyfi“ til að nota aflaheimildir „eign þjóðarinnar“ sem eiginfé í viðskiptum við banka. Þessi viðskipti stjórnunú nú á þessum tíma öllu varðandi úthlutunir aflaheimilda sem ekki máttu verða meiri en svo að „viðunandi“ skortur væri á aflaheimildum svo verð á „öllum“ kvóta væri hátt og stöðugt.

## 1998 til 2007

Nú fór í gang hálfgerð skálmöld þar sem hreint og klárt var verið að reyna að fækka mönnum

→ Fullvaxinn fisk á að veiða hvar sem í hann næst því þú tekur ekki fisk á morgun sem þú getur veitt í dag. Þetta er staðreynd sem allir reyndir skipstjórar þekkja vel.

í útgerð. Þetta gekk svo langt að jafnvel gjaldfelldu bankar lán smærri útgerða til að þvinga þær til að láta þorskkvóta af hendi. Þetta hafði gífurleg áhrif á litlar útgerðir þar sem menn áttu litla þorskkvóta sem þeir notuðu til að fiska aukategundir.

## Pöggun

En hvernig gátu svona alvarlegir atburðir átt sér stað? Fyrir utan að æðstu stjórnendur landsins stóðu vörð um þetta ferli og hvöttu til þess þá var í gangi þöggun þar sem ráðist var á alla þá í sjávarútvegi sem voguðu sér að segja sannleikann um það sem átti sér stað og bentu á dæmin þar sem miður fóru. Þarna voru sannarlega unnin mannréttindabrot á fólki og fjölskyldum sem við skulum vona að verði rannsökuð fyrir en seinna og tekin til dóms.

Veidar hafa alltaf verið sveiflukenndar á Íslandsmiðum, sem ætti að vera nóg ástæða til að menn skilji að kvótastýring er með öllu gagnslaus til að ná því markmiði að hámarka afrakstur greinarinnar. Ætla má að á síðustu 20 árum höfum við vanmetið veiðigetu þorsstofnsins fimm sinnum og mikið af fiski synt hjá garði og ekki nýst þjóðinni í útflutningsverðmæti eingöngu til að tryggja hátt og stöðugt veð á kvótunum í viðskiptum útgerða og banka. Að sjálfsögðu er þetta búð að skaða þjóðarbúið verulega og er skaðinn enn að birtast okkur núna í lítilli markaðshlutdeild sem gerir okkur erfitt fyrir í markaðsstriði við Norðmenn og Rússa nú þegar þeir eru búnir að átta sig á vitleysunni sem felst í því að reyna að „geyma“ óveiddan fisk í sjó. Fullvaxinn fisk á að veiða hvar sem í hann næst því þú tekur ekki fisk á morgun sem þú getur veitt í dag. Þetta er staðreynd sem allir reyndir skipstjórar þekkja vel.

## Gegn þjóðarvilja

Nú er svo komið fyrir okkur að við horfum upp á nokkra útgerðaraðila ætla sér eignaraðild að nýtingarrétti fiskimiðanna í trássi við fiskveiðistjórnunarlögin og gegn skýlausum vilja þjóðarinnar. Það verður að segjast að við erum vitni að frekju og óbilgirnri af hálfu sumra þessara manna og lygaáróðurinn sem þeir beita segir okkur að græðgin virðist ekki eiga sér nein takmörk hjá þessu fólki sem búð er að þvinga öll hagsmunasamtök og félög innan sjávarútvegs til að standa alfarið að baki þeim í baráttu þeirra fyrir þessari ólöglegu eignaraðild. Síðan, því miður, sjáum við alla fjóra gömlu stjórnmalaflokka landsins standa vörð um þetta kerfi og eru þeir til í að fara gegn þjóðinni þrátt fyrir að þjóðin hafi talað skýrt í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Eins og kom fram í fyrri grein minni gekk Sóknarmarkmið mjög vel og var sátt um það. Þetta kerfi er hægt að taka upp með engum fyrirvara og bæta við það skilyrði um að allur fiskur verði seldur á mörkuðum. Með þessu fyrirkomulagi fiskveiðistjórnunar komum við í veg fyrir óréttlæti, brottkast og löndun framhjá vigt. Við eyðum einokun að veiðum og vinnslu um leið og við hámarksafkastur miðanna. Okkur, sem trúum á frelsi einstaklingsins, á ekki dyljast að þetta yrði vítamínsprauti í íslenskt atvinnulíf sem mun skapa hringrás fjármagns sem síðan gagnast fyrirtækjum á innlendum markaði og í ríkisjóði. Hagur fólksins og fyrirtækjanna á að ganga fyrir græðgi fárra, það heitir lýðræði. Eyðum hagsmunagæslu fjórflokksins, kjósum nýju framboðin, kjósum DÖGUN.

**GÓÐ SAMSKIPTI**

**AÐ SETJA SIG Í SPOR ANNARRA**

**AÐ GLEÝMA ÞVÍ ALDREI AÐ ANNAD FÓLK HEFUR ÞARFIR OG SKOÐANIR SEM ERU ÖÐRUVÍSI EN OKKAR**

**HUGREKKI, ATHYGLI VIRÐING, ÞOLINMÆÐI**

**AÐ LEIÐA FREKAR EN SKIPA MUNA HLUTI SEM SNÚAST UM AÐRA**

**★ GÓÐ SAMSKIPTI BÆTA LÍFIÐ ★**

**OG ÞAU VERÐA TIL HJÁ OKKUR SJÁLFUM**



DREYMIÐ ÞIG UM GOTT KAFFI?

LAVAZZA



*Nú hafa AEG og LAVAZZA  
sameinast um að gera þér kleift  
að njóta þess besta sem ítölsk  
kaffimenning hefur upp á að bjóða  
- alla daga.*



**A Modo Mio fæst í Hagkaup**

Skeifunni, Kringlunni, Smáralind, Garðabæ, Akureyri.

**HAGKAUP**

*Ein ferð betra verð*



†  
 Ástkær móðir mín,  
**KRISTÍN STEINUNN LÁRUSDÓTTIR**  
 áður til heimilis í Gnoðarvogi 36,  
 Reykjavík,  
 andaðist í Skógarbæ sunnudaginn  
 10. febrúar. Útför hefur farið fram  
 í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Kjartan Jónsson



†  
 Elskuleg móðir okkar og amma,  
**VIÐÍS SVERRISDÓTTIR**  
 frá Hvammi, Norðurárdal,  
 lést fimmtudaginn 14. febrúar 2013  
 á Dvalarheimilinu Grund við Hringbraut.  
 Útförin fer fram í Neskirku föstudaginn  
 22. febrúar kl. 13.00.

Anna Vigdís Jónsdóttir  
 Sigurlaug Jónsdóttir  
 Sverrir Jónsson  
 Sigbjörn Jónsson  
 og ömmubörn.

Jörundur Svavar Guðmundsson  
 Hallgrímur Þorsteinn Magnússon  
 Danfríður Kristjónsdóttir  
 Valgerður Hildibrandsdóttir



†  
 Elsku hjartans eiginkona mín, yndislega  
 móðir okkar, tengdamóðir og amma,  
**SIGRÍÐUR HELGA SIGFÚSDÓTTIR**  
 snyrtifræðingur,  
 Helgubraut 15, Kópavogi,  
 lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi  
 aðfaranótt mánudagsins 18. febrúar. Útför  
 hennar fer fram frá Viðistaðakirkju  
 í Hafnarfirði mánudaginn 25. febrúar kl. 15.00. Þeim sem vilja  
 minnst hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

Björn Gíslason  
 Þorsteinn Björnsson  
 Anna Lilja Björnsdóttir  
 Finnbjörn Már Þorsteinnsson  
 Tinna Ósk Þorsteinsdóttir

Sóley G. Karlsdóttir  
 Ragnar Garðarsson  
 Sigríður Ragnarsdóttir  
 Benedikt Björn Ragnarsson



†  
 Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir,  
 afi og langafi,  
**ÞORSTEINN ELÍSSON**  
 Laxárdal,  
 síðast til heimilis að Glósdölum 7, Kópavogi,  
 verður jarðsönginn frá Prestbakkakirkju í  
 Hrutáfirði laugardaginn 23. febrúar kl. 14.00.

Guðný Sigríður Þorsteinsdóttir  
 Guðrún Þorsteinsdóttir  
 Karólína Dóra Þorsteinsdóttir  
 Elinborg Þorsteinsdóttir  
 Ólöf Þorsteinsdóttir  
 barnabörn og barnabarnabörn.

Sveinn Karlsson  
 Jón Einarsson  
 Böðvar Stefánsson  
 Bergvin Sævar Guðmundsson  
 Böðvar Sigvaldi Böðvarsson



†  
 Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,  
 tengdafaðir, afi og langafi,  
**EINAR VALMUNDSSON**  
 frá Móeiðarhvoli,  
 lést á Dvalarheimilinu Kirkjuhvoli  
 sunnudaginn 17. febrúar. Útförin fer fram  
 frá Oddakirkju laugardaginn 2. mars kl. 14.00.

Guðrún Jónsdóttir  
 Valmundur Einarsson  
 Hermann Jón Einarsson  
 María Rósa Einarisdóttir  
 barnabörn og barnabarnabarn.

Elísabet Anna Ingimundardóttir  
 Guðmann Óskar Magnússon



†  
 Elskuleg frænka okkar,  
**ÁSGERÐUR JÓNSDÓTTIR**  
 kennari,  
 frá Gautlönðum, Mývatnssveit,  
 er látn.

Anna Áslog Ragnarsdóttir  
 Sigríður Ragnarsdóttir  
 Hjálmar Helgi Ragnarsson  
 Ásgeir Böðvarsson  
 Jóhann Böðvarsson  
 Jón Gauti Böðvarsson  
 Sigurður Guðni Böðvarsson  
 Björn Böðvarsson  
 Geirfinnur Jónsson  
 Sólveig Anna Jónsdóttir  
 Herdís Anna Jónsdóttir  
 og fjölskyldur.

## Borgarverðir sinna utangarðsfólki í neyð

Borgarverðir eru teymi á vegum Reykjavíkurborgar sem kemur utangarðsfólki til hjálpar í erfiðum aðstæðum.

„Það er svo mikið sem maður getur gert sem gleður fólk og bætir lífs-gæði þeirra. Þetta eru bara venjulegar manneskjur sem hafa orðið fyrir því að ánetjast neyslu. Þær eiga sína gleði og sínar sorgir,“ segir Hugufrún Guðmundsdóttir, verkefnastjóri Borgarvarða, um utangarðsfólk í Reykjavík. Borgarverðir eru hreyfanlegt teymi á vegum Reykjavíkurborgar sem kemur utangarðsfólki til hjálpar í aðstæðum sem það ræður ekki við, hvort sem það er af sökum vímuefnaneyslu, geðrænna vandamála eða af öðrum orsökum. „Það er ekki utangarðsfólksins að leita sér aðstoðar heldur kemur faglegt teymi og aðstoðar það á þeirra forsendum,“ segir Elfa Björk Ellertsdóttir, upplýsingafulltrúi velferðasviðs Reykjavíkurborgar.

Þrír til fjórir Borgarverðir hafa verið starfandi á vegum Reykjavíkurborgar frá því síðastliðið vor. Til að byrja með átti að starfrækja teymið í eitt ár en Hugufrún vonast til að það verði framhald á því. „Við finnum þörf fyrir þessa þjónustu og samstarfsaðilar okkar eru ánægðir með hana.“ Samstarfsaðilar Borgarvarða eru meðal annars Bráðamóttakan í Fossvogi, Neyðarlínan, meðferðarstofnanir, Rauði kross Íslands og aðrir sem koma að þjónustu við utangarðsfólk. Borgarverðir eru einnig í samstarfi við Mannréttindaskrifstofu en aðra hvora viku kemur til þeirra ráðgjafi sem aðstoðar pólskumælandi utangarðsfólki.



BORGARVERÐIR Haraldur Sigurðsson, Hugufrún Guðmundsdóttir og Baldvin Örn Einarsson á vaktinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hugufrún segir fólk þurfa aðstoð við margt þegar það er í þeirri aðstöðu að eiga ekki heimili. „Við sjáum um að koma fólki á milli stada eftir þörfum og aðstoða það í neyð. Við bjóðum því aðstoð og sjáum til þess að það fái viðeigandi þjónustu. Við reynum líka að draga úr þeirri hættu og þeim skaða sem það verður fyrir af því að það er í neyslu.“

Borgarverðir skrá niður alla

þjónustu sem þeir veita að beiðni velferðarsviðs svo hægt sé að greina hvar þörfin er mest. Hugufrún segir utangarðsfólk helst þurfa á heilbrigðisþjónustu og félagslegum úrræðum að halda en „það vantar þó einna helst úrræði þegar fólk vill fara að gera eitthvað í sínum málum. Það vantar aðstoðu þar sem það getur komist í meðferð með stuttum fyrirvara og hvílt sig.“

-kbj



†  
 Okkar ástkæri  
**VALDIMAR JÓNSSON**  
 húsgagnasmiður,  
 Álfhólsvegi 64, Kópavogi,  
 lést á Landspítalanum 12. febrúar sl. Útförin  
 hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Börn, tengdabörn og fjölskyldur.



†  
 Okkar ástkæri  
**STEFÁN HERMANNS**  
 Álfaskeiði 64, Hafnarfirði,  
 lést þann 19. febrúar á gjörgæsludeild  
 Landspítalans. Hann verður jarðsönginn  
 í Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 1. mars  
 klukkan 15.00.

Ástvinir



†  
 Ástkær frænka okkar,  
**MARÍA SIGRÍÐUR JÓHANNSDÓTTIR**  
 frá Hömrum,  
 lést á Hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð  
 á Akureyri sunnudaginn 10. febrúar.  
 Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju  
 mánudaginn 25. febrúar kl. 13.30.


Fyrir hönd aðstandenda,  
Elís Valtýsson.



†  
 Innilegar þakkar fyrir sýnda samúð  
 og vinarhug við andlát og útför  
**SVANHILDAR JÓNSDÓTTUR**  
 Kristnibraut 2.  
 Sérstakar þakkar fær starfsfólkið  
 á hjúkrunarheimilinu Eir fyrir góða umönnun  
 og hlýhug í hennar garð.

Bjarni Þórarinnsson  
 Jón Rúnar Bjarnason  
 Anna Bjarnadóttir  
 Þórarinn Bjarnason  
 barnabörn og barnabarnabörn.

Jóhanna Björnsdóttir  
 Birgir Kristmannsson  
 MARY Björk Sigurðardóttir



†  
 Okkar ástkæra eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,  
**JÓNA ANNA SIGURÐARDÓTTIR**  
 sjúkraliði,  
 Suðurlandsbraut 62,  
 lést miðvikudaginn 13. febrúar. Útför hennar fer fram  
 frá Langholtskirkju fimmtudaginn 28. febrúar klukkan 13.00.

Einar H. Kristjánsson  
 Lilja Rós Einarisdóttir  
 og barnabörn.

Árni Claessen



†  
 Elsku hjartans maðurinn minn, yndislegi  
 faðir okkar, bróðir, tengdasonur, sonur og  
 mágur,  
**STEINAR ÖRN INGI-MUNDARSON**  
 Fannaöld 227, Reykjavík,  
 lést í faðmi fjölskyldu sinnar á líknardeildinni  
 í Kópavogi aðfaranótt sunnudagsins  
 17. febrúar. Útförin fer fram mánudaginn  
 25. febrúar kl. 11.00 í Grafarvogskirkju.

Jóna Margrét Sigurðardóttir  
 Hrunð Steinarsdóttir  
 Óskar Ingimundarson  
 Jón Þór Ingimundarson  
 Ingi Pétur Ingimundarson  
 Unnar Smári Ingimundarson  
 Margrét Ingimundardóttir  
 Sigurður Atli Elísson  
 Þyri Þorvaldsdóttir

Þór Steinarsson  
 Björk Steinarsdóttir  
 Hrafnhildur Halldórsdóttir  
 Helena Ingvadóttir  
 Sigrún Pálsdóttir  
 Elín Berglind Víktorsdóttir

Guðrún Auður Böðvarsdóttir  
Ingimundur Óskarsson



†  
 Elskulegur maðurinn minn, faðir,  
 tengdafaðir, afi, bróðir og mágur,  
**EGILL GR. THORARENSEN**  
 Bólstaðarhlíð 50,  
 Reykjavík,  
 lést á hjúkrunarheimilinu Mörk mánudaginn  
 18. febrúar. Útför hans verður auglýst síðar.

Ásdís Matthíasdóttir  
 Grímur Thorarensen  
 Egill Thorarensen  
 Darri Már Grímsson  
 Kristín Thorarensen  
 Guðrúður Thorarensen  
 Guðlaugur Thorarensen  
 Daniel Thorarensen  
 Sigurður Thorarensen

Lilja Andrésdóttir  
 Örn Vigfússon  
 Þóroddur Ásgeirsson  
 Gloria Thorarensen  
 Áslog Guðmundsdóttir

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## ÓSKARINN NÁLGAST

Helsta tiskusýning ársins fer fram á sunnudagskvöldið þegar Óskarsverðlaunin verða afhent í Los Angeles. Margir biða spenntir eftir að sjá hverju frægustu leikkonurnar skarta á rauða dreglinum. Tískan sem birtist á Óskarnum reynist oftast en ekki sú sem hefur mest áhrif á þær konur sem vilja fylgja tiskunni.

## NÝKOMINN, GLÆSILEGUR



teg GEM - fæst í D,DD,E,FF,G skálum á kr. 9.770,-

*Misty* - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366  
Þú mætir - við mælum og aðstoðum  
www.misty.is  
Opíð frá 10-18 virka daga.  
Laugardaga frá kl. 10-14  
Vertu vinur

# ER AÐ LJÚKA VERTÍÐ

**HEIM AÐ SLAKA Á** Á bak við búningana tvö hundruð í leiksýningunni *Mary Poppins stendur búningahönnuðurinn María Theódóra Ólafsdóttir.*

**M**ary Poppins er eitt af stærstu verkefnum Maríu, sem þó hefur komið víða við sem búningahönnuður. „Ég byrjaði að hanna búningana í ágúst og saumavinnan hófst í nóvember. Þetta er því gríðarmikið verk á stuttum tíma,“ segir María um þá tæplega 150 búninga af um 200 sem saumaðir voru frá grunni.

Mary Poppins er flestum kunn úr kvikmyndinni sem er frá árinu 1964. „Þú sérð Mary ekki fyrir þér öðruvísi en með svarta hattinn með blómunum, slaufuna um hálsinn og með svuntuna. Sumum hlutum er óþarfi að breyta og óþarfi að finna upp hjólið.“

Í öðrum hlutum sýningarinnar eru farnar nýjar leiðir og ekki sótt í þekktar fyrirmyndir. „Í senunni sem flestir þekkja sem teiknimyndasenua úr kvikmyndinni sköpum við nýjan heim og ferðumst niður í hafdjúpin.“ Þar má fólk eiga von á hafmeyjum, sokknum marmarastyttum og hvers kyns furðufiskum. „Ótrúlega mikið af duglegu fagfólki hefur komið að verkefninu og saumakonurnar í Borgarleikhúsinu eru búnar að vera á haus síðustu þrjá mánuði.“

Í tvígang þurfti María að bregða sér til London í leit að efni í búningana. „Þetta eru litríkir og fjölskrúðugir búningar. Þótt margt sé fánlegt á Íslandi er það samt svo lítið að stundum þarf að fara út fyrir landsteinana til að finna ákveðin efni.“

Að frumsýningu lokinni ætlar María að njóta þess að slaka á og taka sér frí. „Þetta er eins og að fara á vertíð. Yngstu börnin mín sem eru fjögurra ára eru farin að sætta sig við að ég vinni fram á nætur og segja bara að mamma sé í útlöndum. Sem er þínu sárt að heyrja. Ég gæti þetta ekki án mannsins míns og mömmu minnar sem hafa séð um börnin. Eftir frumsýninguna á morgun ætla ég því að fara að baka pönnukökur á daginn og njóta þess að vera með þeim.“



### SAUMAÐ AF KRAFTI

Tæplega 150 af um 200 búningum í *Mary Poppins* voru saumaðir frá grunni.

### LITRÍKT OG FJÖLBREYTT

Búningarnir eru ótrúlega fjölbreyttir og litríkir í anda söguviðs *Mary Poppins*.

## Opnum í dag með fulla verslun af nýrri vorvöru!




Vertu vinur okkar á Facebook

*Hjá Hrafnhildi*

• Engjateigur 5  
• Sími 581 2141  
• www.hjahnrafnhildi.is

Opíð virka daga frá kl. 10-18

laugardaga frá kl. 10-16



GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT

## Fermingar tilboð

12 mán. vaxtalaussar greiðslur\*

\*3.5% lántökugjald



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

Tilboðsverð kr. 74.900.-

VALHÖLL  
Svæðisskipt heilsudýna  
5 svæðaskipt pokagormakerfi, gæðabólstrun, góð nýting á svefnflötum. Verð með PU-leðurbotni og fótum. - Til í mörgum stærðum  
Stærð 120x200 cm

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ



GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM.

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233

Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150

Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00

Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaál - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

# Í VINNU HJÁ L'ORÉAL

**SNYRTIVÖRUIÐNAÐURINN** Hildur Ársælsdóttir er einu skrefi nær draumastarfinu en hún var nýlega ráðin til snyrtivörurísans L'Oréal. Af því tilefni flytur hún frá París til Kaupmannahafnar.



HILDUR ÁRSÆLSDÓTTIR

**H**ildur Ársælsdóttir hefur stefnt að því leynt og ljóst í fjölda-mörg ár að starfa innan snyrtivörugeirans. Hún stundaði nám við snyrtiskólann Art of Style í Danmörku, nám í snyrtivöruframleiðslu hjá FIDM í Los Angeles og lýkur brátt fjarnámi í viðskiptafræði með áherslu á markaðssamskipti frá Háskólanum á Bifröst.

Nýlega náði hún merjum áfanga á ferlinum þegar hún var ráðin til snyrtivörurísans L'Oréal. „Mig hefur dreymt um að vinna hjá L'Oréal síðan ég var lítil,“ segir Hildur sem er afar kát með nýju stöðuna.

En í hverju felst starfið?

„Ég er í þjálfun núna í markaðsdeildinni fyrir stöðu „junior product manager“ sem mér verður veitt þegar ég lýk námi mínu í haust,“ svarar Hildur og heldur áfram: „L'Oréal skiptir vörumerkjum sínum niður í fjórar deildir sem eru „Luxury product division“ þar sem merki eins og Helena Rubinstein, Lancome og YSL eiga heima, „Consumer product division“ þar sem vörumerki eins og Maybelline og Garnier eru, „Active cosmetics“ þar sem „apóteks“-merkin eru og svo „Professional product division“ sem ég sit í en þar eru vörumerkin fyrir hárgreiðslustofurnar,“ segir Hildur sem er í þriggja manna markaðsteymi sem sér um amerísku vörumerkin Redken, Matrix og Pureology. „Starfið felst í því að sjá algjörlega um reksturinn á þessum vörumerkjum,“ lýsir Hildur en hennar deild hefur umsjón með Danmörku, Íslandi og Færeyjum.

Ljóst er að ekki er hlaupið að því að fá starf hjá L'Oréal. Hvernig atvikaðist að Hildur hreppti stöðuna?



„Það er reyndar mjög skemmtilegt hvernig þetta gerðist. Eftir að ég lauk námi í Bandaríkjunum síðastliðið vor vildi ég komast aftur til Evrópu. Ég flutti til Parísar, borgar snyrtiúnaðarins, tilbúin að gleypa heiminn. Ég fékk strax viðtal hjá Estée Lauder, þau flugu mig yfir til Kaupmannahafnar í seinna viðtalið og ég var alveg viss um að ég væri með starfið í vasanum, en svo var ekki. Ég var að sjálfsögðu alveg miður mín en lét það ekki á mig fá heldur byrjaði að hanna og þróa mína eigin snyrtivörulínu í samstarfi við snyrtivöruframleiðanda í París,“ segir Hildur. Fljótlega fékk hún símtal frá „talent sourcing director“ hjá L'Oréal í París sem hafði fundið ferilskrá Hildar, fannst hún áhugaverð og spurði hvort hún væri til í að vinna annars staðar en í París sem Hildur játti. Ekkert heyrðist nú í tvo mánuði og Hildur hafði gefið hugmyndina upp á bátinn þegar hún fékk tölvupóst frá mannaússtjóra L'Oréal á Norðurlöndunum. Ákveðið var að senda Hildi í viðtal fyrir starf í Danmörku. „Þeir vildu tryggja að ég gæti talað og skrifað dönsku áður en ég yrði send áfram í næsta viðtal sem yrði þá á dönsku. Ég lofaði því, án þess að vera búin að tala dönsku í þrjú ár enda fann ég hvað ég var orðin spennit fyrir þessu þar sem L'Oréal er stærsta snyrtivörufrýrtæki í heiminum. Við-

talið átti ekki að vera fyrr en hálfum mánuði síðar svo ég var viss um að fá nógan tíma til að æfa mig og undirbúa. Hálf tíma eftir var hringt aftur og spurt hvort ég gæti ekki farið í tvö viðtöl í hádeginu daginn eftir sem ég samþykkti þó ég væri í algjöru panikki hinu megin á línunni,“ lýsir Hildur kímín. „Það þarf ekki að taka það fram að restina af deginum og kvöldinu var talað, sungið og skrifað á dönsku og svo sofnað yfir danskri mynd,“ segir Hildur en svo fór að viðtölin gengur glimrandi vel. „Fyrir mér var það ekki spurning um að taka þessu boði þótt það þýddi að ég þurfti að flytja frá París og setja verkefni mitt á bið enda alveg ómetanleg reynsla sem ég mun öðlast og get lagt í reynslubankann.“

Hildur hefur nú verið hjá L'Oréal í mánuð og starfið leggst vel í hana. „Mér finnst ég bara vera komin heim. Ég er ánægð að vera aftur í Danmörku og vera nær fjölskyldunni á Íslandi.“

Innt eftir því hvort þetta sé draumastarfið segir Hildur það ekki eiga við. „En ég er allavega á réttum stað til að komast í draumastarfið. Ég er einungis 24 ára gömul og það er alveg frábært að vera komin með fótinn inn fyrir dyrnar. Draumastarfið er klárlega innan þessara dyra og nú er bara spurning hve lengi það mun taka mig að vinna mig upp í það.“

■ solveig@365.is

## ÓMETANLEG REYNSLA

Fyrir mér var það ekki spurning um að taka þessu boði þótt það þýddi að ég þurfti að flytja frá París og setja verkefni mitt á bið enda alveg ómetanleg reynsla sem ég mun öðlast og get lagt í reynslubankann.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega. Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal | Hönnun: Silja Ástþórsdóttir | Sölumenn: Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is, s. 512 5473 | Sverrir Birgir Sverrisson, sverrir@365.is, s. 512 5432 | Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427

# basic

Sími 571-5671

Háholti 13 - 15 / 270 Mosfellsbæ

**Full búð af nýjum stólum!**

**Nýjar vörur komnar!**

**Eitt landsins mesta úrval hvíldarstóla, er nú í Mosfellsbæ.**

**Lokadagar útsölu!**

fransa **skunkfunk**

ZE-ZE CONCEPT **ZIBIZ** **Deaigual**

OPIÐ Virka daga 12-18 Laug. 12-15 Erum á facebook Basicplus Mosfellsbæ



## 30 ÁRA AFMÆLI DIET COKE

### ■ NÝ HÖNNUN

Þrjátíu ár eru liðin frá því Diet Coke kom fyrst á markaðinn. Af því tilefni fékk tiskuhönnuðurinn Marc Jacobs það hlutverk að hanna nýjar umbúðir fyrir drykkinn. Auk þess lét hann sig hafa að leika í auglýsingu þar sem nýju umbúðirnar eru kynntar. Marc Jacobs, sem er einn frægasti hönnuður Bandaríkjanna, var ánægður með verkið en hann segir að hann hafi horft til síðustu áratuga við vinnuna. Þrjár tegundir voru gerðar, ein sem er táknræn fyrir níunda áratuginn, önnur fyrir þann tíunda og sú þriðja tileinkuð fyrsta áratug nýrrar aldar. Jacobs leitaði til tisku hvers áratugar fyrir sig í hönnuninni. Nýju dósirnar verða teknar í notkun 25. febrúar næstkomandi og verður dreift fyrst í NV-Evrópu. Diet Coke er í fyrsta sæti yfir vinsælustu sykurskertu gosdrykkina í heiminum og er hann seldur í 167 löndum. Drykkurinn er sérstaklega vinsæll í Evrópu.



## SKART YFIR- FÆRT Á DISK

### ■ SKART VERÐUR MUNSTUR

Guðbjörg Kristín Ingvarsdóttir skartgripahönnuður sýnir á HönnunarMars borðbúnað sem hún vann í samvinnu við finnska hönnunarteymið Elino. Munstrin á borðbúnaðinum eru unnin upp úr tvennum skartgripalínum Guðbjargar, Dögg og Heklu. Borðbúnaðurinn verður hluti samsýningar nokkurra hönnuða og listamanna á HönnunarMars í Vaktarabænum að Garðastræti 23. Auk Guðbjargar sýna Gulleik Lövska, Ásdís Birgisdóttir og Ingibjörg Helga Ágústsdóttir verk sín.

## ÞORSKKVARNIR SAGÐAR BOÐA GÆFU

Guðrún Eysteinsdóttir og Guðlaug Ágústa Halldórsdóttir textilhönnuðir hafa unnið skartgrip úr silfri út frá innra eyra þorsks með aðstoð gullsmíðsins Jóns Tryggva Þórsónar. Skartið verður sýnt á komandi HönnunarMars.

„Skartgripirnir eru unnir út frá þorskkvörnum, en þorskurinn er einn af okkar verðmætustu nytjafiskum,“ segja Guðlaug og Guðrún. „Kvarnir eru hluti af heyrnar- og jafnvægis-

skynfærum fiska, sem eru við innra eyra beinfiska. Kvarnirnar líta út eins og litlar skjannahvítar steinagnir og þær minna helst á laufblað eða fjöður. Sagt er að þar af kvörnum boði eiganda þeirra gæfu.“

Guðrún og Guðlaug gera einnig þorskinn að viðfangi í textilverkum sínum á sýningunni Fiskur, sem verður á veitingastaðnum Fish við Skólavörðustíg 23 á HönnunarMars dagana 14.-17. mars.



**ÞORSKKVARNIR** Skart sem unnið er út frá innra eyra þorsks verður til sýnis á komandi HönnunarMars.  
MYND/ÚR EINKASAFNI

# DEBENHAMS

Sérfræðingur frá **Bourjois** veitir ráðgjöf í **Debenhams** og kynnir nýjungar dagana 21. – 27. febrúar – **20% afsláttur.**

BOURJOIS síðan 1863

BOURJOIS  
— PARIS —

FOND DE TEINT  
**BB  
CREAM**

maquillage et soin en 1 seul geste

**BB kremfarði**

1. Með 16 tíma endingu á húð
2. Mýkir
3. Hnitmiðuð hyljun
4. Dregur úr þreytu á húð
5. Fullkomin möttun
6. Langvarandi raki
7. Parabenfrír
8. Spf 20

L'ÉQUILIBRE PARFAIT !

Effet seconde peau lisse et unifiée instantanément

www.bourjois.com

Finndu okkur á facebook

Gerðu lífið skemmtilegra

DEBENHAMS SMÁRALIND  
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

## Útsaums- pakkingar og útsaumsefni



Amma mús - handavinnuhús  
Ármúla 18, 108 Reykjavík • Sími 511 3388  
Opíð mán - fös 9 - 18, lau 11-15

## Parísartízkan fagnar 50 ára afmæli um þessar mundir.

Full búð af nýjum  
vörum og  
**50% afsláttur**  
af völdum vörum.



**B/A/S/L/E/R Parísar**  
TÍZKAN  
Skiopholti 29b • S. 551 0770



## 2 fyrir 1 af öllum útsöluvörum

Þú velur tvær flíkur af útsölnni  
og greiðir bara fyrir dýrari flíkina

Belladonna á Facebook

**belladonna**

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • [www.belladonna.is](http://www.belladonna.is)



## STÆRRI OG, GLÆSILEGRI RÍTA

Opnum aftur kl. 13.00 í dag eftir breytingar  
á RÍTU í BÆJARLIND.

Af því tilefni gefum við 20% AFSLÁTT af öllum vörum  
í versluninni fimmtudag, föstudag og laugardag.  
Hiökkum til að sjá ykkur.



Bæjarlind 6, s. 554-7030  
[www.rita.is](http://www.rita.is)

Við erum á Facebook

# HÁRLENGING GETUR ORSAKAÐ HÁRLOS

**ALVARLEGT** Töluverð umræða hefur skapast í Bandaríkjunum um vandamál tengd hárlengingu. Dr. Bolli Bjarnason, sérfræðingur í húðsjúkdómum, tekur undir að þær geti verið varasamar.

**H**árlengingar eru algengar í Bandaríkjunum, ekki síst á meðal fræga fólksins í Hollywood. Bandarísk kona leitaði til læknis í New York vegna mikilla og stöðugra höfuðverkja. Þrátt fyrir umfangsmiklar rannsóknir tókst lækninum ekki að finna orsökina og sendi konuna til taugasérfræðings. Rannsókn hans leiddi í ljós að hárlenging sem konan hafði farið í væri orsakavaldurinn.

Dr. Orly Avitzur, læknir í New York, sagði í viðtali við sjónvarpsstöðina ABC að fleiri kvillar en sár höfuðverkur gætu fylgt hárlengingum og nefndi hann blæðandi sár í hárbotni, hárlas, jafnvel blettaskalla. Þá geta komið upp ofnæmisviðbrögð eins og mikill kláði og exem.

Vitað er að söngkonan Britney Spears og fyrirsætan Naomi Campbell hafa báðar þjáðst af vandamálum eftir hárlengingu. Bandarískur læknir segir að oft sé útlitsdýrkunin dýru verði keypt því hún geti haft alvarlegar afleiðingar. Nokkrar konur hafa sagt sögu sína í morgunþættinum Good Morning America þar sem mikið hefur verið fjallað um málið.

Bolli Bjarnason, sérfræðingur í húð- og kynsjúkdómum, starfar hjá Útlitslækningu í Álftamýri. Hann var spurður hvort þetta vandamál væri þekkt hér á landi. „Ég þekki vel vandamál sem koma upp vegna togs á hárinu og það er þekkt skýring á skalla sem kallast „tractions alopecia“,“ svarar hann. „Ég hef séð svona vandamál hjá ungum stúlkum sem teygja hárið í fasta lokka, sérstaklega þegar þessir föstu lokkar eru gerðir í hárinu í lengri tíma. Svona hárlengingar geta orsakað ertingu í hárrótum og einnig höfuðverk.“

Bolli segir að fastar fléttur eða annað tog í hárið geti valdið ýmsum vandamálum, hárið geti losnað ef það verður truflun í hárrótunum. „Það er helst að maður sjái þetta vandamál hjá ungum stúlkum,“ segir hann og bætir við að ýmis hárefni geti sömuleiðis valdið ofnæmi og ertingu í hársverði. „Slíkt er algengt. Ég ofnæmisprófa þessi tilfelli



til að finna skýringu á vandanum. Oft er hægt að finna orsökina og þá er hægt að ráðleggja fólki hvaða vörur það geti notað og hvað það eigi að forðast. Það þarf stundum að kenna fólki að lesa innihaldslýsingar á hárvörum til að varast óæskileg efni. Þetta á einnig við um ýmsar snyrti- og fördunarvörur.“

Bolli er sérhæfður í snertiofnæmi og starfar mikið við lýtahúðlækningar (e. cosmetic dermatology). Doktorsritgerð hans fjallaði um leisertækni og ofnæmi.

■ [elin@365.is](mailto:elin@365.is)

### HÁRLENGING

Það er dýrt að fara í hárlengingu og þess vegna betra að vita hvað það geti haft í för með sér.



**FALLEG HÁR** Britney Spears þarf að líta vel út og breytir um hárstíl reglulega.



**SKELFILEGT** Britney Spears lenti í alvarlegum hárvandamálum eftir hárlengingu og þá var þessi mynd tekin af henni.

### OFNÆMI

Dr. Bolli Bjarnason kannast vel við að ýmsar hárvörur valdi ofnæmi, kláða og annarri ertingu í hársverði. Það sé töluvert algengt hér á landi.

### Á NETINU

Á heimasíðunni [www.utlitslaekning.is](http://www.utlitslaekning.is) er ýmis fróðleikur um þessi mál.

# Dularfull matarlyst leikskólabarna

Berglind Mari Valdemarsdóttir lýkur námi í hagnýtri menningarmiðlun frá Háskóla Íslands í vor. Hún rannsakar hver galdurinn er á bak við góða matarlyst leikskólabarna og safnar nú saman á vefsíðu uppáhaldsmataruppskriftum leikskólabarna.

Vefsíðan er lokaverkefni mitt í skólanum en mig hafði lengi langað til að fá að kíkja í kokkabækur leikskólanna," segir Berglind Mari Valdemarsdóttir, nemi í hagnýtri menningarmiðlun. Hún hefur safnað uppáhaldsuppskriftum leikskólabarna saman á vefsíðu og eldað réttina heima. Hún segir dularfulla matarlyst sonars síns hafa kveikt hugmyndina.

„Ég fékk alltaf að heyra hvað strákurinn minn borðaði vel í leikskólanum en fannst hann ekki hafa mikla matarlyst heima. Ég heyrði svipaðar sögur hjá öðrum foreldrum og þegar ég vann svo sjálf einn vetur á leikskóla sá ég hvað krakkarnir borðuðu alltaf vel og hvað maturinn var góður.“

Berglind sendi öllum leikskólum landsins bréf og bað um að fá sendar uppskriftir. Hún fékk svör frá yfir fimmtíu leikskólum og hófst handa við að elda og prófa réttina á fjölskyldunni.

„Þetta hefur gengið mjög vel, drengurinn klárar alltaf af diskunum," segir hún hlæjandi og telur sig hafa komist að leyndarmálinu að baki þessarar góðu matarlystar leikskólabarna.

„Það er einfaldleikinn í matreiðslunni. Eins komst ég í handbók fyrir leikskólaeldhús og þar er að finna ýmis ráð, sem ég

set einnig á síðuna. Til dæmis að láta matinn líta vel út, ekki blanda honum mikið saman eða stappa og að bjóða upp á fjölbreyttan mat en kynna eina nýja tegund í einu til að smakka. Eins að gefast ekki upp þó barnið fúlsi við einhverju nýju heldur bjóða aftur upp á það nokkru síðar," segir Berglind.

Hún segir eldamennskuna hjá henni sjálfri hafa breyst eftir að hún fór að vinna verkefnið og hún sé meðvitaðri um það sem ratar í pottana.

„Ég er til dæmis meðvitaðri um að bjóða upp á fjölbreyttan mat og eins sá ég í handbókinni að löggö er áhersla á meðalhóf. Það finnst mér heilbriggt viðhorf gagnvart mat og sjálf hef ég á bak við eyrað að tala alltaf vel um mat í eyru barna.“

En kom henni eitthvað á óvart?

„Já, vinsælasta uppskriftin sem ég fékk er að lifrabuffi. Ég get ekki ímyndað mér mörg börn fá lifrabuff heima hjá sér. Ég á sjálf til dæmis eftir að koma mér í að elda þá uppskrift," segir hún spök.

Vefsíðan fór í loftið þann 16. janúar og munu bætast við uppskriftir og ýmis ráð fram á sumar en Berglind lýkur náminu í júní. Slóðin á síðuna er <http://uppahalds.tumblr.com>.

- rat



Berglind Mari Valdemarsdóttir hefur safnað saman uppáhaldsuppskriftum leikskólabarna og komist að leyndarmálinu á bak við góða matarlyst krakkanna.

MYND/GVA

## UPPÁHALD KRAKKANNA Í VINAGARÐI

Kjúklingaréttur frá leikskólanum Vinagarði í Reykjavík  
Fyrir fjóra

3-4 kjúklingabitar

Sósa

1 dl tómatsósa  
1 tsk. karrí  
½ tsk. engifer  
½ peli matreiðslu-  
rjómi  
Hraerið innihalds-  
efnum sósunnar  
saman.

Aðferð

Leggið kjúklinga-  
bitana í eldfast  
mót og kryddið  
með salti og pipar.  
Hellið sósunni yfir.  
Bakið í ofni við  
200 gráður í 60  
mín.

Njótið!



Kjúklingaréttur frá leikskólanum Vinagarði í Reykjavík er meðal þess sem er að finna á síðu Berglindar.

MYND/BERGLIND MARI VALDEMARSDÓTTIR



# RECARO

Sölustaðir:

- BabySam
- Móðurást
- Fífa
- Brimborg Akureyri



# Nýtt Kattholt í Veröld Astridar Lindgren

Foreldrar velta oft fyrir sér hvað þeir geti gert skemmtilegt með börnunum í sumarfríinu. Heimsókn í Veröld Astridar Lindgren í Smálöndunum í Svíþjóð gæti verið svarið, en nú eru fimmtíu ár frá því að Emil í Kattholti varð til.

Veröld Astridar Lindgren er í heimabæ hennar, Vimmerby. Þar geta bæði börn og fullorðnir hitt eftirlætispersónur sínar úr bókum þessa vinsæla rithöfundar. Væri ekki skemmtilegt að rekast á Línu langsokk og skoða Sjónarhól? Þarna eru líka Ronja ræningjadóttir, börnin í Ólátagarði, Kalli á þakinu og fleiri þekktar söguhetjur. Á þessu ári eru 50 ár síðan bókun um Emil í Kattholti kom fyrst út og af því tilefni hefur Kattholt verið endurgert og pússað upp. Nýja Kattholt opnar þann 16. júní.

Í þessum skemmtilega bæ er hægt að heimsækja veitinga- og kaffihús og snæða mat sem oft og tíðum á rætur að rekja til bóka. Lögd er áhersla á gott hráefni úr héraði. Þá er einnig hægt að fá gistingu í sögulegum smáhúsum. Alfréd og Lína eru aldrei langt undan. Margir kjósa að vera yfir nótt í bænum því það þarf tvo daga til að upplifa ævintýrið til fulls.

Bærinn íðar af lífi því þarna eru sögupersónurnar lifandi komnar. Börnin geta leikið við Línu, Tomma og Önnu eða tekist á við Ronju. Söngur og gleði setja svip sinn á bæinn því þarna vilja allir leika sér. Það má jafnvel fara um



Kalli á þakinu tekur vel á móti öllum krökkum.

borð í skútu Langsokks, pabba Línu. Og til að geta leikið þarf maður að borða og þá eru veitingastaðirnir ekki langt undan.

Fyrsta húsið í Veröld Astridar Lindgren, Kattholt, var byggt árið 1981. Það voru þrjár fjölskyldur í Vimmerby sem áttu hugmyndina. Árið 1989 komu nýir eigendur að uppbyggingunni. Sögubærinn óx og dafnaði og ævintýraumhverfi bræðranna Ljónshjarta leit dagsins ljós árið 1990. Ári síðar varð aðalgata bæjarins tilbúin en hún nefnist Brákmakargatan (Ólátagata/Skarkalagata). Þá skapaðist umgjörð til að kvikmynda söguna um Lottu í Ólátagötu og fóru upp-tökur fram um sumarið 1991 og veturinn 1992. Árið 2007 varð til

innanhússævintýri byggt úr sögunni um Saltkrákuna og árið 2009 varð til vatn og bryggja og þá loks gat pabbi Línu lagt skútu sinni í sögubænum. Það er alltaf gaman í þessum bæ.

Í bænum er hægt að kaupa ýmsa minjagripa tengda sögunum en það er einnig hægt að gera á netinu. Skoðið alv.se til að sjá hvað er í boði.

Það tekur þrjár klukkustundir að aka til Vimmerby frá Stokkhólmi og fjóra tíma frá Malmö. Dagurinn í sögubænum kostar 5.600 krónur fyrir börn á aldrinum 3-12 ára. Börn sem eiga afmæli þann dag sem þau koma fá ókeypis inn. Foreldrar greiða 8.000 krónur fyrir daginn.



Langsokkur, pabbi Línu, býður um borð í skútuna.



Emil í Kattholti fær nýtt hús í sumar sem miklir fjármunir hafa verið settir í.



Frelsi til að leika sér á sinn hátt í rakadrægustu bleiunni okkar sem passar best.



NÝTT!

NÝJAR Pampers Active Fit bleiur og NÝIR Pampers Maximum Care™ blautklútar.

NÝJAR Pampers Active Fit bleiur halda húðinni þurri í allt að 12 tíma, þær laga sig fullkomnlega að líkama barnsins og gefa því frelsi til að kanna nýja heiminn sinn – núna eru þær líka ennþá mýkri. Prófaðu einnig NÝJA Pampers Sensitive Maximum Care™ blautklúta, mýkstu blautklútarnir okkar sem þrifa húð barnsins á sem þægilegastan og mýkstan hátt.

Pampers®  
elska, sofa & leika



## Nýjungar frá Pampers

Pampers hefur sett á markað nýburableiur með innbyggðum rakamæli en hann segir til um þegar barnið hefur pissað. Bleiurnar heita Pampers New Baby og halda ungabarninu þurru. Þær eru með teygjanlegum hliðum og því þægilegar fyrir barnið. Þær eru sömuleiðis einstaklega mjúkar sem hentar viðkvæmri barnshúðinni. Þá eru festingarnar mjúkar og stillanlegar.

Framleiðandinn hefur sömuleiðis sett á markað nýja blautklúta, Sensitive Maximum Care. Þeir eru mýkri og þykkari en áður sem leiðir til betri árangurs við þrif. Varan hefur verið ofnæmisprófuð og er án ilmefna en búið er að sannreyna milda eiginleika hennar á rannsóknarstofu.







## Ilmefnalaust og ofnæmisprófað fyrir börnin

Dönsku hreinlætisvörurnar frá Neutral hafa slegið í gegn á meðal Íslendinga sem velja gæði fyrir sjálfa sig og heimilið án þess að auka hættu á ofnæmi. Barnalína Neutral er án ilmefna, litarefna, parabena og annarra óþarfa aukaefna.



Guðrún Húnfjörð  
MYND/GVA

**P**ví fyrr sem börn komast í tæri við ilmefni, þeim mun hættara er þeim við ofnæmi seinna á lífsleiðinni. Fjögur ofnæmistilfelli af hverjum tíu þróast í barnæsku en með því að velja þvottaduft, húðkrem, sápur og annað sem inniheldur ekki ilmefni er hægt að draga verulega úr hættunni á að börn þrói með sér ofnæmi,“ segir Guðrún Húnfjörð, vörumerkjastjóri hjá Nathan & Olsen. Fyrirtækið flytur inn umhverfisvænar og ofnæmisprófaðar vörur frá Neutral sem eru Íslendingum að góðu kunnar.

„Við foreldrar viljum auðvitað gera allt til að hugsa vel um börnin okkar

og barnalína frá Neutral fellur vel að því markmiði,“ segir Guðrún. Hún bendir á að barnalína sé algerlega án ilmefna, litarefna, parabena og annarra óþarfa aukaefna. „Í línunni finnur þú bæði sjampó og baðsápu sem eru þróuð sérstaklega fyrir ungarbörn, ásamt barnalínu sem er hrein jurtaolía og hentar hvort sem er í baðið, í ungbarnanuddið eða í þurran hársvörð ungbarna,“ lýsir Guðrún. Í línunni er húðkrem sem má nota hvar sem er á líkama barnsins en Neutral býður einnig upp á sérstakt bossakrem sem inniheldur sink. „Svo eru það blautþurrkurnar sem henta vel

í bleiuskiptin sem og til að þurrka litla putta og lítil andlit þegar vatn og þvottapoki eru ekki við höndina.“

Guðrún segir ekki síður nauðsynlegt að hugsa út í hvaða þvottaefni er notað til að þvo fót barna. „Fötin liggja á húð barnsins allan daginn og því er mikilvægt að þvottaefnið og mýkingarefni séu vel valin. Neutral þvotta- og mýkingarefni eru mild og örugg fyrir viðkvæma húð barna,“ bendir Guðrún á. Til að lengja líftíma barnafatanna, sem gjarnan þarf að þvo oft og mikið, er hægt að velja mismunandi gerðir af þvottaefni. Í Neutralmerkinu er hægt að fá þvottaefni sér-

staklega fyrir hvítan, svartan eða mislitan þvott.

Neutral-vörurnar eru þróaðar í samstarfi við dönsku Astma- og ofnæmissamtökin og Astma- og ofnæmisfélag Íslands mælir með Neutral-vörunum.

Allar barnavörur Neutral eru Svansmerktar sem er trygging fyrir því að gæði þeirra og virkni er jafn góð eða betri en í sambærilegum vörum.

„Þú þarft því ekki að þekkja öll innihaldsefni og hafa áhyggjur af því að barnið þitt komist í snertingu við skaðleg efni, það er búið að kanna það fyrir þig,“ segir Guðrún.

## Maxímús ferðast um heiminn

Tónlistarmúsíkin Maxímús Músíkús hefur heillað íslensk börn upp úr skónum og nú munu börn víða um heiminn fá að njóta hans líka. Maxi verður á faraldsfæti á næstunni, heldur til Bandaríkjanna með Sinfóníuhljómsveit Íslands og fær auk þess að troða upp með Fílharmóníusveit Berlínar. Þá munu krakkar í Kína brátt fá að njóta hins síkátá Maxa.

**M**ikið stendur til hjá músík-ölsku músinni Maxímús Músíkús. Á laugardaginn næsta verður nýjasta sagan um Maxa, Maxímús Músíkús bjargar ballettinum, flutt í einu frægasta tónleikahúsi heims, Fílharmóníunni í Berlín. Það er Fílharmóníuhljómsveit Berlínar, Berliner Philharmoniker, sem bókaði músina til þess að koma og skemmta Berlínarbúum og fékk einn af kammerhópunum sem starfa innan hljómsveitarinnar, Ensemble Berlin, til þess að leika tónlistina í nýrri kammerútsetningu sem gerð var sérstaklega af þessu tilefni. Miðar á tónleikana seldust upp á tveimur tímum.

### Gæðastimpill

„Þetta er einn besti gæðastimpill sem við getum fengið og mikill heiður að Fílharmóníusveit Berlínar skuli taka Maxa inn í sitt prógramm,“ segir Hallfríður Ólafsdóttir, flautuleikari og höfundur bókanna um Maxímús. Hún segir aðdragandann að tónleikunum nokkuð langan. „ÚTÓN, útflutningskrifstofa íslenskrar tónlistar, hafði milligöngu um að nokkrum aðilum var boðið til landsins vorið 2009 til að skoða verkefnið. Við ákváðum að fara beint



Nýjasta sagan um Maxa, Maxímús Músíkús bjargar ballettinum, verður flutt í einu frægasta tónleikahúsi heims, Fílharmóníunni í Berlín, á laugardaginn.

MYND/HARI

í toppana og biðja um fræðslustjóra Berlínarfílharmóníunnar,“ lýsir Hallfríður. Honum leist vel á verkefnið sem komst á lista hjá hljómsveitinni.

### Á ferð um Bandaríkin

Maxímús fer víðar en til Berlínar. Eftir rúma viku heldur hann til Bandaríkjanna til þess að koma fram á Nordic Cool-hátíðinni í Kennedy-miðstöðinni í Washington ásamt Sinfóníuhljómsveit Ís-

lands. Hljómsveitin flytur fyrstu bókina um Maxa, Maxímús Músíkús heimsækir hljómsveitina, á skólatónleikum úr stóra tónleikasalnum í Kennedy-miðstöðinni, mánudaginn 4. mars, auk þess að leika íslensk og norræn verk á kvöldtónleikum sama dag.

Sagan af Maxa, Maximus Musicus Visits the Orchestra, kom nýverið út á ensku hjá útgáfufyrirtækinu Music Word Media sem staðsett er í New York, bæði

í prentaðri útgáfu og á rafbók. Ferðalagi Maxa lýkur með upplæstri á ævintýrum hans í aðalbarnabókabúðinni í New York, Bankstreet Bookstore, laugardaginn 9. mars. Maxi verður á staðnum og hittir börn og áritar bækur.

### Ný bók væntanleg

Bækurnar um Maxímús eru þrjár en von er á þeirri fjórðu innan tíðar. „Sú mun heita Maxímús Músíkús kætist í kór,“ upplýsir Hallfríður og bætir við að nú þegar séu krakkar í kórum byrjaðir að æfa flutninginn. „Geisladiskur sem fylgir bókinni verður tekinn upp í haust og síðan verður sagan flutt með sinfóníunni í apríl 2014.“

Hallfríður er innt eftir því hvað skýri vinsældir músarinnar. „Ætli krökkum finnst hann ekki skemmtilegur því hann er eins og þau. Hann er með opinn huga, til í allt, finnst allt sniðugt og skemmtilegt og hefur enga fordoma,“ svarar hún.

### Þetta er ekki lúður, amma

Hallfríður segir fólk duglegt að segja sér sögur af krökkum sem hlusta og lesa Maxa. „Mér finnst skemmtileg saga af tveggja ára stelpu sem var að horfa á sjónvarpið með ömmu sinni og afa. Amman segir: „Nei, sjáðu fína lúðurinn.“ Barnið svarar hneykslunarrómi: „Amma, þetta er ekki lúður, þetta er franskt horn.““

### Þýddur á kínversku

Allar bækurnar um Maxa hafa komið út á þýsku. Hann hefur einnig verið þýddur á ensku og næst stendur til að kínversk börn fá að njóta músarinnar, að sögn Hallfríðar. „Fyrsta bókin um Maxa verður gefin út í Kína á þessu ári,“ segir hún og býst við að Maxi hljóti enn meiri frægð og frama á komandi árum. „Ég vona að Maxi komist um allan heim til að hjálpa krökkum að heyra skemmtilega tónlist.“





### 6H.IS FYRIR FORELDRA

**Heilsugæsla höfuðborgar-svæðisins** heldur úti vefsíðunni 6h.is fyrir foreldra barna og unglunga. H-in sex standa fyrir hamingju, hollustu, hreinlæti, hugrekki, hreyfingu og hvíld. Síðan er viskubrunnur um hvaðeina sem viðkemur heilsu barna og unglunga. Auk H-flokkanna sex má finna fjölbreyttan fróðleik um vöxt og þroska, ung- og smábarnavernd, kynheilbrigði, slysavarnir, sjúkdóma og frávik, bólusetningar og heilsuvernd skólabarna.

Hafi foreldrar áhyggjur geta þeir sent fyrirspurn inni á 6h.is sem svarað er af hjúkrunarfræðingi eða öðrum fagaðila að jafnaði næsta virkan dag. Gætt er fyllsta trúnaðar.



### BÓLUSETNING MIKILVÆG

Börn á Íslandi eru bólusett við ellefu sjúkdómum. Tilgangur bólusetninganna er að koma í veg fyrir barnsjúkdóma sem á árum áður voru landlægir. Margir þessara sjúkdóma eru mjög alvarlegir og var ungbarnadauði af þeirra völdum algengur á 19. öldinni og framan af 20. öldinni. Til þess að árangur náist þurfa bólusetningar að ná til sem flestra barna. Í Austur-Evrópu og víðar hefur skort á bólusetningar og þar hafa þessir sjúkdómar látið á sér kræla á ný.

Ýmsar kenningar hafa verið á kreiki um hættur sem fylgja bólusetningum og hefur verið reynt að tengja þær við alls kyns kvilla. Í ljósi þessara kenninga hefur borið á því að foreldrar hafi sleppt því að láta bólusetja börn sín. Fáar þessara kenninga styðjast þó við vísindaleg rök. Hins vegar er vitað að ef of margir hætta að láta bólusetja börn sín gætu þessir sjúkdómar farið að taka sig upp á ný þá er vandi á höndum.



### SMÁFORRIT FYRIR KRÍLIN

Ógrynni smáforrita (appa) eru til fyrir yngstu börnin, hvort sem þau eru sótt til notkunar í snjallsímum eða spjaldtölvum. Mörg þeirra eru hönnuð með það í huga að þroska getu barna til að teikna, muna og púsla en önnur kynna undraveröld dýra og náttúrunnar fyrir börnum.

Flestir kannast við samstæðuleiki sem spilaðir eru með spilum. Þar finna þátttakendur tvö eins spil úr hópi spila sem búið er að snúa á hvolf. Nú geta börnin spilað leikinn Memory for kids þar sem leitað er að ýmsum samstæðum í formi fána, ávaxta og spila. Keppt er um besta tímann og ekki ólíklegt að börnin vinni foreldrana í fyrstu umferð. Smáforritið er ætlað Android-símum og fæst ókeypis. Kids zoo er einnig ætlað Android-símum. Forritið kennir

börnum ýmislegt gagnlegt og skemmtilegt úr dýraríkinu. Hér er til dæmis hægt að skoða myndir af dýrum og heyra ólík hljóð sem þau gefa frá sér. Þar sem smáforritið er erlent inniheldur það ansi mörg dýr sem ekki sjást hérlendis og því mikill ævintýraheimur fyrir litlu börnin. Púsluspil eru holl fyrir fólk á öllum aldri. Yngstu fjölskyldumeðlimirnir geta glímt við 20 ólík púsluspil í Kids Preschool Puzzle Lite sem hefur notið mikilla vinsælda. Sýndar eru útlínur ýmissa mynda, til dæmis af bílum, bókstöfum eða dýrum. Börnin nota síðan fingurinn til að stýra púslinu á réttan stað. Smáforritið er ætlað Android-símum og hægt er að sækja það ókeypis með 20 púsluspilum. Einnig er í boði að kaupa uppfærslu með fleiri púsluspilum.



Við erum í Svansmerkinu



# Libero®



-fyrir  
fram tíðina





Mjög gott og snyrtilegt 210 fm atvinnuhúsnæði til leigu á góðum stað í Hafnarfirði, gott aðgengi, góð lofthæð, tvær innkeyrsluhurðir. Hagstætt leiguverð. Laust strax. Uppl. í s. 893-9678.

**GEYMSLUR.COM**  
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskisloð í Reykjavík. S. 555 3464

**Gisting**



**ENDURNÆRING Í STYKKISHÓLMÍ**  
Helgargisting með heitum pottum. Sund, gönguferðir og siglingar. Veitingastaðir á heimsmælikvarða. Upplýsingar í síma 861 3123 eða á [www.orlofsibudir.is](http://www.orlofsibudir.is)

**ATVINNA**

**Atvinna í boði**

**KJÖTSMÍÐJAN EHF.**  
Óskum eftir að ráða mann, vnan úrbeiningu / aðstoðamann í kjötvinnslu.  
Umsóknir sendist á: [birgir@kjotsmidjan.is](mailto:birgir@kjotsmidjan.is) eða í s. 557 8866

Fiskvinnsla í Hafnarfirði óskar eftir handflakara til starfa. Eingöngu vanir flakarar koma til greina. Áhugasamir vanir flakarar sendi póst á skrifstofa@hamrafell.is

Óskum eftir að ráða til starfa vnan starfsmann á verkstæði, um er að ræða fullt starf til langtíma. Umsóknir berist á [thorey@gardlist.is](mailto:thorey@gardlist.is)

**Atvinna óskast**

**VANTAR PIG SMÍÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**  
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.  
Starfsmannaþjónustan S. 661 7000.

**HEIMILSHJÁLÞ**  
Ef þig vantar aðstoð við heimilstörfin, nudd á t.d herðar, axlir, fætur og hendur eða annað sem þú átt erfiitt með að gera. Endilega hafðu samband. Dís Þórðar nuddfræðingur og fl. í s. 868 3379

Smíðir óska eftir vinnu, taka allt að sér og geta byrjað strax. S: 848 4362

**TILKYNNINGAR**

**Einkamál**

**Rauða Torgið**  
Sönn tilbreyting • Heit avintýri  
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920  
Konur, allt fritt í s. 555-4321  
Karlar auglýsa fritt, 535-9922  
**Heitar kynisögur**  
905-2002 • 535-9930  
**Símadómur • live spjall**  
908-6000 • 535-9999

**GEFÐU VATN**  
gjofsemgefur.is  
907 2003  
Hjálparstarf kirkjunnar

**Þjónustuauglýsingar** Sími 512 5407

**Erum að rífa þessa bíla!!**  
SUBARU IMPREZA 2000-2005, NISSAN MICRA OG ALMERA  
1997-2002 TOYOTA YARIS 2001-2007, FORD FOCUS 2003-2005  
MMC LANCER 1998-2002  
**Opið Laugadaga 10-16 • Allar Almennar viðgerðir**  
Bílar og Partar • lðavellir 9c • 230 Reykjanesbæ  
s. 421-7979 • [www.bilarogpartar.is](http://www.bilarogpartar.is)

**Síðustu dagar útsölunar**  
3 verð  
1.000 – 2.000 – 3.000  
**Ynja**  
UNDIRFATAVERSLUN  
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

**Dáleiðsla**  
Fá betri svefn, hætta að reykja, léttast/pyngjast, betri almenn líðan og fl.  
Ingibjörg Bernhöft hjúkrunarfr. s. 864 2627 • [bernhof@gmail.com](mailto:bernhof@gmail.com)  
Ingibjörg Bernhöft sjúkráði s. 863 8902 • [ibernhof@gmail.com](mailto:ibernhof@gmail.com)

Hver ætlar að vera hæstur á strandveidinni í sumar? ESSASÚ?  
Strandveidibáturinn er kominn! Hafðu samband við Seiglu í síma 551-2809 og tryggðu þér einn fyrir sumarið.  
10x3metrar  
[www.seigla.is](http://www.seigla.is)

**ER BÍLSÆTID RIFIÐ ?**  
Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótörhjóla og snjósleðasætum. Húsbilaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.  
**Formbólstrun**  
Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 [www.hsbolstrun.is](http://www.hsbolstrun.is)

**PALLAR.IS**  
Al hjólapallar / veggjapallar  
Veðurnet / Öryggisnet  
Áltröppur / stigar  
**altrex** **KVARNIR**  
Akralind 8  
www.kvarnir.is Sími: 564 6070

**EYJALIND**  
**Varahlutir í vinnulyftur**  
S: 517-8240 - Súðarvogur 20 - [www.eyjalind.is](http://www.eyjalind.is)

**Vélfræðingar – hugvitsmenn – hönnuðir**  
Helac-vökvaliðurinn gefur ykkur ótal möguleika til að opna eða velta til þungum búnaði. Hafið Helac í huga. Helac leysir vandann.  
**ASAFL EHF**  
Hjallahraun 2 - 220 Hafnarfj. s. 562 3833 - 863 5512 [www.asafl.is](http://www.asafl.is) - [asafl@asafl.is](mailto:asafl@asafl.is)  
Helac-liður í gröfuskóflu.

**FIAT**  
**VARAHLUTIR S. 5 400 800**  
CHRYSLER Jeep

**HJÓLBARÐAR**  
Hjólbarðaviðgerðir  
Smurþjónusta  
Bremsur  
Demparar  
Rafgeymar  
o.fl.  
Gylfafiöt 3 Grafarvog  
Sími 567 4468  
[dekk@gummisteypa.is](mailto:dekk@gummisteypa.is)  
**GENERAL HJÓLBARÐAR**

**BILASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AÚÐS**  
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510  
**TOYOTA-þjónusta** [www.bilasprautun.is](http://www.bilasprautun.is)

**Allt á einum stað**  
BREMSUVIÐGERÐIR  
BREMSUKLOSSAR  
SPINDILKÚLUR  
ALLAR PERUR  
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA  
RAFGEYMAÞJÓNUSTA  
OLÍS SMURSTÖÐ  
BÓN OG ÞVOTTUR  
**SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA SÆTUNI 4 • SÍMI 562 6066**

**Rafstilling ehf**  
startarar - alternatarar - perur  
viðgerðir - sala  
hróð og góð þjónusta  
Dugguvogi 23 - s: 5814991  
[rafstilling@rafstilling.is](mailto:rafstilling@rafstilling.is)

**HÚSAVIÐGERÐIR.IS**  
Viðgerðir og viðhald fasteigna!  
Alhliða húsa viðgerðir - Flísalagnir  
Veggjakrotsvarnir - Múrverk  
Fyrirbyggjandi varnir  
**Sími: 565-7070**

• Steypusögun  
• Kjarnaborun  
• Múrbrot  
• Hellulagnir  
• Jarðvegsvinna  
• Öll almenn-  
verktakavinna  
**BROTAFL**  
STEINSÖGUN - BORUN - BROT  
Brotafl ehf  
Símar 894 8040  
894 8044  
Fax 565 0050  
Netfang: [brotafl@simnet.is](mailto:brotafl@simnet.is)


**BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA ehf**  
alhliða bíla viðgerðir  
Tímarpantanir s: 445 4540/697 4540  
viðarhöfði 2 • 110 reykjavík • sími 445 4540 / 697 4540  
[bilathjonustabjarka@gmail.com](mailto:bilathjonustabjarka@gmail.com)  
<http://www.facebook.com/bilathjonustabjarka>

**Parketslípun**  
sölpallaslípun | parkettlagnir  
551 1309 / 690 5115  
[golflist@golflist.is](mailto:golflist@golflist.is) | [www.golflist.is](http://www.golflist.is)  
99% RYKFRITT

**BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS**  
TOYOTA ÞJÓNUSTA  
ALLAR ALMENNAR  
BÍLAVIÐGERÐIR  
SMÍÐJAVEGUR 2 • KÓPAVOGUR  
[WWW.BIFREIÐAVERKSTAEDI.IS](http://WWW.BIFREIÐAVERKSTAEDI.IS)  
**S. 587 1350**



**BONUS BONUS BONUS BONUS**



KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS

**1398**  
KR. KG

**KJARNAFÆÐI FERSKT KRYDDAÐ HEIDALAMB**

**KJARNAFÆÐI**  
**1798**  
KR. KG

**KJARNAFÆÐI FROSNAR LAMBALÆRISNEIÐAR Í RASPI**

**ENGU BÆTT Í 100% KJÖT**

**998**  
KR. KG

**FERSKT BLANDAÐ HAKK NAUTGRIPA-LAMBA OG GRISAKJÖT**

**1798**  
KR. KG

**ALI HUNANGS GRÍSAKÓTILETTUR HUNANGS-MARINERAÐAR OG LÉTTREYKTAR**

**1798**  
KR. KG

**ALI BBQ GRÍSAKÓTILETTUR HUNANGS-MARINERAÐAR OG LÉTTREYKTAR**

**ENGU BÆTT Í 100% KJÖT**

**798**  
KR. KG

**ÍSLANDSGRÍS FERSKT GRÍSAKK**

**2298**  
KR. KG

**ÍSLANDSNAUT FERSK UNGNAUTA PIPARSTEIK**

**1198**  
KR. KG

**ALI BAYONNESKINKA 1.FLOKKUR ÚR GRISALÆRI**

**ÓDÝRUSTU**  
**KJÚKLINGA-BRINGURNAR Í BÓNUS**  
**1579 KR. 900gr**  
KJÚKLINGABRINGUR EUROSHOPPER FROSNAR 900 GR

**KYCKLINGFILE**  
STYCKFRYSTA, KÖTTHALT 80%  
900 g e

**1395 KR. KG**

**FROSIN LAXAFLÖK FRÁ CHILE**

**BÓNUS ÍS 2 LTR. SÚKKULAÐI, VANILLU OG JARÐARBERJA**

**359**  
KR. 2 ltr

**3 Free Rolls**  
**898**  
KR. 12 STK

**NICKY SALERNISPAPPÍR 12 RÚLLUR**

**BÓNUS FERSKT SPÍNAT 200 GR**  
**359**  
KR. 200g

**BÓNUS SPÍNAT 200gr**

**259**  
KR. 400 G

**298**  
KR. 400 G

**VENJULEGT & SPELTDEIG 400 GRÖMM BÓNUS FERSKT PIZZADEIG**

**198**  
KR. 430ML

**BÓNUS PIZZASÓSA**

**198**  
KR. 200 G

**BÓNUS RIFIN PIZZABLANDA**

**BONUS EKKERT BRUÐL**

Hér færðu veititungda **VILDARPUNKTA** VISA Vildarklöbbur

**KROSSGÁTA**

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

**LÁRÉTT**

2. gól, 6. rún, 8. frjó, 9. gagn, 11. tveir eins, 12. óhreint vatn, 14. létt hlaup, 16. kvað, 17. hamfletta, 18. skörp brún, 20. org, 21. pottréttur.

**LÓÐRÉTT**

1. áfengisblanda, 3. frá, 4. verkfæri, 5. kk gælunafn, 7. heimilistæki, 10. nam burt, 13. mæð, 15. yfirhöfn, 16. kirna, 19. tveir eins.

**LAUSN**

LÁRÉTT: 2. gægg, 6. úr, 8. fræ, 9. nylt, 11. íl, 12. skólp, 14. skökk, 16. ku, 17. flá, 18. eegg, 20. óp, 21. ragú.  
LÓÐRÉTT: 1. púns, 3. af, 4. grípkíó, 5. gægl, 7. ryksuga, 10. tók, 13. lof, 15. kápa, 16. ker, 19. ggg.



**Ekki missa af þessari!**



**NAOMI WATTS**  
TILNEFND TIL ÓSKARSVERÐLAUNA  
SEM BESTA LEIKKONA Í ADALHLUTVERKI



„Ein af betri myndum ársins 2012.“  
Mbl.

100/100  
„Einstaklega raunveruleg stórslysamynd,  
sem lætur engan ósnortinn“



100/100  
„Fer beint í efsta sæti yfir þær myndir  
sem fólk verður að sjá á árinu.“



100/100  
„Ógnvænlega vel gerð.“



Tryggðu þér miða á sambio.is



**Feitar og fallegar?**

**BAKPANKAR**  
Friðriku Benónýs

Þú ert að dæma þær eftir útliti þeirra,“ sagði fréttamaður Fox-sjónvarpsstöðvarinnar andaktugur við næringarfræðinginn Keren Gilbert í umræðum um tvær þybbnar söngkonur á Grammy-verðlaunahátíðinni fyrir skemmstu. Í orðum hans lá að það væri nú aldeilis ekki við hæfi að dæma frábærar söngkonur eftir útlitinu. Fallett af honum svo langt sem það náði, en var einhver söngkona á Grammy-hátíðinni ekki dæmd eftir útliti sínu? Áttu þær Adele og Kelly Clarkson að vera undanþegnar slíkum dómum einungis vegna þess að þær eru í þykkari kantinum?



**GILBERT** margítrekaði að báðar væru þær glæsilegar og hæfileikaríkar konur en hins vegar vildi hún vara við því að horfa framhá fitu þeirra þar sem offita væri alvarlegt heilbrigðisvandamál og það að senda ungum stúlkum þau skilaboð að það væri allt í lagi að vera feitar væri alveg jafnhættulegt og dýrkun á horgrindum. Offita er alvarlegra vandamál, drepur fleiri og kostar þjóðfélagið margfalt meira en lystarstol og lotugræðgi. Þurfum við ekki að geta rætt það vandamál án þess að vera sökuð um útlitsdýrkun og fordóma?

**SAMA** dag og Fox sendi út

umrætt viðtal voru breskir fjölmiðlar fullir af ramakveinum lækna vegna vaxandi offitu bresku þjóðarinnar. Þeir krefjast tafarlausra og róttækra aðgerða til að reyna að stemma stigu við offitufaraldrinum sem kostar þjóðarbúið rúma 5 milljarða punda árlega, veldur heilsuleysi og óhamingju æ fleiri og er orðinn stærri orsakavaldur hjarta- og æðasjúkdóma en reykingar, auk þess að valda fjölda annarra sjúkdóma bæði til líkama og sálar. Niðurstaða læknanna er afgerandi: það er ekki krúttlegt að vera feitur, það er lífs-hættulegt.

**VISSULEGA** er það óréttlátt og óásættanlegt að fólk sitji undir svívirðingum og finnst sér mismunad vegna útlits síns, en umræðan um hættunarnar sem offitu fylgja má ekki kafna í pólitískri réttþugsun og ásökunum um útlitsdýrkun. Hér er svo miklu meira í húfi en hvort þetta eða hitt útlitið samræmist viðteknum viðmiðum um fegurð á hverjum tíma. Normalisering fitunnar sem smátt og smátt hefur verið að smeygja sér inn í þjóðfélagsumræðuna undanfarin ár er ekki af hinu góða, ekkert frekar en áróðurinn um það að reykingar væru töff var á sínum tíma. Það þarf að breyta viðhorfunum gagnvart fituvæðingu hins vestræna heims á sama hátt og viðhorfinu til reykinga var breytt. Og það gerist ekki með því að hlaupa upp til handa og fóta með ásökunum og upphröpunum í hvert sinn sem athyglinni er beint að því að einhver sé of feitur.

**MYNDASÖGUR**

**PONDUS**

Eftir Frode Øverli




**GELGJAN**

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



**HANDAN VIÐ HORNIÐ**

Eftir Tony Lopes



**BARNALÁN**

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# ÚRVALLIÐ ER HJÁ OKKUR

SKOÐAÐU NÝJASTA BÆKLINGINN Á [WWW.TOLVUTEK.IS](http://WWW.TOLVUTEK.IS)

**SMELLTU Á KÖRFUNA**  
NETBÆKLINGUR Á [WWW.TOLVUTEK.IS](http://WWW.TOLVUTEK.IS)  
MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP

**FEBRÚAR TILBOÐ**  
STÚTFULLAR VÆRSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM

**0% VEXTIR**  
ALLAR VÖRUR  
SAXTALAÐST 12 MÄNUM

**ENN BETRA VERÐ**

**4GB MINNISLYKILL**  
Örsmár og glæsilegur Silicon Power Touch T01 minnislykill úr höggvörðu stáli

**990**  
8GB 1.490 • 16GB 2.990 • 32GB 4.990

**1TB FLAKKARI**  
Fisléttur, örsmár og hraðvirkur Diamond USB3.0 ferðaflakkar á ótrúlegu tilboðsverði!

**16.900**  
500GB AÐEINS 11.900

**2TB FLAKKARI**  
LaCie Minimus er glæsilegur og hraðvirkur USB 3.0 flakkar i höggvörðu burstuðu álhúsi

**19.900**  
3TB AÐEINS 29.900

**OPNUNARTÍMAR**  
Virka daga  
10:00 - 18:30  
Laugardaga  
11:00 - 16:00

**TÖLVUTEK**  
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer apple ASUS hp lenovo packard bell SAMSUNG TOSHIBA

Birt með fyrirvara um breytingar, innihaldsvillur og myndabreytingar

## Saga tveggja manna

BÆKUR ★★★★★

### Pater Jón Sveinsson – Nonni

Gunnar F. Guðmundsson

OPNA

Hógvær titill þessarar ævisögu er snjallari en kann að virðast við fyrstu sýn. Þeim sem þekkja Nonnabækurnar og aðalpersónu þeirra gæti að minnsta kosti virst sem hér sé sami maður nefndur tvisvar, virðulegu prestsheit og gælunafni úr æsku. En kannski voru þetta tveir menn og styrkur ævisögu Gunnars F. Guðmundssonar felst meðal annars í því að draga fram hvernig þeir urðu til, hvað þeir eiga sameiginlegt og hvað skilur þá að.

Fyrsti hluti bókarinnar, sá sem fjallar um foreldra Jóns Sveinssonar og uppvöxt hans sýnir þetta betur en nokkuð annað og eiginlega verður þáttur foreldranna sá hluti bókarinnar sem er mest spennandi og kemur mest á óvart. Sú glansmynd sem dregin er upp af bernskuheimilinu og hjónabandi foreldranna í Nonnabókunum reynist yfirborðið eitt, og dagbækur föðurins sem mikið er vitnað til birta mynd af lífi sem einkennist af harðri baráttu, óhamingju og svikum sem sá sem lesið hefur Nonnabækurnar í æsku á erfitt með að koma heim og saman.

Þegar þessum hluta bókarinnar sleppir tekur Jón sjálfur sviðið. Námi hans og uppvexti í skjóli kaþólsku kirkjunnar er lýst ítarlega og lesandinn fær ágæta mynd af því sérkennilega samfélagi sem þrífst innan hennar, einangrun frá umheiminum við stífan lærdóm og innrætingu sem verður til þess að sveitastrákur frá Íslandi gengur þar sem hann starfaði sem kennari við kaþólskan skóla og undi hag sínum illa. Síðari hluti ævisögunnar er, ólíkt mörgum ævisögum, viðburðaríki en sá fyrri, Jón nýtur virðingar og vinsælda sem höfundur og ferðast víða um heim, meðal annars til Ameríku og Japans.

Jón Sveinsson, presturinn og rithöfundurinn, birtist okkur í skýrara ljósi en við þekktum áður



GUNNAR F. GUÐMUNDSSON

en samt er lesandinn langt frá því að komast til botns í manningum, til þess er of mörgum spurningum ósvarað og kannski er ekki hægt að svara þeim. Samt situr maður eftir og getur ekki annað en velt því fyrir sér hvort Jón efaðist aldrei í sinni trú, hvort prestsheit með skírlífi og loforði um fátækt og algera tryggð við regluna þrengdi aldrei verulega að honum, hvort hann þráði aldrei annað líf. Þessar spurningar koma eiginlega

bara einu sinni upp á yfirborðið í sögu hans og þá reynast heimildirnar leiða okkur í blindgötu.

Öll heimildavinna og rannsókn Gunnars F. Guðmundssonar er til mikillar fyrirmyndar, mjög nákvæm og hann hefur leitað víða fanga, á köflum finnst manni nákvæmnin yfirþyrmandi en þó aldrei um of. Þótt ekki sé dregin fjöður yfir smávægilega galla í fari aðalpersónunnar, hann hefur verið hégómlegur og ekki alltaf auðveldur í umgengni eða samvinnu, þá stendur höfundurinn og sögumaðurinn með sínum manni í gegnum þykkt og þunnt. Saga Gunnars um þá Nonna og Jón Sveinsson er mikið og vandað verk, hún svarar mörgum spurningum, en öðrum er ósvarað. Vonandi er þessi bók bara upphafið, höfundur Nonnabókanna er enn þá að mörgu leyti ráðgáta.

Jón Yngvi Jóhannsson

**NIÐURSTAÐA:** Vönduð ævisaga sem birtir höfund Nonnabókanna í skýrara ljósi en áður en enn er mörgum spurningum ósvarað.



JACOB EJERSBO Eftir að hafa slegið í gegn með þriðju bók sinni, Nordkraft, hóf Ejersbo að vinna að ópus sínum, bálki sem byggði að hluta á æviminningum hans frá Tansaníu. Ejersbo rétt náði að klára verkið til útgáfu áður en hann lést, fertugur að aldri.

## Stórvirki sem lýsir óhugnanlegum heimi

Skáldsagan Útlaginn eftir Danann Jakob Ejersbo kemur út í íslenskri þýðingu Páls Baldvins Baldvinssonar í dag. Bókin er fyrsti hluti þrileiks sem hampað var sem tímamótaverki þegar hann kom út 2009, tæpu ári eftir að höfundurinn lést.

„Já, mér finnst þetta vera tíma- mótaverk og þeir bókmenntamenn danskir sem ég hef séð fjalla um þennan bálk eru á því máli líka,“ segir Páll Baldvin Baldvinsson um skáldsöguna Útlaginn eftir danska rithöfundinn Jakob Ejersbo, sem kemur út í þýðingu Páls í dag.

Útlaginn er fyrsti hlutinn í þrileik Ejersbo sem kom út í heimalandinu árið 2009. Sagan segir frá hinni fimmtán ára gömlu Samönthu, enskri stúlku sem hefur búið í Tansaníu frá þriggja ára aldri og finnst henni vera útskúfað bæði á heimili sínu og í skólanum. Hún verður ástfanginn af eldri manni sem reynist henni órlagaríkt; hún leiðist í fikniefnaneyslu og verður smám saman sinn versti óvinur.

Ejersbo, sonur millistéttahjóna, fæddist árið 1968 í Álaborg en flutti ungur til Tansaníu, þar sem foreldrar hans unnu við hjálparstarf, og bjó þar um tíu ára skeið. Ejersbo starfaði framan af sem blaðamaður en einbeitti sér alfarið að bókaskrifum eftir að

þriðja skáldsaga hans, Nordkraft, sló í gegn árið 2002. Sú bók gerist á síðasta áratug tuttugustu aldar og lýsir lífi ungs fólks sem lifir á jaðrinum í heimi sem einkennist af neyslu fikniefna, afbrotum og leit að ást og öryggi.

### Féll frá skömmu fyrir útgáfu

Í kjölfarið hóf Ejersbo að skrifa það sem hann vildi að yrði sinn ópus, eins og Páll Baldvin kemst að orði; bálk um lífið í Tansaníu á níunda áratugnum.

„Í ársbyrjun 2007 kom hann með 1.600 síðna handrit til Gylden- dal,“ segir Páll Baldvin. „Þar var afráðið að skipta verkinu í þrennt; skáldsöguna Eksil, eða Útlagi eins og það heitir á íslensku, smásagnasafnið Revolution og skáldsöguna Liberty sem var enn ófullgerð.“ Örlögin tóku hins vegar í taumana; Ejersbo greindist með illkynja krabbamein í hálsi um haustið og lést í júlí 2008. Áður en hann dó gaf hann fyrirmæli um frágang verkanna sem komu út með nokkurra mánaða millibili árið 2009.


„Allt í kringum útgáfuna mótast vissulega af því að Ejersbo deyr svíplega rétt í þann mund sem hann er að klára verkið til útgáfu,“ segir Páll. „En bálkurinn er sannanlega stórvirki. Það segir líka sína sögu að jafn stórt forlag og Gylden dal gefi út svona risavaxið verk með þétu millibili.“

### Opnar lokaðan heim

Í eftirmála þýðanda segir að Danir hafi löngum veigrað sér við að fjalla um fortíð landsins sem nýlenduvelðis; í því liggja helsta gildi bálksins sem Ejersbo skildi eftir sig. „Hann opnar fyrir lesendum heim sem hvergi er að finna í samtímabókmenntum í Evrópu, það er að segja eftirnýlenduástandið í Afríku,“ segir Páll Baldvin.

Annað bindið í bálknum er smásagnasafn sem byggir á minniháttar persónum og atvikum úr fyrstu bókinni en í þeirri þriðju er saga Christians, vinar Samönthu úr Útlaganum, rakin.

„Í gegnum þessa krakka sem hann lýsir opnar Ejersbo framandi og oft mjög óhugnanlegan heim þannig að úr verður stór



PÁLL BALDVIN BALDVINSSON Segir bókina opna heim sem hvergi sé að finna í samtímabókmenntum Evrópu, heim eftirnýlenduástandið í Afríku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Í gegnum þessa krakka sem hann lýsir opnar Ejersbo framandi og oft mjög óhugnanlegan heim þannig að úr verður stór dæmisaga um okkur Vesturlandabúa, framgang kapítalismans og hvernig Afríka er leikin.“

dæmisaga um okkur Vesturlandabúa, framgang kapítalismans og hvernig Afríka er leikin.“

Bálkurinn er ævisögulegur að hluta og byggir á eigin reynslu Ejersbo frá því hann bjó í Tansaníu. „Samantha ber til dæmis svip af vinkonu Ejersbo sem hann tileinkaði Nordkraft og Christian, sem er aukapersóna í Útlaganum en söguhetjan í lokabókinni, ber sterkan svip af höfundi sínum.“

Páll segir engum blöðum um það að fletta að með Ejersbo hafi horfið einn merkasti samtíma- höfundur Norðurlanda og þótt víðar væri leitað.

„En hvert hann hefði farið eftir þetta verk veit maður auðvitað ekki.“

bergsteinn@frettabladid.is

## 30 daga hreinsun á mataræði

með Davíð Kristinssyni, næringar- og lífsstílsþjálfara, mánudaginn 4. mars, kl. 19:00 - 21:00.

Innifalið í námskeiðinu er handbók með öllum upplýsingum sem þú þarft og 30 daga framhaldsmatseðill.

Námskeiðið fer fram í Lifandi markaði Borgartúni 24. Nánari upplýsingar á [www.lifandimarkadur.is](http://www.lifandimarkadur.is)



Borgartún ☞ Fákafen ☞ Hæðasmári  
[www.lifandimarkadur.is](http://www.lifandimarkadur.is)

LIFANDI  
MARKAÐUR

**KLÚBB verð**  
**990 kr.\***

Vnr. 55900055  
Laufhrifa.  
**1.350 kr.**

Vnr. 68583100  
Strákústur með skafti.  
**939 kr.**

**KLÚBB verð**  
**490 kr.\***

**\*GILDIR Í DAG**

**Einhell**

Vnr. 74830005  
EINHELL BG-EH 6051  
hekkklippur.

**6.990 kr.**

VERÐVERND BYKO  
**LÆGRA  
VERÐ**

**LÁGT VERÐ**  
– ALLA DAGA

**BYKO**

BÚDU BETUR. BORGADU MINNA.

Vnr. 55900030  
Hekklippur með  
trefjaplastskafti.

**1.990 kr.**

**25 STK.**

Vnr. 53521026  
Sorppokar,  
750x1150 mm, 25 stk.

**890 kr.**

Vnr. 79290093  
Hjólborur, 85 l,  
plast.

**9.990 kr.**

Vnr. 58004008  
Skúringarfata, 10 l.

**190 kr.**

**EINN KUBBUR DUGAR 2,5 KLST.**

**5 STK.**

Vnr. 42308344  
Brennikubbar, 5 stk.

**1.990 kr.**  
1 stk. 590 kr.

**GEYMIR 8 PERSÓNUR Í MINNI  
FITUMÆLINGARVOG**

**KLÚBB verð**  
**2.990 kr.\***

Vnr. 42263750  
SOENHLE baðvog,  
mælir mest 150 kg.

**6.990 kr.**

**\*GILDIR Í DAG**



**FLOKKAÐU  
RUSLIÐ Á  
EINFALÐAN  
HÁTT**

Auðveldaðu ruslflokkunina  
með frábærum tunnum  
sem hafa mislit lok.  
Hver flokkur hefur sinn lit.



Vnr. 58150400-13  
Flokkunartunnur,  
margar gerðir.

Verð frá:  
**1.990 kr.**

# Viðráðanleg og skýr markmið mikilvæg

Skýrir rammar, rúttína, sjónrænar leiðbeiningar, hvatning og hrós skipta miklu máli fyrir börn með ADHD, segir Haukur Örvar Pálmason sálfræðingur. Hann segir börn með ADHD iðulega eiga erfitt með að skipuleggja nám sitt en það hjálpi mjög að búta verkefni niður.

Rannsóknir sýna að á milli fimm til sjö prósent barna glíma við athyglisbrest og ofvirkni, (ADHD). Haukur Örvar Pálmason hefur skoðað hvaða aðferðir nýtast þessum börnum í námi. Haukur Örvar flytur fyrirlestur um athyglisbrest og nám á námskeiði um skólagöngu barna með athyglisbrest og ofvirkni sem haldið er í næstu viku en Fréttablaðið sló á þráðinn til að forvitnast um efnið.

## Erfitt með að fylgja fyrirmælum

Haukur Örvar: „Krakkar með ADHD eiga erfitt með að halda athygli, fylgja fyrirmælum og skipuleggja sig. Það gerir þeim erfiðara fyrir í námi en þessir erfiðleikar birtast með ólíkum hætti eftir því hve gömul þau eru enda breytast kröfurnar eftir því sem náminu vindur fram. Fyrstu árin snúast um að ná því að læra að lesa, skrifa og reikna, svo þarf að læra að tileinka sér efnið sem verið er að fara yfir.

Í elstu bekkjum grunnskólans taka skipulagshæfileikar nemenda að skipta meira máli, þá eru kannski mörg ólík verkefni sem nemendur þurfa að sinna og skila af sér,“ segir Haukur Örvar og bætir við að börn með ADHD séu oft með skerta stýrifærni, sem veldur þeim erfiðleikum með að koma sér að verki, skipuleggja verkefni, forgangsraða og áætla tíma til að klára verkefni, halda einbeitingu og færa athygli frá einu atriði verkefnisins yfir á annað eða þau truflast auðveldlega af áreitum í umhverfinu og þegar þau truflast eiga þau erfitt með að koma sér að verki aftur. Þau þurfi aðstoð við að skipuleggja sig til þess að lenda ekki í ógöngum þegar verkefnum fjölgar og þau verða flóknari.

## Haldin frestunaráratu

„Þeim fallast hendur ef stórt og mikið verkefni bíður óklárað og hafa tilhneigingu til að fresta verkum fram á síðustu stundu.“ Haukur Örvar mælir til dæmis með því að unglingar noti tæknina til að minna sig á hvaða verkefnum sé ólókkið, skrái til dæmis hjá sér í símanum eða gmail-dagbók á netinu, sem getur sent SMS í síma um þau verkefni sem þarf að klára og í hvaða röð.

„Krakkarnir eru kannski með mörg verkefni í gangi í einu og það getur verið mjög hjálplegt fyrir þau að fá áminningu í símann um að byrja á einhverju verkefni, eða huga að undirbúningi ritgerðar, til þess að þau sitji ekki allt í einu uppi með allt of stórum verkefni óleyst. Lykilatriði hér að er að búta verkin niður í litlar einingar



HAUKUR ÖRVAR Fylgiraskanir flækja ADHD, segir Haukur Örvar, og því mikilvægt að þekkja og taka tillit til einkenna þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

og mikilvægt að kennarar og foreldrar veiti börnum ramma sem þau geta stuðst við þegar þau vinna verkefni.

## Margvíslegar fylgiraskanir

„Með því að búta verkefni niður ertu að setja þér markmið sem er viðráðanlegt og skýrt, þegar þú hefur náð þessu markmiði getur þú veitt þér einhverja umbun. Skýrir rammar, rúttína, sjónrænar leiðbeiningar, hvatning og hrós eru mikilvægir þættir í kennslu barna. Þessir þættir eru hins vegar enn mikilvægari í kennslu barna með ADHD,“ segir Haukur Örvar og bætir við að ADHD sé mjög flókið fyrirbæri sem líkja megi við ísjaka, þar sem einungis brot af vandanum sé sýnilegur. „Það eru margvíslegar fylgiraskanir sem geta fylgt ADHD, eins og mót-

„Þeim fallast hendur ef stórt og mikið verkefni bíður óklárað og hafa tilhneigingu til að fresta verkum fram á síðustu stund.“

þróabráðsúröskun og hegðunaröskun, Tourette, kvíði, þunglyndi og námsörðugleikar. Það sem flækir ADHD til muna er þessar fylgiraskanir og því mikilvægt að þekkja og taka tillit til einkenna ADHD og þessara fylgiraskana,“ segir hann að lokum.

Námskeiðið áður nefnda verður haldið í samvinnu ADHD-samtakanna og Háskólans í Reykjavík 28. febrúar og 1. mars. Það er ætlað kennurum og starfsfólki grunnskóla.

sigridur@frettabladid.is

## Taugaproskaröskunin ADHD \*

Athyglisbrestur og ofvirkni, oft kallað ADHD í daglegu tali, er taugaproskaröskun sem kemur yfirleitt snemma fram, eða fyrir 7 ára aldur, og getur haft víðtæk áhrif á daglegt líf, nám og félagslega aðlögun. Athyglisbrestur og ofvirkni er algerlega óháð greind. ADHD er alþjóðleg skammstöfun og stendur fyrir „Attention deficit hyperactivity disorder“ eða athyglisbrest og ofvirkni.

Nýjar rannsóknir sýna að 5-10% barna og unglunga glíma við ofvirkni sem þýðir að 2-3 börn með ADHD gætu verið í hverjum bekk að meðaltali í öllum aldurshópum. Auk þess geta börn haft vægari einkenni. Í hópi barna með ADHD eru þeir drengir á móti hverri einni stúlku. Nýjar rannsóknir benda þó til að fleiri stúlkur séu með ADHD en talið hefur verið en þær koma síður til greiningar.

Börn og unglingar með athyglisbrest með/án ofvirkni eiga einnig oft við aðra erfiðleika að stríða. Akveðinn hópur er t.d. með sértæka námsörðugleika og alvarlegri félags- og hegðunarerfiðleikar eru ekki óalgengir. Þeim er mjög hætt við að þróa með sér mótþróahegðun. Kvíði og depurð eru algeng og mörg þessara barna sýna einkenni áratuhegðunar.

\*Heimild: www.adhd.is

# 15% afsláttur

Gildir út febrúar



Apótekarinn<sup>+</sup>  
lyf á lægra verði



## Skóli margbreytileikans

Rannveig Klara Matthíasdóttir fjallar um viðhorf sérkennara í erindi sem byggir á meistararitgerð.

Viðhorf sérkennara til menntastefnunnar skóli margbreytileikans er heiti erindis Rannveigar Klöru Matthíasdóttur M.Ed. sem flytur í dag erindi á vegum Rannsóknarstofnu um skóla án aðgreiningar við Háskóla Íslands. Erindið er byggt á meistararitgerð

Rannveigar Klöru, sem kannaði viðhorf menntaðra sérkennara á Íslandi til skólastefnunnar í rannsókn sem hún vann 2012. Tími mun gefast fyrir spurningar og umræður. Erindið hefst klukkan 16.10 og fer fram í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins.



SIRI HUSTVEDT

# „Snjöll og margbrotin.“

SUNDAY TIMES

Þegar Boris fer frá Míu eftir þrjátíu ára hjónaband missir hún vitið – þó aðeins tíma-bundið.

Eftirminnileg, grátbrosleg og einstaklega heillandi kvennasaga um dulin og opinská átök, leynda drauma og sagðar og ósagðar sögur.




„Yndisleg ... hæfni hennar felst í að fullvissa lesandann um að hann hafi séð inn í sálarkima annarrar manneskju.“

OBSERVER

„Dásamlega vel úthugsuð, háalvarleg og stórkostlega skarpskyggn.“

GUARDIAN



[www.forlagid.is](http://www.forlagid.is) – alvöru bókabúð á netinu

## Leika Vínarklassík

Tígulkvartettinn efnir til tónleikahalds norðan heiða.

Vínarklassík á norðurhvara er yfirskrift tónleika Tígulkvartettsins sem fara fram í Akureyrarkirkju í kvöld. „Við mynduðum kvartettinn síðasta haust og höfum æft þrotlaust síðan. Við munum leika strengjakvartetta eftir Mozart og Beethoven og Lundúnatríó eftir Haydn. Þetta er skemmtileg músík og hægt að lofa fjörugum tónleikum,“ segir Ásdís Arnardóttir sellóleikari og bætir við að gestum verði boðið upp á ávesti og grænmeti í hléi.

Petrea Óskarsdóttir þverflautu-

leikari kemur fram sem gestaleikari á tónleikunum, en hljóðfæraleikararnir eru allir búsettir fyrir norðan.

Kvartettinn ásamt Petreu mun síðan leggja land undir fót í mars og apríl og efna til tónleikahalds á Ólafsfirði, Raufarhöfn og á Langanesi. Menningarráð Eypings styrkti tónleikahaldið.

**KVARTETT OG GESTALEIKARI** Tomasz Kolosowski fiðla, Ásdís Arnardóttir selló, Petrea Óskarsdóttir þverflautu, Zsuzsanna Bitay fiðla og Pawel Kolosowski víóla.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FIMMTUDAGUR 21. FEBRÚAR 2013

### Listasmiðja

**14.00** Boðið verður upp á listasmiðju í Ásmundarsafni fyrir krakka, 6 ára og eldri. Emma Lindahl og Helena Hansdóttir Aspelund leiða smiðjuna og allir eru velkomnir. Áhugasamir eru hvattir til að mæta tímanlega til að tryggja sér sæti.

### Fundir

**12.00** Stofnfundur Markaðsstofu Kópavogs fer fram í bæjarstjórnarsalnum, Fannborg 2. Markaðsstofa er nýr samstarfsvettvangur bæjarins og atvinnulíffins um ferða- og markaðsmál. Fulltrúar fyrirtækja og annarra þeirra sem hagsmunu eiga að gæta eru hvattir til að mæta.

### Uppllestur

**18.00** Guðlaugur Þór Þórðarson les ellifta Passíusálminn í Grafarvogskirkju í tilefni föstunnar.

### Uppákomur

**17.30** Alþjóðum móðurmálsdegi verður fagnað í aðalsafni Borgarbókasafns, Tryggvagötu 15. Ýmislegt verður á dagskrá, léttar veitingar í boði og ókeypis aðgangur.

**20.00** Fjáröflunarbíngó HÍ verður haldið á Faktóry. Veglegir vinningar í boði. Dj. Pabbi spilar svo í aðalrymi frá klukkan 22.

### Leikrit

**14.00** Leikfélagið Snúður og Snælda sýnir leikverkið Ráðabugg eftir Sellu Páls og Bland í poka eftir þau sjálf í lönó.

### Tónlist

**20.30** Hljómsveitin My Sweet Baklava heldur tónleika á Gamla Kaupfélaginu, Akrenesi. Um er að ræða útgáfutónleika í tilefni af útkomu plötunnar Drops of Sound. Miðaverð er kr. 1.500 en ekki er tekið við greiðslukortum.

**21.00** Blúshljómsveitin Vor heldur blústónleika á Café Rosenberg. Sérstakir gestir eru The Dirty Deal Bluesband. Aðgangur er ókeypis.

**22.00** Þórir Georg spilar nýjustu lögin af plötu sinni á Dillon bar. Róbert Örn úr hljómsveitinni ÉG sér um upphitun. Aðgangur er ókeypis.

**22.00** Sváfnir Sigurðarson og Þórarinn Freysson skemmta á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 500.

### Fyrirlestrar



**12.15** Guðrún Ásmundsdóttir leikkona segir gestum frá sínu uppáhalds verki á sýningunni Flæði á Kjarvalsstöðum.

**17.00** Guðbjörg R. Guðmundsdóttir samskiptafulltrúi á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund heldur fyrirlestur í Bókasafni Seltjarnarness um Eden hugmyndafræðina. Aðgangur er ókeypis og öllum opinn.

**17.15** Sr. Sigfinnur Þorleifsson talar á þriðja erindi um Tímann í Bókasafni Kópavogs. Boðið verður upp á fyrirspurnir og umræður og aðgangur er ókeypis.

**17.30** Anna Elín Svavarsdóttir fjallar um líffögguna á Alzheimer Kaffi í Félagsmiðstöðinni, Hæðargarði 31 (gamla Víkingsheimilinu).

**20.00** Vöruhönnuðurinn Sindri Páll Sigurðsson, starfsmaður í þróunardeild Össurar, heldur fyrirlestur í Hafnarhúsinu. Fyrirlesturinn er hluti af fyrirlestraröðinni Þróun í návigi og mun Sindri Páll reka þróunarferli nokkurra vara.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á vísir.is.

# ÚTSALA

Fyrir börnin  
30-60%  
afsláttur

Ferðatöskur  
30-50%  
afsláttur

Erlendar bækur  
50-80%  
afsláttur

Bókaborð  
999 kr.  
bókin

Auglýsing gildir til og með 28.02.13.

Verðdæmi:  
399,-  
Trixiþellesspennur  
Áður kr. 799

Verðdæmi:  
799,-  
Púsl truckar  
Áður kr. 1.599

Verðdæmi:  
49,-  
Vaxlitir  
Áður kr. 299

Verðdæmi:  
599,-  
Límmiðabox  
Áður kr. 1.499

Verðdæmi:  
10.999,-  
Áður kr. 18.499

Verðdæmi:  
799,-  
Matreiðslubók  
Áður kr. 1.599

Verðdæmi:  
699,-  
Lisa Marklund, kilja  
Áður kr. 2.499

- Þrjónabækur
- Fræðibækur
- Skáldsögur
- Matreiðslubækur
- Gjafabækur
- Myndlistarbækur

Valdar íslenskar  
bækur á ótrúlegu verði!

15% afsláttur  
af öllum íslenskum  
þrjónablöðum



**GRIFFILL**  
ALLTAF ÓDÝR

Skeifunni 11 • 108 Reykjavík • Sími 533 1010 • Opið til klukkan 22

# 2013

# SLEGGJAN

## GRJÓTHARÐIR VERKFERA DAGAR! LOKAHELGIN!

Borvél og hersluvél  
**55.995 kr.**

10.8V. 2 stk. Li-Ion rafhlöður.  
1.3 Ah, hleðslutími 40 mín.  
Mjúk taska.  
5159007



HITACHI  
Inspire the Next

Rafhlöðuborvél  
**20.995 kr.**


1.5 Ah DS10DFL  
10.8V lithium, 2 rafhlöður.  
34 Nm, nett en öflug.  
Aðeins 1 kg.  
5246795



Slipi-rokkur  
**13.995 kr.**

Dewalt D28139-QS  
125mm - 850W, 10.000 sn/min  
5159020

DEWALT



BLACK & DECKER

Stingsög  
Verð áður 10.895 kr.  
**8.695 kr.**

Black&Decker KS600E  
450 W, stíglaus hraði.  
5245415



Rafhlöðuborvél  
**29.395 kr.**

1.5 Ah DS14DSFL  
14.4V Li-ion, 2 rafhlöður.  
34 Nm, hleðslutími 40 mín.  
5247013



Ryksuga  
**7.595 kr.**

LÆGSTA  
LÁGA  
VERÐ  
HÚSASMIÐJUNNAR

Power Plus  
1200W, 20 ltr.  
Blautt og þurr  
5247007



Bútsög  
**11.995 kr.**

Power Plus  
1200W, 210 mm blað  
5245205



Hillur  
**2.595 kr.**

Hillurekki Solid 50  
150x75x30, 4 hillur.  
Hver hilla ber 50 kg.  
5803671



Innimálning  
**4.995 kr.**

Góð vegg-  
málning.  
Gljástig 10  
7119963




Juðari  
**1.995 kr.**

Power Plus  
135W, 90 mm  
5245212



Topplyklasett  
**2.995 kr.**

1/4" toppar og bitar  
33 stk. 5052550



Taktu þátt  
í leiknum!

## Sleggjuleikurinn!

Komdu með þennan seðil í næstu verslun og þú getur unnið grjóthart verk-  
feri! Dregið út í öllum verslunum Húsasmiðjunnar.

Nafn: \_\_\_\_\_

Kt.: \_\_\_\_\_ Sími: \_\_\_\_\_

Netfang: \_\_\_\_\_

Já takk, ég vil vera í Kjaraklúbbnum og fá afslátt  
af þúsundum vara í Húsasmiðjunni og Blómavali.

Skoðaðu blaðið á husa.is. Allt um verkferin og leikinn!



HÚSASMIÐJAN



DRYAN/OBERKAR/AVIC



## TÓNINN GEFINN

Trausti Júlíusson



## Frábær Sónar-hátíð

Sónar-hátíðin fór fram í Hörpu um síðustu helgi og þótti takast sérstaklega vel. Þetta var í fyrsta sinn sem þessi margfræga tónlistarhátíð er haldin hér á landi og jafnframt í fyrsta sinn sem tónlistarhátíð sem að stærstum hluta er helguð raf- og danstónlist fer alfarið fram í Hörpu. Stærstu nöfnin voru í Silfurbergi og Norðurljósum en einnig var brugðið á það ráð að koma fyrir tveimur nýjum sviðum í húsinu. Vestanmegin á fyrstu hæðinni (gegn höfninni) var svið þar sem íslenskir listamenn léku aðallega og í bílakjallara hæðin verið afmarkað svæði og breytt í klúbb. Hvortveggja kom mjög vel út og opnar nýja möguleika á nýtingu hússins í framtíðinni.

Það myndaðist góð stemning í Hörpu á Sónar-hátíðinni. Fólk flæddi á milli tónleikasviðanna fjögurra og allir virtust sáttir, enda var mikið af gæðatónlist í boði. Framkvæmdin tókst líka mjög vel. Hljómburður var framúrskarandi og mikið lagt í sjónræna hlutann. Dagskráratíðin sem ég sá hófust öll á réttum tíma, nema Squarepusher sem fór af stað nokkrum mínútum fyrir auglýstan tíma...

Hátíðin lífgaði líka upp á bæjarbraginn. Erlendir gestir voru áberandi, bæði í Hörpu og á götum miðborgarinnar. Það er ekkert sérstakt í gangi í tónlistarlífinu í Reykjavík í febrúar og þess vegna er hátíð eins og þessi afar kærkomin. Sónar 2013 var vel sótt en spurningin er auðvitað hvort fjárhagsáætlanir hafi haldið og hvort útkoman hafi verið það góð að við fáum aðra hátíð að ári. Þess væri óskandi.

Ég er sannfærður um að ef Sónar-hátíðin nær að festa sig í sessi verður hún bæði ómissandi atburður í vetrarprógrammi ferðaþjónustunnar og mikil lyftistöng fyrir íslenska tónlist – sérstaklega raf- og danstónlist. Áfram Sónar!

## Í spilaranum



Foals – Holy Fire  
Oyama – I Wanna  
Árstíðir – Tvíeind



## Lífs-spor, sóló á Suðurljósi

- kraftur markmiða og drauma

Vilborg Arna Gissurardóttir, sem brautskráðist úr MBA námi frá Háskóla Íslands árið 2011, náði eins og kunnugt er því einstaka markmiði að ganga ein síns liðs, fyrst íslenskra kvenna og sú niúnda í heiminum á Suðurljósinum.

Af því tilefni hefur MBA námið í Háskóla Íslands fengið Vilborgu til að fjalla um þessa ævintýraferð, **fimmtudaginn 21. febrúar kl. 12-13 í stofu 105 á Háskólatorgi.**

Verkefni Vilborgar krafðist gífurlegrar skipulagningar, þrautseigju og kjarks. Í erindi sínu fjallar Vilborg um áskoranir sínar.

Skráning á [mba@hi.is](mailto:mba@hi.is) - Aðgangur er ókeypis

[www.mba.is](http://www.mba.is)



# Gítargoðsögn stígur fram í sviðsljósið

Johnny Marr, fyrrum gítarleikari The Smiths, gefur út sína fyrstu sólóplötu.

Fyrsta sólóplata Johnnys Marr, fyrrum gítarleikara The Smiths, kemur út eftir helgi. Hún kallast The Messenger og kemur út í Bretlandi á vegum Warner en í Bandaríkjunum hjá Sire Records.


Marr, sem verður fimmtugur í október, er einn kunnasti gítarleikari heims eftir veru sína í The Smiths, en sú hljómsveit hefur lengi verið í uppáhaldi hjá tónlistaráhugamönnum. Hann var kjörinn fjórði besti gítarleikari síðustu þrjátíu ára í könnun BBC árið 2010 og í næstu viku fær hann afhent Godlike Genius-heiðursverðlaunin hjá blaðinu NME fyrir framlag sitt til tónlistarinnar.

Mörgum kemur eflaust á óvart að Marr hafi ekki gefið út sólóplötu fyrr, því 26 ár eru síðan The Smiths lagði upp laupana. Á þessum tíma hefur forspraki sveitarinnar, Morrissey, sent frá sér níu hljóðversplötur og þar af hafa þrjár komist á topp breska vinsældarlistans.

Í stað þess að vera einn á báti hefur Marr spilað með hinum ýmsu hljómsveitum, annaðhvort sem opinber meðlimur eða á tónleikaferðum. Eftir endalok The Smiths spilaði hann inn á tvær vinsælustu plötur The The, Mind Bomb og Dusk. Eftir það stofnaði hann hljómsveitina Electronic ásamt Bernard Sumner úr New Order og náði fyrsta plata þeirra öðru sæti á breska listanum.

Næst stofnaði Marr hljómsveitina Johnny Marr & The Healers sem gaf út plötuna Boomslang, sem fékk misjöfn viðbrögð. Í framhaldinu gekk hann til liðs við bandaríska indísvæitina Modest Mouse árið 2006 og spilaði inn á tvær plötur hennar. Fór sú fyrri, We Were Dead Before the Ship Even Sank, á topp bandaríska listans en þangað hafði Marr aldrei komist áður. Því næst gerðist Marr meðlimur í bresku indírokkssveitinni The Cribs og tók upp eina plötu með henni en hætti 2011 til að einbeita sér að fyrstu sólóplötunni, sem hann tók alfarið upp sjálfur.

Gagnrýnendur virðast ekkert yfir sig hrifnir af The Messenger. BBC segir plötuna vanta þann brodd sem Marr hefur fært hljómsveitum sínum í gegnum tíðina. Vefsíðan Pitchfork gefur henni 6,3 af 10 og segir hana fanga athyglina í



JOHNNY MARR Fyrsta sólóplata Johnnys Marr, The Messenger, kemur út eftir helgi. NORDICPHOTOS/GETTY

## Ósáttur við aðdáun Davids Cameron

David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, segist í nýlegu viðtali við BBC ætla að halda áfram að hlusta á The Smiths þrátt fyrir óskir Johnnys Marr um að hann snarhætti því. Á Twitter árið 2010 hafði Marr þetta að segja um aðdáun Cameron á The Smiths: „David Cameron, hættu að segja að þú fílir The Smiths. Þú gerir það ekki. Ég banna þér að fíla hljómsveitina.“ Söngvarinn Morrissey lýsti yfir ánægju sinni með ummæli Marrs og í apríl ferðast hann til Radiohead sagðist ætla að höfða mál gegn Cameron ef hann notaði eitthvað af lögunum hans í kosningaherferð.

byrjun en vera ólíklega til að vekja áhuga til lengra tíma liðið. Drowned in Sound gefur henni 4 af 10 og segir að Marr virðist eiga erfitt með að búa til góð lög eftir að hafa verið svo lengi í bakgrunnum. Þá segir vefsíðan Musicomh plötuna misgóða og of

langa en gefur henni samt þrjár stjórnur.

Marr ætlar að fylgja The Messenger eftir með tónleikaferð um Bretland sem hefst í mars, og í apríl ferðast hann til Bandaríkjaanna.

[freyr@frettabladid.is](mailto:freyr@frettabladid.is)

14.2.2013 → 20.2.2013



### LAGALISTINN

Sæti	Flytjandi	Lag
▶ 1	Ásgeir Trausti	Nýfallið regn
▲ 2	Jónas Sigurðsson	Fortíðarþrá
▲ 3	Retro Stefson	Julia
▲ 4	Frank Ocean	Lost
▲ 5	Eyþór Ingi	Ég á líf
▼ 6	Valdimar	Yfir borgina
▼ 7	Rihanna / Mikky Ekko	Stay
▲ 8	Bruno Mars	Locked Out of Heaven
▲ 9	Moses Hightower	Háa C
▼ 10	Maroon 5	Daylight

### TÓNLISTINN

Sæti	Flytjandi	Plata
▲ 1	Ásgeir Trausti	Dýrð í dauðapögn
▼ 2	Ýmsir	Söngvakeppnin 2013
▲ 3	Retro Stefson	Retro Stefson
▲ 4	Of Monsters and Men	My Head Is an Animal
▲ 5	Raggi Bjarna	Dúettar
▲ 6	Bloodgroup	Tracing Echoes
▼ 7	Skálmöld	Börn Loka
▲ 8	Moses Hightower	Önnur Mósebók
▼ 9	Valdimar	Um stund
▼ 10	Sin Fang	Flowers

Skýringar ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ★ Nýtt á lista Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á [Vísir.is](http://visir.is)

Þátttakendur í Lagalistanum Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. Verslanir í Tónlistanum Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.



# Markaðstorg

frá fimmtudegi til sunnudags

© Inner IKEA Systems B.V. 2012



Það verður markaðsstemming í IKEA frá fimmtudegi til sunnudags. Við rýmum til á lagernum og setjum upp markaðstorg. Húsgögn, smávara, heimilistæki, sumarhúsgögn, framhliðar á eldhúsinnréttingar, rúm og miklu fleira. Það úir og grúir af alls kyns húsbúnaði, bæði vörum enn í umbúðum auk sýnishorna og útlitsgallaðra vara úr Umbúðalaust. 20% aukaafsláttur er af öllum vörum úr Umbúðalaust. Komdu og gerðu frábær kaup!

Verslun opin **11-20** alla daga - Veitingastaður opin 9:30-19:30 - [www.IKEA.is](http://www.IKEA.is)



## Kristen Wiig leikur unga Lucille Bluth

Ný þáttaröð af Arrested Development í maí.

Gamanleikkonan Kristen Wiig mun fara með hlutverk ungrar Lucille Bluth í nýrri þáttaröð Arrested Development. Gamanleikarinn Seth Rogen mun einnig fara með hlutverk í þáttunum. Enn er óvíst hvaða persónu hann mun leika.



KRISTEN WIIG

Gamanþættirnir hafa notið mikilla vinsælda allt frá því þeir voru frumsýndir á Fox-sjónvarpsstöðinni árið 2003. Tökur á þáttaröðinni hófust í ágúst í fyrra og er ætlunin að frumsýna alla fjórtán þættina í einu á Netflix í maí á þessu ári. Þættirnir verða þá aðgengilegir í Bandaríkjunum og Kanada. Aðrir leikarar sem munu koma fram í þáttunum eru Terry Crews, Conan O'Brien, John Slattery og Isla Fisher.



BRUCE LEE Frægasti kung fu-meistari sögunnar.

## Bíómynd um Bruce Lee er í smíðum

Fjallar um einvígi í San Francisco á 7. áratugnum.

Handritshöfundarnir Christopher Wilkinson og Stephen Rivele eru byrjaðir að undirbúa mynd um kung fu-meistarann Bruce Lee. Áður hafa Wilkinson og Rivele meðal annars skrifað handrit að myndum um Richard Nixon og Muhammad Ali, auk þess sem þeir eru með puttana í væntanlegri kvikmynd um líf Queen-söngvarans Freddie Mercury, og eru því engir nýgræðingar í þessum bransa.

Samkvæmt Hollywood Reporter er ætlunin að láta handritið snúast um einvígi sem Lee háði við annan kung fu-meistara, Wong Jack Man, í San Francisco á sjöunda áratug síðustu aldar og uppgang Lees í kjölfarið.

Árið 1993 var myndin Dragon: The Bruce Lee Story gerð um ævi Bruce Lee, en þar fór Jason Scott Lee með hlutverk slagsmálagarpsins.

## Reynslan gerir mann dýrmætari

– Sigrún Edda Björnsdóttir um leiklistarferilinn



Lífið

– FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á FÖSTUDÖGUM



VERÐLAUNALEIKUR Mads Mikkelsen fékk verðlaun á kvikmyndahátíðinni í Cannes fyrir hlutverk sitt í dönsku kvikmyndinni Jagten. Myndin er frumsýnd annað kvöld.

## Barnasálfræðingur kom með söguna

Danska myndin Jagten segir frá manni sem er sakaður um barnaníð. Leikstjórinn Thomas Vinterberg fékk hugmyndina að handritinu frá sálfræðingi.

„Ég fékk hugmyndina að myndinni veturinn 2000, ég var heima hjá mér í Kaupmannahöfn og þá var skyndilega bankað á hurðina hjá mér. Það var þekktur danskur barnasálfræðingur sem stóð fyrir utan dyrnar og hann spurði mig hvort ég væri sá sem hafði gert myndina Festen. Ég sagði auðvitað já. Þá sagði barnasálfræðingurinn að hann væri með hugmynd að annarri mynd sem ég gæti gert og hann rétti mér mikinn fjölda dómskjala.“ Svo lýsir leikstjórinn Thomas Vinterberg því hvernig hugmyndin að kvikmyndinni Jagten varð til. Jagten verður frumsýnd hér á landi annað kvöld.

Kvikmyndin er hádramatísk og tekst á við erfitt málefni. Mads Mikkelsen sýnir einstakan leik í

hlutverki leikskólakennarans Lucas sem sakaður er um barnaníð af lítilli dóttur vinar síns. Lygin breiðist hratt um heimabæ Lucasar og innan skamms er hann orðinn skotmark múgæsings og hann nánast gerður útlægur úr samfélaginu. Með önnur hlutverk fara Thomas Bo Larsen, Annika Wedderkopp og Susse Wold sem snýr aftur á hvíta tjaldið eftir 27 ára hlé. „Dönsk kvikmynda-gerð hefur saknað Susse Wold. Hún hefur verið fjarverandi í 27 ár. Hún er undraverð, falleg og frábær leikari,“ sagði Vinterberg um Wold. Leikkonan er Íslendingum meðal annars kunn fyrir hlutverk sitt sem Gitte Graa í sjónvarpsþáttunum vinsælu Matador.

Jagten var frumsýnd þann 20.

463

milljónir króna kostaði að framleiða Jagten.

maí á kvikmyndahátíðinni í Cannes í fyrra. Hún var þá fyrsta dönskumælandi myndin sem hefur keppt til Gullpálmans frá árinu 1998. Mads Mikkelsen hlaut verðlaun fyrir besta leik í karlhlutverki það árið fyrir túlkun sína á Lucasi. Myndin hefur hlotið einróma lof gagnrýnenda og kvikmyndahúsagesta og á vefsíðunni Rottentomatoes.com fær hún 91 prósent í einkunn frá gagnrýnendum og einkunnina 8,3 á vefsíðunni IMDb.com.

-sm

## Flugslýs, galdrar og hjónalíf

Prjár kvikmyndir verða frumsýndar í bíóhúsum um helgina, auk Jagten.

Töfariinn Denzel Washington kemur á tjaldið um helgina í bíómyndinni Flight, sem er tilnefnd til tveggja Óskarsverðlauna á sunnudaginn. Í myndinni leikur Washington flugstjóran Whip Whitaker. Hann vaknar með slæma þynnu eftir ævintýri kvöldins áður. Hann þarf þó að mæta til vinnu og stýra heilli flugvél svo til að rétta sig af tekur hann vænan skammt af kókaíni. Flugferðin gengur þó ekki beinlínis eins og í sögu þegar bilun í vélinni leiðir til þess að hún verður stjórnlaus.

Ævintýramyndin Beautiful Creatures er byggð á samnefndum metsölubókum og skartar meðal annars þeim Jeremy Irons, Viola Davis og Emme Thompson í aðalhlutverkum. Hún fjallar um Ethan sem þráir ekkert heitar en að komast í burtu úr smábænum sem hann býr í. Hann kemst í kynni við hina dularfullu Lenu og verður ástfanginn af henni við fyrstu sýn. Lena er þó ekki eins og hver önnur stúlka því hún býr yfir yfirnáttúrulegum kröftum og þarf fljótlega að ákveða hvort hún vilji verja lífi sínu í liði með myrkum öflum eða góðum. Við nánari kynni komast þau Ethan og Lena að því að fjölskyldur þeirra tengjast lengst aftur í ættir og að hlutirnir eru sannarlega ekki eins einfaldir og þeir líta út fyrir.

Gamanmyndin This Is 40 er óbeint framhald myndarinnar Knocked Up frá árinu 2007. Hér eru hjónin Pete og Debbie í aðalhlutverkum, en þau voru í aukahlutverkum í Knocked Up, þar sem Debbie var systir hinnar óléttu Alison Scott, sem leikin var af Katherine Heigl. Myndin fjallar um líf þeirra hjóna nokkrum árum eftir fyrri myndina. Sem fyrr eru það Paul Rudd og Leslie Mann sem leika hjónin, en það er Judd Apatow sem leikstýrir og skrifar myndina.



EILÍFDARTÖFFARI Denzel Washington hlaut Óskarsverðlaunatilnefningu fyrir túlkun sína á flugstjóranum Whip Whitaker í myndinni Flight, sem verður frumsýnd um helgina.

# Heimsfræg hönnun á hagstæðu verði

OPIÐ  
Alla virka daga: 8-18  
Laugardaga: 11-15

DSR stóll  
Hönnun: Charles & Ray Eames, 1950  
Verð: 39.900,- kr.  
Verð áður: 49.900,- kr.



DAR armstóll  
Hönnun: Charles & Ray Eames, 1950  
Verð: 49.900,- kr.  
Verð áður: 64.900,- kr.



DSW stóll  
Hönnun: Charles & Ray Eames, 1950  
Verð: 54.900,- kr.  
Verð áður: 69.900,- kr.



DAW armstóll  
Hönnun: Charles & Ray Eames, 1950  
Verð: 69.900,- kr.  
Verð áður: 84.900,- kr.



CORNICHES hillur  
Hönnun: Ronan and Erwan Bouroullec, 2012  
Lítill, verð: 8.900,-kr  
Lítill, verð áður: 10.900,- kr.

Miðstærð, verð: 11.900,-kr  
Miðstærð, verð áður: 13.900,- kr.

Stór, verð: 14.900,-kr.  
Stór, verð áður: 16.900,- kr.  
Til svartar, hvítar og rauðar.



SUNBURST  
Hönnun: Georg Nelson, 1948-60  
Verð: 44.900,- kr.  
Verð áður: 54.900,- kr.



EAMES HOUSE BIRD  
Verð: 23.900,- kr.  
Verð áður: 26.900,- kr.



EAMES LOUNGE  
Hönnun: Ray og Charles Eames, 1956  
Verð: 895.000,- kr.  
Verð áður: 995.000,- kr.



**vitra.**

Þessi frábæru verð  
á **VITRA** vörum  
gilda á meðan birgðir  
endast.

**NÝTT KORTATÍMABIL**  
VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR TIL  
ALLT AÐ 6 MÁNAÐA

**Penninn**  
180 ÁR

# Bleyjukökur vinsælar í steypiboðunum

Svokölluð baby shower, eða steypiboð á góðri íslensku, hafa verið að færast í aukana hérlendis á undanförunum árum. Um er að ræða bandaríska hefð þar sem vinkonur verðandi móður halda óvænt boð fyrir hana áður en barnið kemur í heiminn. Bleyjukökur eru vinsælasta gjöfin í slíkum veislum vestanhafs, en þær eru einnig fáanlegar hérlendis.

„Það er hægt að búa til bleyjukökur úr hvernig bleyjum sem er. Oftast nota ég annaðhvort Libero eða Pampers ef kaupandinn er ekki með neinar sérstakar óskir. Það er líka hægt að nota allar stærðir af bleyjum, enda eru kökurnar mikið gefnar í gjafir eftir að barnið er fætt,“ segir Bergþóra Björg, eigandi fyrir-tækisins Gjafakörfunnar.

Bleyjukökur eru í flestum tilfellum búnar til úr pappableyjum, en þær eru einnig hægt að búa til úr öðru, til dæmis taubleyjum eða þvottapökum. Bleyjunum er þá annaðhvort rúllað upp og raðað saman eða raðað í hring og bundið um þær með borða. Bergþóra setur yfirleitt bangsa á toppinn á sínum kökum. Stundum er miðjan tekin úr þeim til að koma fyrir gjöfum þar. „Ég reyni líka að nota gjafirnar til að skreyta kökurnar enn frekar. Einu sinni vildi kaupandinn til dæmis láta hálsmen fylgja með svo ég setti það utan um hálsinn á bangsanum,“ segir hún. Í Bandaríkjunum er algengt að skreyta kökurnar enn frekar með smáhlutum sem barnið þarfnast, eins og snudum. „Þetta er svo skemmtileg, falleg og sniðug gjöf og það er hægt að treysta því að hún komi til með að nýtast barninu,“ segir Bergþóra Björg.

Bergþóra Björg hefur alltaf verið mikil föndurkona. Hún er að læra til blómaskreytis í Garðyrkjuakólunum í Hveragerði og dreymir um að Gjafakarfan verði í framtíðinni blóma- og gjafavörverslun. Hún hefur alltaf verið mikið fyrir bandarískar hefðir og árið 2009 byrjaði hún að leita sér upplýsinga og prófa sig áfram í gerð bleyjukaka eftir að hafa séð þeim bregða fyrir í ófáum bandarískum bíómyndum. „Þetta er það yndislegasta sem ég geri,“ segir hún.

Hún segist hafa tekið eftir því að það séu helst stelpur á milli tvítugs og þrítugs sem kaupi kökurnar til að gefa í svokölluð steypiboð (e. baby shower), svo hún

## Hvað er steypiboð?

Steypiboð eru boð af bandarískri hefð sem vinkonur eða skyldkonur verðandi móður halda henni stuttu áður en hún eignast barn. Yfirleitt er verðandi móðirin lokkuð í boðið á fölskum forsendum og það látið koma henni á óvart.

Upphaflega voru boðin aðeins haldin þegar konur áttu von á sínu fyrsta barni en á seinni árum hefur það breyst og þau nú yfirleitt haldin við hverja óléttu. Það er þó vaninn að einungis konum sé boðið að koma og þeim sem þegar eiga börn er gert að veita þeirri óléttu heilræði varðandi móðurhlutverkið. Allir gestir færa verðandi móðurinni, eða ófæddu barninu, einnig litla gjöf. Vaninn er að þær gjafir séu hlutir sem barnið þarfnast eftir að það fæðist, svo sem bleyjur, teppi, pelar og fót.



Hefðina má finna víðs vegar um heiminn þó hún sé mismunandi eftir heimshlutum. Í Kína er boðið til að mynda yfirleitt haldið um mánuði eftir að barnið fæðist. Sums staðar tíðkast það líka að föðurnum séu haldin sérstök boð en þau eru yfirleitt af öðrum toga. Í Bretlandi er föðurnum til að mynda haldið sérstakt boð rétt eftir fæðingu barnsins þar sem félagarnir fara með hann á barinn og drekka nýfædda barninu skál.

gerir ráð fyrir að það séu helst yngri stelpurnar sem séu farnar að taka upp þá hefð. Kökurnar eru þó vinsælar í skírnargjafir eða sængurgjafir líka og kaupendurnir því á öllum aldri og alls staðar að. „Ég sendi hvert á land sem er og hef meira að segja tvisvar sinnum sent kökur erlendis, til Bretlands og Noregs,“ segir hún.

tinnaros@frettabladid.is



## ÞRÍJÁR HÆDIR AF BLEYJUM

Bleyjukökur geta verið allt frá einni hæð og upp úr, en þriggja hæða kökurnar eru vinsælastar. MYND/BERGÞÓRA BJÖRG

Hreint vatn – ómetanleg lífsgæði

## Málþing um vatnsvernd

Orkuveita Reykjavíkur stendur fyrir málþingi um vatnsvernd laugardaginn 23. febrúar á Hótel Natura, Nauthólsvegi 52, klukkan 13:00–15:00.

Fulltrúar atvinnulífsins, hagsmunaaðila, stjórnvalda og Orkuveitunnar munu fjalla opinskátt um þetta mikilvæga málefni og svara spurningum fundarmanna.

Fundarstjóri er Þóra Arnórsdóttir.

Enginn aðgangseyrir en vinsamlegast skráið þátttöku á: <http://www.or.is/UmOR/Hreintvatnmalthing/>



Hreint vatn - hraust fólk

[www.or.is](http://www.or.is)



Orkuveita Reykjavíkur



FÉKK ÓVÆNT STEYPIBOÐ Karen segist ekki hafa skilið neitt í því hvað var í gangi þegar hún gekk inn í íbúðina sem var öll skreytt með barnadóti. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Hélt að hún væri að fara í afmæli

Karen Kjartansdóttir er 24 ára gömul og á von á sínu fyrsta barni þann 28. apríl næstkomandi með kærastanum sínum, Jun De Luna. Vinkonur Karenar komu henni heldur betur á óvart um síðustu helgi þegar þær slógu upp steypiboði fyrir hana. „Stelpurnar skipulögðu þetta þannig að þær létu mig halda að ég væri á leiðinni í afmæli til einnar í hópnun. Svo þegar ég kom inn var búið að skreyta alla íbúðina með barnadóti eins og samfellum og barnaskóm. Ég skildi í fyrstu ekkert hvað var í gangi,“ segir Karen. Hún er önnur vinkonan í hópnunum til að eignast barn en þetta var þó í fyrsta skipti sem svona boð er haldið. „Við ætluðum að halda steypiboð fyrir vinkonu okkar þegar hún var ólétt en það

klúðradist því hún átti fyrir tímann svo við náðum því ekki,“ rifjar hún upp.


Hún segir þær vinkonurnar allar hafa skemmt sér mjög vel í boðinu. Það hafi byrjað á því að allar fengu stelpurnar sér fordrykk, sem var að sjálfsögðu óafengur. Þær gæddu sér svo á girnilegum kökum og kræsingum og fóru í leiki. „Stelpurnar voru til dæmis búnar að smyrja súkkulaði í þrjár bleyjur og ég átti að þefa af þeim og giska á hvaða súkkulaði væri í hvaða bleyju. Ég fékk svo pakka fyrir hvert rétt svar og þar sem ég náði þeim öllum rétt fékk ég þrjár rosa flottar gjafir. Ætli þær séu þá ekki orðnar stikkfrí að gefa mér sængurgjafir þegar barnið kemur,“ segir Karen og hlær.

**netto**  
Kræsingar & kostakjör

**LAMBABÓGUR**

Tilboðin gilda **21. - 24. FEBRÚAR**

**VERÐBOMBA!**



**LAMBABÓGUR**

**798** KR/KG

FRYSTIVARA



[www.netto.is](http://www.netto.is) | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

**mid.is** Miðasala og nánari upplýsingar

**LAUGARÁS BÍÓ** www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

**POWERSÝNING** KL. 10.10

**BRUCE WILLIS A GOOD DAY TO DIE HARD** LIKE FATHER, LIKE SON, LIKE HELL. 16

**ZERO DARK THIRTY** 16

**KVIKUR SJÓR** VÖNDUB HEIMILDARMYND! L

**Vesalingarnir** 12

**LAUGARÁSBÍÓ** Sýningartímar

A GOOD DAY TO DIE HARD	8, 10.10(P)	16
ZERO DARK THIRTY	6, 9	16
VESALINGARNIR	6, 9	12
KVIKUR SJÓR	6	L



**FERN VERÐLAUN** Ásgeir Trausti hlaut fern íslensk tónlistarverðlaun í Silfurbergi í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**MOSES HIGHTOWER** Hljómsveitin fékk tvenn verðlaun í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ásgeir Trausti var atkvæðamestur

Ásgeir Trausti hlaut flest verðlaun á Íslensku tónlistarverðlauninum í gærkvöldi. Retro Stefson og Moses Hightower voru einnig sigursælar í popp- og rokkflokki.

Ásgeir Trausti hlaut flest verðlaun á Íslensku tónlistarverðlauninum sem voru afhent í nítjándna sinn í Silfurbergi í Hörpu í gærkvöldi. Hann átti bestu hljómplötuna, Dýrd í dauðabögn, var valinn bjartasta vonin, hlaut netverðlaun Tónlist.is og var kjörinn vinsælasti flytjandinn í netkosningu á Tónlist.is.

Retro Stefson fékk þrenn verðlaun, eða sem tónlistarflytjandi ársins, fyrir lag ársins (Glow) og fyrir besta tónlistarmyndbandið sem Magnús Leifsson gerði við Glow.

Moses Hightower hlaut tvenn verðlaun. Forsprakkarnir Andri Ólafsson og Steingrímur Teague voru verðlaunadír sem textahöfundar ársins og sveitin var kjörin lagahöfundur ársins.

Valdimar Guðmundsson var valinn söngvari ársins og Andrea Gylfadóttir söngkona ársins. Guðmundur Kristinn Jónsson var valinn upptökustjóri ársins, m.a. fyrir plötuna Dýrd í dauðabögn, og Ragnar Fjalar Lárusson hlaut tónlistarverðlaunin fyrir plötuumslag hljómsveitarinnar Ojba Rasta.

Sérstök viðurkenning Loftbrúar fyrir góðan árangur á erlendri grundu kom í hlut Sólstafa. Þorgerður Ingólfssdóttir, stjórnandi Hamrahlíðakórsins, hlaut jafnframt heiðursverðlaun Íslensku tónlistarverðlaunanna.



**RETRO STEFSON** Hljómsveitin Retro Stefson átti lag ársins, Glow.

Í flokki djass- og blústonlistar var Agnar Már Magnússon valinn tónhöfundur ársins fyrir verk á plötunni Hylur. Tónverk ársins var valið Bjartur eftir Tómas R. Einarsson og hljómplata ársins reyndist vera The Box Tree með Skúla Sverrissyni og Óskari Guðjónssyni.

Í sigildri- og samtímatónlist var Daniel Bjarnason valinn tónhöfundur ársins fyrir verkin The Isle Is Full of Noises og Over Light Earth. Tónverk ársins var Orkestur eftir Huga Guðmundsson og hljómplata ársins Vetrarferð þeirra Víkings Heiðars Ólafsson og Kristins Sigmundssonar.

Söngvari ársins var Gissur Páll

Gissurarson og söngkona ársins var valin Hulda Björk Garðarsdóttir. Verðlaun fyrir tónlistarflytjanda ársins í flokki sigildrar- og samtímatónlistar féllu síðan Víkingi Heiðari Ólafssyni í skaut. Bjartasta vonin í flokki djass- og sigildrar- og samtímatónlistar var valinn trompetleikarinn Jóhann Már Nardeau.

Tónlistarviðburður Íslensku tónlistarverðlaunanna 2012 var Reykjavík Midsummer Music og sérstaka viðurkenningu allra dómnefnda hlaut platan Lævirkin með Kjuregej Alexandra. Eins hlaut Reykjavík Midsummer Music nýsköpunarverðlaunin Rogastans ársins.

**SAMBÍÓIN** KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM Á TOPPNUM Í 30 ÁR KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á **SAMBIO.IS**

**HE'S STILL DEAD BUT HE'S GETTING WARMER** WARM BODIES 16

**OSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU** 700.KR L

**BULLET TO THE HEAD** 16

**PARKER** 16

**GANGSTER SQUAD** 16

**THE IMPOSSIBLE** 12

**WRECK-IT RALPH** 16

**WARM BODIES** KL. 5:50 - 8 - 10:20 16

**WARM BODIES VIP** KL. 5:50 - 8 - 10:20 16

**OSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU** KL. 6 - 8 (10:10 3D EXTRA) 16

**HANSEL AND GRETTEL** KL. 8 - 10:20 16

**BULLET TO THE HEAD** KL. 8 - 10:20 16

**PARKER** KL. 8 - 10:30 16

**GANGSTER SQUAD** KL. 10:20 16

**THE IMPOSSIBLE** KL. 5:40 - 8 12

**WRECK-IT RALPH** KL. 5:50 16

**WARM BODIES** KL. 8 16

**A GOOD DAY TO DIE HARD** KL. 10:10 16

**BULLET TO THE HEAD** KL. 10:20 16

**THE IMPOSSIBLE** KL. 8 12

**WARM BODIES** KL. 5:50 - 8 - 10:20 16

**WARM BODIES** KL. 5:50 - 8 - 10:10 16

**BULLET TO THE HEAD** KL. 5:50 - 10:30 16

**PARKER** KL. 8 - 10:30 16

**GANGSTER SQUAD** KL. 8 16

**MONSTERS INC** KL. 5:50 16

**WARM BODIES** KL. 5:50 - 8 - 10:20 16

**OSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU** KL. 6 16

**HANSEL AND GRETTEL** KL. 10:40 16

**BULLET TO THE HEAD** KL. 10:30 16

**GANGSTER SQUAD** KL. 8 16

**MONSTERS INC** KL. 5:50 16

**WARM BODIES** KL. 8 16

**HANSEL AND GRETTEL** KL. 10 16

**BULLET TO THE HEAD** KL. 8 - 10:10 16

**SMÁRABÍÓ** GLERAUGU SELÐ SÉR 5% **HÁSKÓLABÍÓ** INÁNAR Á MIÐLIS 5%

**BRUCE WILLIS A GOOD DAY TO DIE HARD** LÚXUS 16

**ZERO DARK THIRTY** 16

**DJANGO** 16

**LINCOLN** KL. 5 14

**LAST STAND** KL. 8 - 10:20 16

**HÁKARLABETTA 2** KL. 3:40 16

**THE HOBBIT 3D** KL. 4:30 12

**LIFE OF PI 3D** KL. 5:20 10

**DIE HARD 5** KL. 5.40 - 8 - 10.20 16

**DIE HARD LÚXUS** KL. 5.40 - 8 - 10.20 16

**ZERO DARK THIRTY** KL. 8 16

**DJANGO** KL. 8 16

**HVÍTI KÓALABJÖRNINN** KL. 3.30 14

**LINCOLN** KL. 5 14

**LAST STAND** KL. 8 - 10.20 16

**HÁKARLABETTA 2** KL. 3.40 16

**THE HOBBIT 3D** KL. 4.30 12

**LIFE OF PI 3D** KL. 5.20 10

**DIE HARD 5** KL. 5.40 - 10.30 16

**KON-TIKI** KL. 5.30 - 8 12

**LINCOLN** KL. 5.50 - 9 14

**VESALINGARNIR** KL. 5.50 - 9 12

**DIE HARD 5** KL. 5.50 - 8 - 10 16

**ZERO DARK THIRTY** KL. 10 16

**HVELLUR** KL. 5.50 16

**THE LAST STAND** KL. 8 16

**LYFJA** - Lífð heil

**+15% afsláttur**

**Nicotinell Tropical Fruit**

204 stk. 4 mg: 7.598 kr.

204 stk. 2 mg: 5.454 kr.

24 stk. 2 mg: 799 kr.

**Lægra verð í Lyfju**

Gildir til 30. september

**BÍÓ PARADÍS**

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMÍDSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BEYOND THE HILLS	(16)	18:00, 21:00
KON-TIKI	(12)	17:45, 20:00
HOLY MOTORS	(16)	22:15
HVELLUR	(L)	18:00, 20:00
XL	(16)	22:00

**BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN:** bioparadis.is/klubburinn

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELÐRI BORGARA.



Hef auðveldari aðgang að netbankanum  
Nýti Frístundakort barnanna á Rafrænni Reykjavík  
Sé stöðu lána hjá lífeyrissjóðnum

*Rafræn skilríki eru engin geimvisindi  
bara örugg skynsemi*

Hlakka til að kjósa um skipulag hverfisins  
Bráðum skrifa ég undir áskorun um þjóðaratkvæðagreiðslu



Líkt og Jói getur þú nýtt þér rafræn skilríki og eitt lykilorð til að opna þér hraðleið  
að þjónustu yfir hundrað aðila. Upplifðu þægindin við að þurfa ekki að muna mörg  
notendanöfn og lykilorð. Auðveldaðu þér hlutverkin og prófaðu að nota rafræn skilríki  
á debetkortinu til að skrá þig af öryggi inn í netbankann.

## Mayweather mokar inn seðlum

**BOX** Hnefaleikakappinn Floyd Mayweather hefur skrifað undir samning sem gæti gert hann að ríkasta íþróttamanni heims á næstu árum.

Mayweather skuldbatt sig til að berjast sex sinnum á næstu þrjátíu mánuðum en samningurinn sem hann gerði snýr að sýningarreitti á þeim bardögum í sjónvarpi.

„Samningurinn er sá langstærsti sem hefur verið gerður hingað til í heimi hnefaleikanna,“ segir í yfirlýsingu



sem umboðsskrifstofan, sem er með Mayweather á sínum snærum, sendi frá sér.

Engar upphæðir hafa verið gerðar opinberar en næsti bardagi hans verður gegn Robert Guerrero þann 4. maí næstkomandi. Það verður fyrsti bardagi hans síðan hann vann Miguel Cotto í maí síðastliðnum.

Mayweather hefur nú barist í 43 bardögum á sínum atvinnumannaferli og unnið þá alla.

- esá

## Nóg um að vera á heimavelli í kvöld

**ÍPRÓTTIR** Það er nóg um að vera á íþróttavöllum landsins í kvöld en þá fara fram fjórir leikir í úrvalsdeildum karla í handbolta og körfubolta.

Botnlið Vals í N1-deild karla tekur á móti Íslandsmeisturum HK í afar mikilvægum leik. Valsmenn, sem eru með nýtt þjálfarateymi, töpuðu með einu marki gegn FH í síðustu umferð og þurfa sárlega á sigri að halda í botnbaráttunni.

Topplið Hauka, sem hefur tapað þremur leikjum í röð, fær tækifæri til þess að komast á beinu brautina gegn Akureyringum.

Í körfuboltanum þurfa nýkrýndir bikarmeistarar Stjörnunnar að fara upp



HVAÐ NÚ? Þjálfarar Vals fara yfir málin.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

í Breiðholt og spila gegn ÍR-ingum sem sitja á botni deildarinnar og verða að fara að næla í einhver stig.

- hbg

→ Leikir kvöldsins

### N1-DEILD KARLA

19.30 Fram - Afturelding  
18.00 Haukar - Akureyri  
19.30 FH - ÍR  
19.30 Valur - HK

### DOMINOS-DEILD KARLA

19.15 Snæfell - Fjöllir  
19.15 Grindavík - Skallagrímur  
19.15 ÍR - Stjarnan  
19.15 Njarðvík - KR

## ÚRSLIT

### MEISTARAEILD EVRÓPU

**GALATASARAY - SCHALKE** 1-1  
1-0 Burak Yilmaz (12.), 1-1 Jermaine Jones (45.)

**AC MILAN - BARCELONA** 2-0  
1-0 Kevin Prince Boateng (56.), 2-0 Sulley Muntari (81.)

### N1-DEILD KVENNA

**KR - GRINDAVÍK** 59-47

KR: Shannon McCallum 25/13 fráköst, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 11/10 fráköst, Helga Einarsdóttir 8, Björg Einarsdóttir 7, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 5/16 fráköst, Anna Ávarsdóttir 3.

Grindavík: Petrunella Skúladóttir 19, Crystal Smith 9, Helga Rut Hallgrímsdóttir 9/11 fráköst, Berglind Anna Magnúsdóttir 6, Jóhanna Rún Styrmsdóttir 2, Ingibjörg Yrsa Ellertsdóttir 2.

**HAUKAR - KEFLAVÍK** 67-58

Haukar: Sjarre Evans 21/19 fráköst, María Lind Sigurðardóttir 16/6 varin skot, Margrét Rósa Hálf-danardóttir 9, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 8, Dagbjört Samúelsdóttir 5, Gunnhildur Gunnarsd. 5.

Keflavík: Pálína Gunnlaugsdóttir 24/8 fráköst/8 stolnir, Bryndís Guðmundsdóttir 12/11 fráköst, Jessica Ann Jenkins 12, Sandra Lind Prastardóttir 4, Sara Rún Hinriksdóttir 4/8 fráköst.

**FJÖLNIR - NJARÐVÍK** 89-94

Fjöllir: Britney Jones 52/18 fráköst, Bergdís Ragnarsdóttir 17/9 fráköst/5 varin skot, Heiðrún Harpa Ríkharðsdóttir 7, Fanney Lind Guðmundsdóttir 5/6 fráköst, Birna Eiríksdóttir 3, Eyrún Líf Sigurðardóttir 3, Telma María Jónsdóttir 3.

Njarðvík: Lele Hardy 30/20 fráköst/8 stoðsendingar/8 stolnir, Marín Hrunn Magnúsdóttir 19, Guðlaug Björt Júlíusdóttir 9, Eyrún Líf Sigurðardóttir 8, Ina María Einarsdóttir 7, Sara Dögg Margeirsdóttir 7, Emelía Ósk Grétarsdóttir 7.

**VALUR - SNÆFELL** 46-60

Valur: Jaleesa Butler 23/15 fráköst, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 10, Kristrún Sigurjónsdóttir 8, Unnur Ásgeirsdóttir 3, Hallveig Jónsdóttir 2.

Snæfell: Alda Leif Jónsdóttir 14, Kieraah Marlow 14/12 fráköst, Hildur Kjartansdóttir 11, Berglind Gunnarsdóttir 10, Hildur Sigurðardóttir 8/11 fráköst, Rósa Indriðadóttir 3.

## visir.is

Nánar um leiki gærkvöldsins.

www.volkswagen.is



\*Miðað við Caddy TSI bensín, 86 hestöfl, beinskiptur. Aukahlutir á mynd, álfelgur og þokuljós.

Til afgreiðslu strax

Volkswagen Caddy

## Góður vinnufélagi

Caddy er áreiðanlegur, sparneytinn og þægilegur í allri umgengni. Lipur vinnubjarkur með frábæra aksturseginnleika og ríkulegan staðalbúnað. Hann er fáanlegur með bensín-, dísil- og metanvélum frá framleiðanda.

Caddy\* kostar aðeins frá

**3.190.000 kr.**

(2.541.833 kr. án vsk)



Atvinnubílar

# Kári á leið til Danmerkur

Landsliðsmaðurinn Kári Kristján Kristjánsson, leikmaður Wetzlar í Þýskalandi, skrifaði í gær undir samning við danska liðið Bjerringbro-Silkeborg. Línumaðurinn segist vera spenntur fyrir því að keppa um titla.

**HANDBOLTI** „Þetta er svokallaður einn plús einn samningur. Eins árs samningur með möguleika á framlengingu,“ sagði Kári Kristján kátur við Fréttablaðið. Hann klárar tímabilið með Wetzlar og flytur svo næsta sumar.

Línumaðurinn sterki, sem oftast en ekki er kallaður Heimakletturinn, óttast það ekki að binda sig í svo skamman tíma.

„Það eru tvær hliðar á þessum peningi. Ef ég meiðist get ég lent í vandræðum. Ef ég stend mig vel opnast örugglega margir möguleikar sem mér fannst líka heillandi. Ég ætla að koma inn með látum og standa mig vel. Þetta er svolítill áskorun líka og það finnst mér skemmtilegt.“

Það er búið að orða Kára við félagið síðustu vikur. Af hverju tók svona langan tíma að ganga frá samningum?

„Þeir komu og sáu mig gegn Hamburg fyrir jóla. létu mig svo vita að þeir ætluðu að skoða mig vel á HM. Það mót gekk svo vel hjá mér. Eftir HM fór allt á fullt. Ég fór í heimsókn til þeirra á dögunum. Þar skoðuðu lækningar mig ásamt því að við ræddum saman. Þá sá ég virkilega hversu spenntir þeir voru fyrir mér og ég var sjálfur mjög spenntur fyrir því að fara þangað,“ segir Kári og bætir við að hann hafi alltaf verið spenntur fyrir félaginu.

„Þarna er ég að fara í lið sem er að keppa um titla. Það er gaman að þeir hafa trú á mér í því verkefni. Þeir hafa mátt horfa á eftir Danmerkurtitlinum til AG og



HEIMAKLETTURINN Á FLUGI Kári Kristján mun flytja sig um set næsta sumar. Hann er hér í leik á HM, þar sem hann stóð sig mjög vel og heillaði forráðamenn danska liðsins.

NORDICPHOTOS/AFP

FCK síðustu ár og ætla sér að fara alla leið. Þetta er lið sem er alltaf sigurstranglegt og það finnst mér líka töff. Ofan á það kemur meistaraeild og svona. Þetta er mjög spennandi pakki og félagið afar metnaðarfullt.“

Kári hefur staðið sig mjög vel með Wetzlar í þýsku úrvalsdeildinni og hafði úr ýmsu að velja.

„Það hefur verið mjög gaman að spila í Þýskalandi í þessari sterku deild. Ég gat verið áfram í Þýska-

landi og var í viðræðum við lið þar í landi sem og annað danskt lið. Ég er spenntur fyrir því að komast til Danmerkur. Þar er menningin líkari því sem gerist heima,“ segir Kári en hann hittir fyrir hjá félaginu annan Íslending því Guðmundur Árni Ólafsson hefur leikið með Bjerringbro undanfarið ár.

Kári segir það vera góða tilfinningu að vera búinn að ganga frá sínum málum. „Það er ekki hægt að vera með lífið í lúkunum í júlí.

Það hefði því ekki verið gott að bíða of lengi. Ég hef samt svolítið gaman af þessum þreifingum. Það er alltaf smá stress og spennan en það er gaman að hafa úr ýmsu að velja og finna áhuga,“ segir Kári en hvornig er hann í dönskunni?

„Ég er svokallað tungumálakameljón. Ég bregð mér í allra kvikinda líki er það liggur vel á mér. Ég á ekki eftir að vera í vandræðum með þetta,“ segir Kári léttur.

henry@frettabladid.is






**20%**  
afsláttur  
af köstum

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

# KASTARADAGAR



**7.192**

Verð áður 8.990



**5.592**

Verð áður 6.990



**7.192**

Verð áður 8.990



**5.592**

Verð áður 6.990



**4.392**

Verð áður 5.490



**4.392**

Verð áður 5.490



**2.392**

Verð áður 2.990



**4.392**

Verð áður 5.490



**9.596**

Verð áður 11.995



**3.996**

Verð áður 4.995



**2.396**

Verð áður 2.995



**3.996**

Verð áður 4.995



**3.996**

Verð áður 4.995



**7.196**

Verð áður 8.995



**3.196**

Verð áður 3.995



**1.996**

Verð áður 2.495




**3.996**

Verð áður 4.995




**5.596**

Verð áður 6.995



**4.796**

Verð áður 5.995




**4.796**

Verð áður 5.995



**5.596**

Verð áður 6.995



**5.596**

Verð áður 6.995

Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.

## RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA  
Mán. til fös. kl. 9 - 18  
Laugard. kl. 10 - 16  
Sunnud. kl. 12 - 16





# HREYFÐU ÞIG, ÞAÐ ERU LÍKAMSRÆKTARDAGAR

20% AFSLÁTTUR FRÁ FIMMTUDEGI TIL SUNNUDAGS:





FIMMTUDAGURINN 21. FEB



# Í tilefni dagsins!



**Ath!**

Öll Skeljungskort gilda líka á Orkustöðvunum.

Í tilefni dagsins veita kort og lyklar Orkunnar og staðgreiðslukort Skeljungs **10 kr. afslátt** á bensinstöðvum Orkunnar og Shell **fimmtudaginn 21. febrúar.**

## Nýttu daginn vel!

Vinsamlegast athugið að afslátturinn bætist ekki við aðra afslætti.

Viðskiptavinir mega velja sér tilefni að eigin vali.

Sæktu um Orkulykilinn í dag á **www.orkan.is**



Símanúmer þjónustuvers: **578 8800**

## BÓKIN



„Ég var að klára Illsku eftir Eirík Örn Norðdahl. Hún er virkilega vel skrifuð og áhrifarík og fjallar um fordóma okkar litla samfélags hérna á Íslandi. Svo verð ég líka að nefna ævisöguna um Miles Davis, vin minn. Hún var svo opinská og ógeðsleg að ég hataði hann í mörg ár eftir að hafa lesið hana.“

Magnús Trygvason Eliassen trommuleikari

## Mamma hélt að ég yrði kynnrir

Fréttamaðurinn Freyr Gígja Gunnarsson lýsir Óskarsverðlauninum á sunnudag.

„Það verður ekkert erfitt að halda sér vakandi, bara nokkrir kaffibollar og smá kría yfir daginn,“ segir fréttamaðurinn Freyr Gígja Gunnarsson. Hann lýsir Óskarsverðlaunaathöfninni í beinni útsendingu á RÚV á sunnudag. Athöfnin hefst um miðnætti og tekur rúmar fjórar klukkustundir.

Freyr Gígja hefur verið einlægur aðdáandi Hollywood-stjarnanna um árabil og er því ótæmandi viskubrunnur þegar kemur að þeirra högum. Hann

viðurkennir þó fúslega að hann kvíði einnig fyrir kvöldinu. „Það verða örugglega einhverjir kvikmyndanirðir og áhugamenn um tísku sem munu fylgjast með hverju skrefi mínu og hverju orði, ég vona að ég komist hjá því að móðga þetta fólk. Ég er búinn að kynna mér tiskuna töluvert og hvaða leikkonur eru líklegastar til að stela sviðsljósinu á rauða dreglinum. Það verður sérlega forvitnilegt að sjá hvaða litir verða ráðandi á dreglinum í ár.“

Þegar móðir fjölmiðlamannsins

fékk veður af því að hann ætti að lýsa athöfninni taldi hún í fyrstu að hann yrði kynnrir á verðlaunahátíðinni sjálfri. „Hún hafði slíka tröllatru á syni sínum að hún hélt að hann væri endanlega búinn að meika það og væri hreinlega á leiðinni til Los Angeles að kynna Óskarinn. Hún varð þó ekkert allt of vonsvikin þegar hún komst að því að ég væri bara að lýsa athöfninni í beinni frá myndverinu. En hver veit hvað framtíðin ber í skauti sér,“ segir Freyr Gígja að lokum og hlær.



ÓSKARINN Í BEINNI Fréttamaðurinn Freyr Gígja Gunnarsson lýsir Óskarsverðlaunaathöfninni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Spilar á hommastað

Snorri Helga hitar upp fyrir John Grant á Heaven.

Snorri Helgason og hljómsveit hans hitar upp fyrir bandaríska tónlistarmanninn John Grant á tónleikum í Heaven í London 13. mars. Nú þegar er uppselt á tónleikana en staðurinn tekur um tvö þúsund áhorfendur.

Heaven er einn þekktasti næt-urklúbbur heimsins fyrir samkynhneigðra. „Ég veit ekki til þess að ég hafi áður spilað á sérstökum stað fyrir samkynhneigða en þetta verður örugglega bara gott. Þeir eiga eftir að elska Sillu, þeir gera það yfirleitt,“ segir hann og á við Mr. Silla sem spilar með Snorra.

Hann hlakkar mikið til tónleikanna. „Ég hef aldrei komið þarna sjálfur en þetta á að vera mjög skemmtilegur staður,“ segir Snorri, sem skar framan af vísingri í byrjun mánaðarinn í graf-laxslýsi en er á batavegi. „Við höfum aldrei spilað á svona stórum stað. Ég er eiginlega óþekktur þarna úti og fólk er að koma að sjá hann [Grant]. Þetta verður smá áskorun og við þurfum að vera helvíti góð til að ná í gegn.“

Það var Snorri sjálfur sem setti sig í samband við Íslandsvininn Grant og óskaði eftir því að hita upp og gekk það auðveldlega eftir. -fb

TIL LONDON Snorri Helgason er á leiðinni til London í mars. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



## Tekur skólabækurnar með á æfingu

Melkorka Davíðsdóttir Pitt leikur eitt af lykilhlutverkunum í verkinu Fyrirheitna landið – Jerúsalem sem er frumsýnt í Þjóðleikhúsinu á laugardaginn. Hún er vön leiksviðinu þrátt fyrir ungan aldur.

„Ég er miklu frekar spennt en kvíðin fyrir frumsýninguna, sem er gott,“ segir 15 ára leikkonan Melkorka Davíðsdóttir Pitt, sem fer með eitt af aðalhlutverkunum í leikritinu Fyrirheitna landið – Jerúsalem sem verður frumsýnt á laugardaginn í Þjóðleikhúsinu.

Melkorka er alvön leiksviðinu þrátt fyrir ungan aldur en hún hefur meðal annars leikið í Kardimommubænum og söngleikjunum Oliver og Galdrakarlinum í Oz. Nú er hún hins vegar í fyrsta sinn í fullorðinsleikriti og segir þá reynslu vera skemmtilega. „Þetta er öðruvísi en ég er vön. Í söngleikjum þarf maður að gefa mikla orku og syngja og dansa á sviðinu. Nú er þetta öðruvísi krefjandi og það reynir meira á leikinn,“ segir Melkorka en æfingar á verkinu hófust eftir áramót. „Æfingar hafa mest verið á kvöldin svo ég get alveg verið í skólanum. Svo reyni ég að taka skólabækurnar með og glugga í þær þegar ég hef tíma en það getur stundum verið erfitt að einbeita sér að þeim.“

Melkorka er í tíunda bekk í Landakotsskóla og stefnir á Menntaskólann í Reykjavík í haust. Hún segist vel geta hugsað sér að leggja leiklistina fyrir sér í framtíðinni en hún er einnig að læra ballett í Listdansskóla Íslands. Það var einmitt rétt fyrir balletttíma sem Guðjón Pedersen, leikstjóri verksins, gaf sig á tal við Melkorku og bað hana um að koma í prufu. „Ég hef verið að velja þessu svoltið fyrir mér og get alveg hugsað mér að fara í leiklist, dans eða kannski fatabönnun. Það er eitthvað sérstakt og heillandi við leikhúsið. Skemmtilegur andi og lífligt fólk.“

Leikritið Fyrirheitna landið



ALVÖN LEIKKONA Melkorka Davíðsdóttir Pitt segir hlutverk sitt í Fyrirheitna landinu – Jerúsalem reyna á leiklistarhæfileikana en hún er mjög spennt fyrir frumsýningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

– Jerúsalem skartar Hilmi Snæ Guðnasyni í aðalhlutverki en verkið er ekki talið við hæfi barna. Þetta er verðlaunaverk sem var frumflutt í London árið 2009 og fjallar um átök siðmenningarinnar og hins frumstæða.

Aðspurð hvort hún ætli að geri eitthvað sérstakt á frumsýningardaginn svarar Melkorka skynsam-

lega. „Ég held að það sé mikilvægast að sofa vel og borða hollan og góðan mat. Svo ætla ég að einbeita mér að því að hafa gaman að þessu. Við Saga Garðarsdóttir, sem er með mér í herbergi, deilum miklum súkkulaðiáhuga og ætlum að birgja okkur upp af því fyrir kvöldið.“

alfrun@frettabladid.is

Hef hafið störf á hársnyrtistofunni

**LaBella, Furugerði 3,**

sími **517 3322.**

Verið velkomin.

**LABELLA**

HÁRSNYRTI & FÖRÐUNARSTOFA



LINDA BJÖRK ÓMARSÐÓTTIR

**Nýr Rauðmági**  
- frá Ólafsvík og Rífi

**HARÐFISKUR**

- barinn og óbarinn

**LAXAFLÖK**

- beinhreinsuð og flott

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

## Dekkri hliðar handboltamanns

Súrrealíska stuttmyndin Handbolti er frumsýnd í dag.

Stuttmyndin Handbolti verður frumsýnd í Bíó Paradís í dag. Mundi Vondi leikstýrir myndinni og skrifaði hann einnig handrit hennar ásamt Vigfúsi Þormari Gunnarssyni. Með aðalhlutverk fara Vigfús Þormar, Þorsteinn Bachman, Walter Geir Grímsson, Frosti Gnarr og Kristín Lea.

Myndin fjallar á súrrealískan hátt um handboltamann sem er sérlega fær í sinni íþrótt en á sér myrkari hliðar. Vigfús Þormar fer með hlutverk handboltamannsins og fer létt með enda hefur hann iðkað íþróttina frá sjö ára aldri og á að baki nokkra Íslandsmeistarátitla. „Ég hætti í handboltanum þegar ég byrjaði í Kvikmyndaskólanum. Hugmyndin að myndinni er samt frá Munda, hann hafði ekki hugmynd um að ég væri íþróttamaður,“ segir Vigfús Þormar.

Handbolti er fyrsta mynd Vigfúsar Þormars, en áður hafði hann leikið í nokkrum minni verkefnum. Hann segir tókur hafa gengið hratt og vel fyrir sig og þakkar góðum samstarfsfélögum fyrir það.

Sýningin hefst klukkan 17.00 og er öllum velkomið að sækja hana.



FRUMSÝNING Stuttmyndin Handbolti, eftir Vigfúsi Þormari Gunnarssyni og Munda, er frumsýnd í Bíó Paradís í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**DRAUMARÚM**

# FERMINGARTILBOÐ

30-50%  
afsláttur af öllum  
heilsurúmum



120 x 200 cm rúm  
á fermingartilboði.


Verð frá  
**79.442**



\* Einungis er greitt 3,5% lántökugjald

12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing\*

**LEGUGREINING - BETRI SVEFN - BETRI HEILSA**



FAGLEG RÁÐGJÖF OG  
**FRÍ LEGUGREINING**

Mesta úrval landsins af heilsudýnum.

Heilsudýnur í öllum stærðum - úr öllum efnum.

RúmGott er eini aðilinn á Íslandi sem býður uppá legugreiningu.

Tilboð á arineldstæðum  
20-65% afsláttur

**SÍÐUSTU  
DAGAB**

Verð:  
34.900



Verð:  
44.900



**ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121  
Opíð virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · [www.rumgott.is](http://www.rumgott.is)

VERSLUNIN  
**Rúm  
Gott**  
ÍSLENSK HEILSURÚM



Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is  
 EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

LÖGFRÆÐIADSTOÐ  
**ORATORS**  
 - félag laganema við Háskóla Ísland



Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð  
 fimmtudaga milli 19:30 – 22:00  
 í síma 551-1012.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Lenti í öðru sæti

Fyrirsætan Ásdís Líska Karlsdóttir hélt til Noregs í upphafi mánaðar þar sem hún keppti við þrettán aðrar stúlkur um titilinn Ungfrú Filippseyjar í Skandinavíu. Ásdís var fyrsti og eini keppandinn frá Íslandi, en sigurvegarinn gæti farið svo langt að keppa í Ungfrú heimi. Ásdís náði frábærum árangri þar ytra og kom heim með þrenn verðlaun í farteskinu. Ekki er nóg með að skvísan hafnaði í öðru sæti í keppninni heldur þótti hún einnig flottust í sundfatnaði og hlaut vinsælda-verðlaunin.



### Blá afmælishátíð

Hannes Hólmsteinn Gissurarson, stjórnfræðingur og prófessor við Háskóla Ísland, hélt upp á sextugsafmælið sitt á þriðjudag. Í tilefni dagsins bauð Hannes áhugasömum á fyrirlestur um frjálshyggju sem fram fór í hátíðarsal Háskólans. Að fyrirlesturinum loknum var efnt til móttöku á Háskólatorgi þangað sem fjölmargir vinir og velunnarar Hannesar mættu. Þegar móttökunni lauk var hátíðahöldum þó alls ekki lokið því þá söfnuðust nánustu vinir Hannesar saman á Hótel Hólti og snæddu veislu máltíð. Forystumenn Sjálfstæðisflokksins í nútíð og fortíð voru áberandi meðal kvöldverðargesta og má nefna Bjarna Benediktsson, Jónmund Guðmarsson, Friðrik Sophusson, Davíð Oddsson, sem flutti ræðu, og Kjartan Gunnarsson, sem var veislustjóri.



### Mest lesið **VÍSIR**

- 1 „Ég varð að vernda Reevu“
- 2 Tólf ára tekinn af lífi
- 3 Ísraelskur hermaður gerir allt vitlaust með mynd á Instagram
- 4 Hávaðarífrildi og öskur heyrðust frá íbúðinni
- 5 Hátt í 100.000 höfrungar safnast saman fyrir utan San Diego

**Blaðberinn bíður þín**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið



# Gamanleikir á stóra sviðinu

<p><b>Fermingagjafir</b></p> <p>Verð frá, á mann í tvíbýli: <b>89.900 kr.</b></p> <p>Það er einstaklega gaman að að gefa fótboltaferð í fermingargjöf, eða jafnvel ferð í fótboltaskóla Chelsea í London. Gaman Ferðir geta útbúið draumaferðina fyrir öll fermingabörn sem hafa áhuga á fótbolta. Hringdu í 560-2000 eða sendu okkur póst á gaman@gaman.is til að fá nánari upplýsingar. Við erum einnig með úrval af tónleikaferðum og öðrum skemmtilegum ferðum sem henta vel sem fermingagjafir.</p>	<p><b>Tottenham – Sunderland</b> 17.–20. maí</p> <p>Verð frá, á mann í tvíbýli: <b>115.900 kr.</b></p> <p>Þetta verður síðasti heimaleikur Tottenham á tímabilinu og spurning hvort liðinu takist að tryggja sér sæti í Meistaradeildinni. Innifalið í pakkanum er flug með WOW air til London, gisting í 3 nætur á Hilton Euston Hotel með morgunverði, aðgangur að Lilywhite Lounge og miði á leikinn.</p>	<p><b>Man.Utd – Reading</b> 15.–17. mars</p> <p>Verð frá, á mann í tvíbýli: <b>93.900 kr.</b></p> <p>Það verður geggjað að vera á Old Trafford þegar Reading kemur í heimsókn í mars. Þetta er svo gaman. Innifalið í pakkanum er flug með WOW air til London, gisting í 2 nætur á Hotel Copthorne í Manchester með morgunverði og miði á leikinn.</p>
<p><b>Chelsea – Swansea</b> 26.–28. apríl</p> <p>Verð frá, á mann í tvíbýli: <b>109.900 kr.</b></p> <p>Það er alveg á hreinu að það verður fjór þegar Chelsea-klúbburinn á Íslandi og Gaman Ferðir skella sér saman á Chelsea – Swansea í ensku úrvalsdeildinni, það verður veisla. Innifalið í pakkanum er flug með WOW air til London, rútufærðir, gisting í 2 nætur á Chelsea-hótelinu með morgunverði og miði á leikinn.</p>	<p><b>Liverpool – West Ham</b> 5.–7. apríl</p> <p>Verð frá, á mann í tvíbýli: <b>109.900 kr.</b></p> <p>Það er magnað að vera á leik á Anfield. Það er bara eitthvað svakalegt í loftinu og þannig verður það pottþétt líka þegar West Ham kemur í heimsókn. Innifalið í pakkanum er flug með WOW air til London, gisting í 2 nætur á Premier Inn í Liverpool ásamt morgunverði og miði á leikinn.</p>	<p><b>Arsenal – Norwich</b> 11.–14. apríl</p> <p>Verð frá, á mann í tvíbýli: <b>103.900 kr.</b></p> <p>Hvernig væri nú að skella sér á Emirates Stadium og sjá Arsenal spila við Norwich? Þessi völlur er hrikalega flottur og ekki skemmir fyrir að Arsenal kann svo sannarlega að spila skemmtilegan fótbolta. Innifalið í pakkanum er flug með WOW air til London, gisting í 3 nætur á Hilton Euston Hotel með morgunverði og miði á leikinn.</p>

Bókaðu ferðina á draumaleikinn með Gaman Ferðum í samstarfi við WOW air. Farðu inn á gaman.is og bókaðu fótboltaferðina sem þig hefur alltaf dreymt um. Flogið er með WOW air, með miklu sætaþlássi og nóg af brosi um borð.

